



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**„...og gefi þér frið“**

*Yfirferð um blessunarhugtakið í Biblíunni og  
hin aronítíska blessun í sögu og samtíð*

Ritgerð til Mag. theol. -prófs í guðfræði

Viðar Stefánsson

Maí, 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Guðfræði

# „...og gefi þér frið“

*Yfirferð um blessunarhugtakið í Biblíunni og  
hin aronítíska blessun í sögu og samtíð*

Ritgerð til Mag. theol. -prófs í guðfræði

Viðar Stefánsson

Kt.: 031089-2559

Leiðbeinandi: Einar Sigurbjörnsson

Maí, 2014



## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>I hluti - Blessunarhugtakið í Biblíunni</b> .....	2
Fyrri hugrenningar guðfræðinemans .....	2
Vanræksla blessunarhugtaksins .....	4
<b>Gamla testamentið - בראי</b> .....	6
1. Mósebók .....	6
2. Mósebók .....	11
3. Mósebók .....	12
4. Mósebók .....	13
5. Mósebók .....	14
Jósúabók og Dómarabókin .....	17
Rutarbók .....	19
Samúelsbækur .....	20
Konungabækur .....	22
Kroníkubækur .....	24
Esra- og Nehemíabók .....	26
Jobsbók og Orðskviðirnir .....	26
Sálmarnir .....	28
Jesaja, Jeremía og Esekíel .....	30
Jóel, Haggái, Sakaríá og Malakí .....	32
<b>Nýja testamentið - εὐλογία</b> .....	33
Matteusarguðspjall .....	33
Markúsarguðspjall .....	34
Lúkasarguðspjall .....	34

Jóhannesarguðspjall .....	35
Postulasagan og Opinberunarbók Jóhannesar .....	35
Rómverjabréfið .....	36
Korintubréf .....	36
Galata- og Efesusbréfið .....	37
Hebreabréfið .....	38
Jakobsbréf og 1. Pétursbréf .....	39
<b>II hluti - Hin aronítíska blessun - Ritskýring</b> .....	<b>40</b>
Síðari hugrenningar guðfræðinemans .....	40
Hebreski textinn.....	42
Íslenskar biblíupýðingar.....	43
Erlendar biblíupýðingar .....	44
Fræðimenn.....	45
<b>III hluti - Blessunin og messan</b> .....	<b>50</b>
Helgisiðatillögur Lúthers .....	52
Blessunarorðin í íslenskum handbókum presta .....	52
Handbók 1981 og framkvæmd .....	54
<b>IV hluti - Samantekt</b> .....	<b>56</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>58</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>59</b>
Útgefnar heimildir .....	59
Heimildir af vefnum.....	65
<b>Viðauki I - Tilvik blessunarinnar í Biblíunni</b> .....	<b>66</b>
Gamla testamentið .....	66
Nýja testamentið .....	68

## Inngangur

Efni þessa verks snýr að stærstum hluta að blessunarhugtakinu í Biblíunni og umfjöllun um þau tilvik þar sem það er að finna í henni. Sérstaklega er fjallað um hina aronítísku blessun í 4Mós 6:22-27. Einnig er fjallað um framkvæmd hennar í messunni í sögu og samtíð. Uppbyggingu verksins er hægt að skipta í fjóra hluta:

I: Í fyrsta og lengsta hluta þessa verks er blessunin til umfjöllunar en í upphafi fá að fljóta með hugrenningar höfundar um blessunina og merkingu hennar, þó ekki sem uppfyllingarefni né fullgildri rannsókn, heldur til skerpingar á umfjöllunarefninu. Að þeim loknum og umfjöllun um vanrækslu blessunarhugtaksins meðal fræðimanna, er litið til blessunarinnar í Biblíunni (ברך í Gamla testamentinu og εὐλογία í Nýja testamentinu) og fjallað ítarlega um þau tilvik þar sem hún kemur fyrir, allt frá 1. Mósebók til Opinberunarbókar Jóhannesar. Reynt verður að gera grein fyrir hvað blessunin merkir eða getur merkt skv. því.

II: Brennidepill annars hluta er hin aronítíska blessun og ritskýring hennar. Litið verður á hebreska frumtextann og skoðuð fræðileg skýringarrit um hana og blessunina almennt. Einnig verða skoðaðar mismunandi biblíuþýðingar, bæði innlendar og erlendar. Rétt eins og í fyrsta hluta fá stuttar hugrenningar höfundar um hana einnig að fylgja með.

III: Helgisiðafræði, eða liturgik, er fræðasvið þriðja hluta og snýr þar sérstaklega að hinni drottinlegu blessun og framkvæmd hennar í sögu og samtíð. Leitast er sérstaklega við að svara því hvers vegna Marteinn Lúther valdi að nota hina aronítísku blessun í messunni. Sögu blessunarorðanna verður gerð nokkur skil samhliða umfjöllun um sögu messunnar sjálfar. Íslenskar handbækur presta eftir siðbót verða einnig skoðaðar og undir lokin verður sér í lagi litið á *Handbók íslensku kirkjunnar* frá 1981 og framkvæmd blessunarinnar skv. henni.

IV: Fjórði og síðasti hlutinn inniheldur samantekt á umfjöllun fyrri þriggja sem lýkur á lokaorðum. Samantektin byggist á rannsóknarspurningum þessa verks sem eru eftirfarandi:

Hvað merkir blessunin í Biblíunni? Hver er merking og boðskapur hinnar aronítísku blessunar í 4Mós 6:22-27? Hvað segir í hebreska frumtextanum? Hvers vegna valdi Marteinn Lúther hina aronítísku blessun fyrir messuna? Hvernig birtist blessunin í íslenskum handbókum presta fyrr og síðar? Og hvernig skal hin drottinlega blessun framkvæmd?

Vert er að taka fram áður en lengra er haldið að allar tilvísanir í Biblíuna miðast við þýðinguna frá 2007 sem og styttingar á ritum hennar nema annað sé sérstaklega tekið fram. Tilvísanir í sálma og sálmanúmer miðast við *Sálmabók íslensku kirkjunnar* frá 1997. Hebresk og grísk orð og setningar eru fengin í gegnum forritið *E-Sword*.

## I hluti - Blessunarhugtakið í Biblíunni

### Fyrri hugrenningar guðfræðinemans

Að vera blessaður virðist gjarnan hafa í för með sér að vera snertur af einhverju góðu sem oftast nær kemur frá æðra tilverustigi. Það gæti t.d. verið Guð eða einhver annar yfirnáttúrulegur kraftur eða vera sem blessunin kemur frá. Blessun veldur því þá einmitt að maður er í nánari tengslum við æðri máttarvöld og hljóti jafnvel krafta eða náðargjafir frá þeim. Eitthvað sem veitir viðkomandi öryggistilfinningu, eitthvað sem er hvetjandi til góðra verka og eitthvað sem lætur fólki finnast að það sé ekki eitt getur verið prýðisskýring á blessun og er e.t.v. nátengd hinni kristnu blessunarhugmynd.

Bölvun er oft slengt fram sem andstæðunni við blessun sem einmitt felur í sér andstæða hugsun gegn blessuninni, að æðri máttarvöld eða aðrir kraftar muni ekki vera viðkomandi hliðhollir eða að viðkomandi muni verða fyrir barðinu á illum öndum eða kröftum. Jafnvel getur það merkt að hinn bölvandi muni ekki tilheyra sama samfélagi eða hugarheimi og sá sem bölvandi honum. Blessun og bölvun geta því verið tæki mannsins til þess að óska annað hvort nærveru eða fjarveru annarra manna eða hluta t.d. er talað um blessað vorið og sumarið en aldrei um veturinn. Menn óska hver öðrum gleðilegs sumars en ekki gleðilegs vetrar. Skv. því væri blessun ósk um að hinn blessaði tilheyri sama samfélagi og umhverfi og sá sem blessar hann. Ef einhverjum væri aftur á móti bölvand kæmi einmitt sú ósk fram að viðkomandi hlutur eða aðili hverfi á vit annarra Guða eða krafta en hann sjálfur og útskúfi því viðkomandi úr samfélaginu sem hann tilheyrir, hvort sem það er samfélag Guðs eða mannsins sjálfs. Þess vegna er gjarnan bölvand eða blótað þegar illa gengur, við meiðum okkur eða einhver gerir á hlut okkar. Af þessu mætti dæma að stutt sé á milli blessunar og lofs annars vegar (Dæmi: „Blessunarlega spáir góðu veðri á morgun.“ eða „Guð fylgi þér í ferðinni“) og blóts og blótsyrða hins vegar (Dæmi: „Ég rak tána í andskotans þröskuldinn!“ eða „Helvítis bykkjan!“).<sup>1</sup>

Þessa hugsun má glöggst sjá í sálmbók okkar Íslendinga, *Sálmbók íslensku kirkjunnar* frá 1997. Eitt augljósasta dæmið úr bókinni er að finna í skírnarsálminum *Ó, blíði Jesús, blessa þú*, (nr. 252). Öllum foreldrum er annþ um börn sín og velferð þeirra og sú hugsun kemur skýrt fram í sálminum. Fyrsta erindi sálmsins er bæn til Jesús, að hann blessi barnið sem skírt er rétt eins og öll önnur börn sem hann hefur tekið að sér. Í 2. erindi heldur bænin áfram þar sem óskað er þess heitast að Jesús varðveiti barnið og að englar hans varni barninu frá slysum.

---

<sup>1</sup> Í fyrra dæminu gerir höfundur ráð fyrir því að öllum þyki gott veður æskilegt og að allir vilji komast klakklaust ferða sinna. Höfundur minnst í síðara dæminu ófárra sparka í þröskulda, þar sem á eftir fylgdi gjarnan reiði yfir staðsetningu hans og ósk um að hann væri ekki þar. Ennfremur er fátt verra í útreiðatúrum en slæmur farskjóti.

Bæninni lýkur í 3. erindi þar sem beðið er til Jesú að barnið muni vaxa í visku og náð<sup>2</sup> og að það muni lifa á þann hátt hér á jörðu að það fái vist hjá Jesú á himnum. Annan þekktari sálm er einnig hægt að taka sem dæmi. Í sálminum *Ó, Jesús, bróðir besti* (nr. 503) er Jesús beðinn um að breiða blessun sína á barnæskuna o.s.frv. Í báðum sálum kemur fram augljós bæn viðstaddra um að barnið beri góðan ávöxt og að það muni tilheyra ríki Guðs og þeim sem Jesús tekur að sér, rétt eins og viðstaddir. Einnig að Jesús varni því frá slysum og að barnið muni njóta verndar Guðs.

Þeir hlutir sem eru nefndir sem blessaðir í sálmaþókinni sýna einmitt glöggt að þeir séu góðir. Eitthvað sem lætur mann finna fyrir návist Guðs og eitthvað sem er gott að hafa í lífi okkar. Til að finna dæmi um slíkt þarf ekki að leita lengra en í heiti sálmanna eins og *Hvað boðar nýárs blessuð sól?* (nr. 104), *Ó, Jesús, lífsins blessað brauð* (nr. 239) og *Kom blessuð, ljóssins hátíð* (nr. 77). Einnig má nefna sálma sem biðja um blessun Guðs eins og *Ó, blessa, Guð, vort feðrafrón* (nr. 531) og *Vér biðjum þess að blessist skóli vor* (nr. 500). Í þessu samhengi mætti einnig benda á hið þjóðþekkta lag *Bráðum koma blessuð jólin*.

Allt þetta er nátengt þörfum flestra manna. Maðurinn vill í eðli sínu vera umvafinn einhverju góðu, hvort sem það eru manneskjur, hlutir, guðir eða eitthvað annað svo að honum vegni vel í lífi og starfi. Þessi hugsun kemur eilítið fram í tungumálum heimsins, t.d. íslensku. Hér á Íslandi heilsast menn gjarnan með blessunaróskum eins og: „Sæl og blessuð“. Hið sama er hægt að segja þegar fólk kveðst: „Vertu blessaður“ sem gjarnan er stytta sem: „Bless“. Blessunin getur einmitt verið tæki mannsins sem reynir að uppfylla þessar þarfir, að finna fyrir góðum og náðugum krafti sem fylgir og fleytir manni áfram í gegnum daginn. Maðurinn er einnig samfélagsvera og því getur blessunin verið aðferð til að vekja hjá honum þá tilfinningu að hann sé hluti af stærrri heild. Blessunin á að gefa fullvissu um góða nærveru. Í trúarlegu samhengi er átt við nærveru náðugs Guðs svo að einstaklingurinn geti borið höfuðið hátt í sérhverri þraut sem honum ber að höndum. Guð mun varðveita hann og sjá til þess að allt fari vel.

Þeir sem hljóta blessun og standa undir blessunarorðunum í kirkju eru einmitt viljugir til að vera hluti hins eina og sama samfélags og þiggja blessunina frá hinum eina og sanna Guði. Kirkjan er einmitt hópur fólks sem tilbiður Guð sem blessar söfnuð sinn. Sami Guð kemur sömu blessuninni til leiðar og því eru þeir sem eru blessaðir einn söfnuður og ein kirkja sem tilbiður hin eina og sanna Guð sem blessar.

---

<sup>2</sup> Ekki er ólíklegt að Ólafur Guðmundsson/Valdimar Briem, höfundur sálmsins hafi haft Lúk 2:52 í huga þegar hann orti sálminn: „Og Jesús proskaðist að visku og vexti og náð hjá Guði og mönnum“.



Sumir segja að viss atburður og/eða manneskjur hafi orðið sér til blessunar. Viðkomandi hefur þ.a.l. orðið honum til góðs og jafnvel viðreisnar eftir langan eða erfiðan tíma. Sem dæmi mætti nefna börn, sína heittelskuðu/sinn heittelskaða eða atburð sem hefur valdið viðsnúningi og e.t.v. komið á hárréttu augnabliki. Börn eru alltaf eitthvað sem fólk á að gleðjast yfir og þess vegna er mönnum fyllilega samt að tengja börn og blessun saman. Það er ekki að ástæðulausu sem talað er um „blessað barnalán“. Dæmi um þetta er hægt að sjá í hinum mörgu ættartölum Gamla testamentisins enda voru barneignir tákn um blessun Guðs. Þó mætti einnig varpa þeirri hugmynd fram að blessun eins getur verið bölvun annars og öfugt, rétt eins og í Slm 109.

### Vanræksla blessunarhugtaksins

Í bók sinni um blessunarhugtakið, *Blessing in the Bible and the Life of the Church*, lýsir Claus Westermann yfir furðu sinni á vanrækslu blessunarhugtaksins í fræðaheiminum þar sem forverar hans höfðu lítið sem ekkert fjallað um það. Leit jafnvel út fyrir að þeir hefðu ekki áhuga á hugtakinu eða tækju ekki eftir mikilvægi þess. Höfðu þeir jafnvel ekki meiri áhuga en svo að þeir nefndu það helst í neðanmálgreinum og höfðu það jafnvel ekki í orðalistum bóka sinna. Ennfremur finnst Westermann einkennilegt að stór og yfirgripsmikil rit um guðfræði og sögu Gamla testamentisins nefna hugtakið nánast í framhjáhlaupi og vísar Westermann í því sambandi til verka Eduard König, O. Procksch, Theodorus C. Vriezen og Walther Eichrodt.<sup>3</sup>

Nokkrir fræðimenn höfðu þó fjallað um blessunarhugtakið eins og Gerhard von Rad en hann blandaði því þó saman við hjálpræði Guðs (þýs.: *Heil*) og taldi það vera sama hlutinn. Blessunarhugtakið hefur þó ekki mikilvægu hlutverki að gegna hjá honum sem Westermann finnst ótrúlegt þar sem von Rad hafði skrifað skýringarrit við þau rit Biblíunnar sem fjalla hvað mest um blessunina, 1. og 5. Mósebók. Ludwig Köhler fjallaði nánar um hugtakið og öfugt við von Rad greindi hann milli blessunar og frelsunar Guðs. Frelsun sé atburður sem gerist á afmarkaðri stund eða augnarbliku en blessunin sé á hinn bóginn varandi ástand eða tímabil. Blessunin sé því eftirfari frelsunarinnar og varir í lengri tíma. Johannes Pedersen tók þessa hugmynd lengra og tileinkaði blessunarhugtakinu heilan kafla í bók sinni *Israel: Its Life and Culture*. Þar tengir hann saman sál mannsins og blessunina. Í stuttu máli taldi Pedersen að sálin (heb.: *Nephesh* - נפש), sem væri fyllt guðlegum krafti, hefði áhrif á tilveru mannsins og léti hann vaxa og dafna. Þennan kraft kölluðu Ísraelsmenn blessun (heb.: *Berakah* - ברכה). Hún

---

<sup>3</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 15-16.

hafði jafnframt áhrif á hvað maðurinn segði, gerði eða hugsaði og kom inn á mörg svið mannglegrar tilveru þó sér í lagi frjósemi sem er einmitt rauði þráðurinn í sögunum um Abraham. Fjöldi niðja væri því að öllum líkindum hin raunverulega merking blessunarinnar. Blessun er því lífið sjálft, hið andlega og hið líkamlega.<sup>4</sup>

Pedersen fjallaði einnig um það samband sem myndast manna á milli með blessuninni. Þeim sem er blessaður er gefinn góður og mikilvægur kraftur frá þeim sem veitir blessunina. Hann gefur honum hluta af sinni eigin sál og þannig geta menn haft samskipti sín á milli. Fólk blessaði hvert annað þegar það heilsaðist (rétt eins og stundum er gert hér á landi) og einungis þannig gátu menn haft samskipti sín á milli, komið tengingu manna á milli ef svo mætti segja. Allt var þetta gert til að styrkja samband á milli einstaklinga. Lágt settir gátu blessað þá sem voru settir skör hærra í samfélaginu til þess að stuðla að aukinni velferð þeirra, rétt eins og Job fjallar um í Job 31:16-22 (sjá sér í lagi v. 20) Blessun er því einnig viss virðingavottur manna á milli. Westermann er ekki alfarið ánægður með túlkun Pedersen þar sem hún virðist ekki vera byggð á sérstökum rannsóknum. Þrátt fyrir það segir Westermann að Pedersen sé sennilega sá fyrsti sem gerir grein fyrir mikilvægi blessunarhugtaksins að einhverju leyti og bendi jafnframt á að það komi víða fyrir í Gamla testamentinu.<sup>5</sup>

Sigmund Mowinckel kom með nýja útfærslu byggða á kenningu Pedersen og tengdi gjarnan við helgihaldið þar sem það náði hámarki í orðum blessunarinnar, enda kom fólk til þjónustunnar til að fá að heyra blessunarorðin, því til styrkingar sem einstaklingar og þjóðar. Tengsl voru einnig á milli hins skapandi Guðs og blessunarinnar þar sem lífið var það mikilvægasta í tilverunni en það er fengið frá Guði rétt eins og blessunin. Bæði lífið og blessunin fóru því að kallast heilög en þessa hugmynd er einnig að finna hjá flestum frumstæðum trúarbrögðum þessa tíma og hafa Ísraelsmenn því sennilega yfirfært þá hugmynd frá nágrannaþjóðunum.<sup>6</sup>

Próun trúarbragðanna úr frumstæðum trúarbrögðum yfir í siðferðisleg kerfi var Johannes Hempel umhugsunarefni. Hann taldi að blessunarhugmynd Gamla testamentisins væri nátengd galdrahugsun (ens.: *Magic*) frumstæðra trúarbragða. Rétt eins og bölvun væri blessunin „smitandi“ á milli manna og hefði ótvírða virkni, rétt eins og töfrar frumstæðra trúarbragða. Þetta hafi breyst þegar trú Ísraelsmanna þróaðist í átt að siðferðislegu kerfi þar sem helgiritum er hampað fremur en gjörðum hinna trúuðu. Blessun og bölvun voru því á

---

<sup>4</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 16-19.

<sup>5</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 19-20.

<sup>6</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 20-21.

endanum tekin úr frumstæðum einkennum trúarinnar og sett alfarið undir Guð sem leiddi til þess að blessunin varð að bæn og von en ekki einhverju sem virkaði samstundis. Það leiðir ennfremur til þess að mannum eru takmörk sett og kraftur Guðs er aukinn.<sup>7</sup>

Að mati Westermanns var hugtakið þó óþarflega lengi vanrækt í fræðunum og hann bendir á að enginn þeirra fræðimanna sem hefur verið fjallað um hér á undan fjalli nægilega um sögu blessunarinnar, hvað þá þau áhrif sem hún hafði á lýð Guðs. Þetta reynir Westermann einmitt að bæta með bók sinni þar sem vanræksla hugtaksins á sviðum biblíufræða hafi varið nógu lengi.<sup>8</sup>

Westermann fjallar þó í aðalatriðum um vanrækslu blessunarhugtaksins í Gamla testamentinu. Sú vanræksla á þó einnig við um Nýja testamentið hreinlega vegna þess að hugtakið er þar ekki fyrirferðarmikið og kemur hlutfallslega mun sjaldnar fyrir en í því gamla. Það gegnir jafnframt ekki jafn mikilvægu eða miðlægu hlutverki og í Gamla testamentinu og því er ekki að furða að blessunarhugtakið eigi ekki heldur upp á pallborðið hjá fræðimönnum á sviði nýja testamentisfræða.

## Gamla testamentið - בְּרָכָה

### 1. Mósebók

Það líður ekki á löngu áður en blessunina ber á góma í fyrsta riti Biblíunnar, 1. Mósebók. Það kemur strax fyrir í 1:22 eftir að Guð skapar dýr hafdjúpanna og fugla himins en þar segir: „Guð blessaði þau og sagði: „Frjóvgist og fjölgið ykkur...“. Þetta er jafnframt það fyrsta sem Guð gerir í Biblíunni fyrir utan að skapa eða gefa því sem hann skapar heiti. Blessunin sameinar Guð og sköpun hans, hvort sem það er land, menn eða dýr og það virðist vera eitt af einkennum 1. Mósebókar. Það má segja að í orðunum „frjóvgist og fjölgið ykkur“ sé fólgin útskýring á því hvað blessun Guðs merkir, þ.e. blessun = frjósemi. Þar sem Guð skapar er frjósemi nátengd Guði og af því leiðir að blessunin er frá honum komin þar sem hún er sér í lagi tengd henni. Af 1. Mósebók að dæma virðist frjósemi vera samnefni fyrir velgengni og eitt af hlutverkum ritsins er að sýna fram á að Guð stendur við loforð sín um blessunina en maðurinn fjölgar sér einmitt vegna þess að hann hlýtur blessun Guðs til þess. Óbeint dæmi um þetta má sjá í upphafi ritsins þar sem höfundur þess leikur sér, sennilega

---

<sup>7</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 21-22.

<sup>8</sup> Westermann 1978, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, bls. 23.

meðvitað með hljóðrím með sögnunum að blessa (ברך), að frjóvga, (פריה) að fjölga sér (רבה) og að skapa (ברא) og vill með því móti benda á merkingartengsl þeirra á milli.<sup>9</sup>

Eftir að Guð hefur skapað manninn eftir sinni mynd, karl og konu, blessar hann þau og segir nánast hið sama og við dýr hafdjúpanna og fugla himins: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina" (1:28). Maðurinn virðist þó eiga nánara samband við Guð þar sem hann segir þeim einnig að ríkja yfir öllum dýrum jarðarinnar. Blessunin kemur næst fyrir þegar Guð blessar „sjöunda daginn og helgaði hann því að þann dag hvíldist Guð frá öllu sköpunarverki sínu" (2:3). Það kemur þó á óvart að dagurinn sé blessaður þar sem hlutir eða einstaklingar eru venjulega blessaðir og leikur nokkur vafi á því á hvaða hátt dagurinn sjálfur geti verið blessaður. Það merkir sennilega að dagurinn sé helgaður eða tilheyri Guði en sú notkun er ekki algeng í 1. Mósebók en finna má þó annars staðar í Gamla testamentinu, t.d. Slm 118:24.<sup>10</sup>

Í fyrstu þrjú skiptin þar sem blessunin kemur fyrir er henni lýst með vísun til frjósemi eða helgunar. Í 1Mós 5:2, upphafinu á ættartölunni frá Adam til Nóa, er henni þó ekki lýst í fyrsta sinn þar sem segir: „Hann [Guð] skapaði þau karl og konu. Hann blessaði þau og kallaði þau menn er þau voru sköpuð" (5:2). Þó má færa rök fyrir því að ættartalan í sjálfu sér greini með óbeinum hætti frá virkni blessunarinnar.<sup>11</sup> Guð blessar einnig Nóa og syni hans í 9:1 en jafnframt er greint frá því hvað í henni felst með sömu orðum og í fyrri dæmum með vísun til frjósemi.

Guð blessar Abraham í 12:2 en þar segir Guð: „Ég mun gera þig að mikilli þjóð og blessa þig og gera nafn þitt mikið. Blessun skalt þú vera" en síðustu orðin koma einungis fyrir á tveimur öðrum stöðum í Biblíunni eða Jes 19:24 og Sak 8:13. Í næstu köflum á eftir er Abraham aðalsögupersóna ritsins þar sem blessunin kemur reglulega fyrir og alltaf í tengslum við hann. Í næsta versu á eftir eða í 12:3 blessar Guð jafnframt afkomendur hans og lofar að þeir muni hljóta blessun af Abraham. Guð mun enn fremur „leiða blessun yfir þá sem blessa þig og bölvun yfir þann sem formælir þér". Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem hugtökin blessun og bölvun koma fyrir saman í Biblíunni. Af blessun Abrahams að dæma er Guð augljóslega uppspretta alls hins góða og er nálægð hans mesta blessunin, enda gjarnan vitnað til Abrahams í tengslum við blessunina í 1. Mósebók, sem og víðar í Biblíunni, og eru því nátengd.<sup>12</sup>

---

<sup>9</sup> Wenham 1987, *Genesis 1-15*, bls. 23-25.

<sup>10</sup> Wenham 1987, *Genesis 1-15*, bls. 33 og 36.

<sup>11</sup> Wenham 1987, *Genesis 1-15*, bls. 126.

<sup>12</sup> Wenham 1987, *Genesis 1-15*, bls. 275-278.

Melkisedek, konungur í Salem blessar líka Abraham í 14:19 og í 14:20 lofar hann jafnframt Guð fyrir sigur Abrahams. Hér kemur einmitt fram uppfylling blessunarinnar í 12:3 þar sem Abraham er Melkisedek blessun.<sup>13</sup> Abraham er svo blessaður aftur í 22:17 eftir að Guð hefur reynt hann í 22:1-10 og loforð Guðs gagnvart honum eru þar yfir og allt um kring. Þar er honum aftur tjáð að Guð muni blessa<sup>14</sup> hann og fjölga niðjum hans þannig að þeir verði jafnmargir og stjörnur himins og sandur á sjávarströnd (22:17). Í hebreska textanum er einmitt lögð áhersla á blessunina til þess að sýna hvað Guð hefur í hyggju með Abraham.<sup>15</sup> Af blessuninni og Abraham og fjölskyldu hans að dæma er blessun og frjósemi nánast hið sama. Það er þó ekki fyrr en Abraham verður gamall sem höfundur 1. Mósebókar tilgreinir með beinum hætti að hann sé blessaður í 24:1. Í kjölfarið lofar þjónn Abrahams Guð með vísun til húsbónda síns í 24:27, 35 og 48. Laban virðist einnig taka eftir því að Guð hefur blessað Abraham og lið hans í 24:31.<sup>16</sup>

Blessuninni bregður einnig fyrir í 25:11 og 26. kafla þar sem Ísak, sonur Abrahams er umfjöllunarefnið. Strax eftir dauða Abrahams í 25:10 blessar Guð Ísak en það gefur tóninn fyrir næstu kafla á eftir og umfjöllunarefni þeirra.<sup>17</sup> Í 26:3-4 er loforð Guðs gagnvart Ísak sett fram og er keimlíkt því sem finna má í 2:17-18 þar sem Guð reyndi Abraham en Ísak hefur mögulega heyrt heyrt þau<sup>18</sup>: „Ísak sáði í þessu landi og uppskar á því ári hundraðfalt. Þannig blessaði Drottinn hann" (26:12). Einungis hér er greint frá því að einhver af ættfeðrunum hafi sáð og uppskorið ríflega. Hér er sönnun þess að Guð lítur eftir Ísak og verndar hann og að blessun Guðs sé að verki í lífi hans. Blessun Guðs er því ekki einungis táknuð með frjósemi heldur einnig veraldlegum gæðum. Frjósemin er engu að síður oftár táknuð rétt eins og í 26:24: „Ég mun blessa þig og gera niðja þína fjölmenna vegna Abrahams, þjóns míns". Í 26:29 fer Abímelek ásamt Akúsat og Píkól að hitta Ísak. Abímelek tekur greinilega eftir því að Ísak er blessaður af Guði en með því að nefna það sérstaklega reynir hann að tryggja sér sína eigin blessun.<sup>19</sup> Augljóst er því að fólk gat séð hvort fólk var blessað eða ekki, enda var e.t.v. augljóst milli heimila hvort það naut velmegunar eður ei. Það sem við myndum e.t.v. kalla velgengni eða velmegnun kallar 1. Mósebók, og e.t.v. Gamla testamentið í heild sinni, blessun.

---

<sup>13</sup> Wenham 1987, *Genesis 1-15*, bls. 317.

<sup>14</sup> Blessunin er hér í frumtextanum tvisvar til áhersluauka.

<sup>15</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 111-112.

<sup>16</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 146.

<sup>17</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 160.

<sup>18</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 189.

<sup>19</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 191-192.

Í 1. Mósebók kemur blessunin hvað oftast fyrir í sögunni þegar Jakob, sonur Ísaks blekkir föður sinn í 27. kafla. Ísak er orðinn gamall, byrjaður að sjá illa og veit ekki hvað hann á langt eftir. Hann vill því blessa Esaú, elsta son sinn, áður en hann deyr. Til þess að hann geti það sendir hann Esaú til að veiða villibráð og elda eftirlætisrétt föður síns og gefa honum (27:1-5). Rebekka, kona Ísaks heyrir þetta og greinir Jakobi frá því sem Ísak hafði sagt Esaú. Hún vill frekar að Jakob fái blessunina og segir honum því að færa sér tvo kiðlinga svo hún geti tilreitt Ísak ljúffengan rétt fyrir Jakob sem hann skuli svo færa föður sínum til þess að hljóta blessun hans. Jakob hefur þó áhyggjur af því að hann muni þekkja hann þar sem hann sé ekki loðinn á höndunum eins og Esaú bróðir sinn og mun Ísak þá sennilega leiða yfir hann bölvun fyrir að reyna að blekkja föður sinn. Rebekka segir þó að bölvunin kæmi yfir sig og segir honum að hlýða sér sem hann gerir. Hún lætur hann ennfremur klæðast viðhafnarklæðum bróður síns og lætur kiðskinnin um hálsinn á honum og hendur og sendir hann inn til föður síns (v. 6-17).

Ísak er ekki viss hvort þetta sé Esaú sem gengur inn. Jakob svarar honum þó að hann sé Esaú, frumburður hans, og Ísak sannfærast að lokum. Þegar hann hefur snætt réttinn blessar hann Jakob og honum tekst því að blekkja föður sinn og stelur blessun Esaú (v. 18-29).<sup>20</sup> Um leið og Jakob er farinn kemur Esaú og allt uppgötvast. Esaú sárþænir föður sinn um að blessa sig en Ísak mótmælir í fyrstu. Sökum þess að Esaú bókstaflega grátbiður hann veitir Ísak Esaú þó blessun sem er ekki upp á marga fiska (v. 30-40).

Aldrei er Guð nefndur í þessari sögu nema þegar Ísak blessar Jakob. Blessun hans á þó skringilega vel við Jakob þar sem hún á mun betur við hann heldur en Esaú sem var veiðimaður. Þrátt fyrir að blessun Esaús innihaldi von er hún ekki nærri því jafn góð og sú sem Jakob fékk. Þegar litið er á hebreska textann kemur t.d. í ljós að hann þráði svo sannarlega að blessa Esaú þar sem segir í 27:4: „Svo að sál mín geti blessað þig“. Blessunin sem Jakob fær er þó öðruvísi en þær blessanir sem hafa áður komið fyrir í 1. Mósebók að því leyti að ekki er minnst á fjölda niðja eða frjósemi, í besta falli með óbeinum hætti. Það bendir til þess að blessunin var handa þeim sem ekki átti jafn náð samband við Guð og Abraham og var því að öllum líkindum frekar hugsuð fyrir Esaú heldur en Jakob.<sup>21</sup>

Ísak blessar Jakob aftur í 28:1 og 3 þar sem hann er sendur til Mesópótamíu en í v. 3 er minnst á frjósemi og að blessun Abrahams muni vera með honum og niðjum sínum. Þetta er allt önnur blessun en Ísak hafði undirbúið fyrir Esaú og minnir sterklega á blessun Abrahams

---

<sup>20</sup> Til gamans má geta að Jakob fær síðar sjálfur frumburð sem honum líkar ekki vel við þegar hann leggst með Leu, elstu dóttur Labans, en ekki Rakel sem var yngri dóttir hans og Jakob elskaði (1Mós 29:15-30).

<sup>21</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 206, 209-210.

og loforða Guðs gagnvart honum. Stuttu síðar eða í 28:14 er hann blessaður af Guði í draumi en þar gefur Guð honum fyrirheit um að niðjar hans verði fjölmennir og að allar ættkvíslir jarðarinnar munu hjóta blessun af þeim. Laban, móðurbróðir Jakobs er greinilega meðvitaður um að hann sé blessaður af Drottni þegar hann segir: „Spádómur hefur sannfært mig um að Drottinn hefur blessað mig fyrir þínar sakir." (30:27). Hinir blessuðu geta þ.a.l. „smitað" aðra af sinni blessun, þeim til heilla. Slík hugsun kemur t.d. fram síðar í ritinu þegar Guð blessar hús Pótífars vegna Jósefs, sem Pótífar treysti. Traust hans varð húsi hans til blessunar vegna þess að Jósef var blessaður þrátt fyrir að hann væri útlendingur. Stutt er því einnig á milli nálægðar Guðs og blessunar.<sup>22</sup> Eins og áður segir virðist það einnig sjást utan á fólki ef það er blessað. Jakob er einmitt meðvitaður um að hann hafi verið Laban til blessunar þar sem hann átti lítið áður en hefur nú margfaldast við það eitt að hafa Jakob nærri með því að segja: „Drottinn hefur blessað þig við hvert fót mál mitt" (30:30).

Í Jakobs glímuni (32:22-32) segir Jakob að hann muni ekki sleppa manningnum nema hann blessi sig. Jakob veit að hann hefur yfirhöndina og nýtir því tækifærið til að reyna að fá blessun frá manningnum, enda er auðséð síðan í 27. kafla að hann beitir öllum brögðum til að öðlast blessun.<sup>23</sup> Þá spyr maðurinn hann að nafni sem sýnir, rétt eins og þegar Jakob blekkti föður sinn, að ekki er hægt að blessa einstakling nema vita nafn hans. Það er samt óneitanlega skrítið fyrir guðlega veru að spyrja Jakob til nafns þar sem hún ætti að öllum líkindum að vita það hvort eð er.<sup>24</sup> Jakob fær þó blessunina sem hann þráði að lokum. Hann fær nýtt nafn, Ísrael, hann er ekki bara einstaklingur heldur orðin að heilu samfélagi, heilli þjóð og fær nýtt upphaf. Guð treystir Ísrael fyrir mætti sínum og blessun.<sup>25</sup> Guð nefnir hann svo sjálfur Ísrael eftir að hann blessar hann í 35:9-10. Eftir Jakobs glímuna reynir Jakob að sættast við Esaú með því að færa honum gjöf. Esaú vill hins vegar ekki taka við henni í fyrstu en eftir að Jakob býður honum blessunina, sem á íslensku er þýdd sem gjöf, getur Esaú ekki annað en samþykkt sáttatillögu bróður síns. Jakob getur einnig verið án blessunarinnar þar sem hann hefur allt sem hann þarfnast og er orðinn að þjóð sem nýtur blessunar Guðs hvort eð er.<sup>26</sup>

Undir lok 1. Mósebókar einskorðast blessunin við sögur af Jakobi og blessanir hans í k. 47-49. Hann heilsar og kveður faraó með blessun og óskar honum þ.a.l. velgengni, (47:7 og 10), hann greinir frá því við Jósef að Guð blessaði hann í Lús (48:3) og hann blessar syni Jósefs

---

<sup>22</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 374.

<sup>23</sup> Brueggemann 1982, *Genesis*, bls. 268.

<sup>24</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 296.

<sup>25</sup> Brueggemann 1982, *Genesis*, bls. 268-269.

<sup>26</sup> Westermann 1988, *Genesis*, bls. 233.

rétt eins og faðir hans gerði og minnir blessunin jafnvel á hana (48:15, 16 og 20).<sup>27</sup> Að lokum blessar hann syni sína tólf (49:2-27) en blessunin kemur alls níu sinnum fyrir í 49:25-28 sem sýnir vel fram á hversu mikilvægu hlutverki blessunin gegnir í 1. Mósebók. Jakob, sá sem svindlaði til að öðlast blessun í 27. kafla blessar nú allar ættkvíslir Ísraels.<sup>28</sup>

## 2. Mósebók

Miðað við hversu miklu hlutverki blessunin gegnir í 1. Mósebók kemur mjög á óvart hversu sjaldan það kemur fyrir í næsta riti, 2. Mósebók. Fyrsta tilfellið er ekki fyrr en í 12:32 þar sem Faraó biður Móse og Aron og alla Ísraelsmenn í Egyptalandi um að yfirgefa landið. Hann biður þá í kjölfar þess að Guð laust alla frumburði í Egyptalandi til bana. Í v. 31-32 biður hann þá um að fara og að taka með sér allan búpening sem þeir eiga. Undir lokin segir hann við þá: „Farið og biðið einnig fyrir mér“ (12:32) Faraó hafði áður afneitað Guði Móse og Arons en biður þá núna um blessun (hans), sem á íslensku er þýdd með sögninni að biðja. Faraó hefur fundið fyrir mætti Guðs og gerir sér grein fyrir að hann megnar ekkert gegn honum og biður því nú með beinum hætti um vernd hans.<sup>29</sup> Í kjölfarið hefst brottför Ísraelsmanna frá Egyptalandi.

6 köflum síðar eða í 18:10 er næsta tilvik en þar lofar Jetró Guð fyrir að hafa bjargað Ísraelsmönnum úr greipum Egypta og er þetta eina tilfellið þar sem blessunarhugtakið er notað í lofgjörð í 2. Mósebók. Jetró notar *Berakah-Jahwe* (ברכה יהוה) formúlu sem er ekki bæn heldur boðunarlegt orðalag (ens. *Kerygmatic Utterance*) sem á að tjá gleði yfir verkum Guðs og að gera þau heyrinkunnug.<sup>30</sup>

Þrisvar sinnum er blessunin notuð í boðum frá Guði. Í fyrsta skiptið er það nefnt í tengslum við þriðja boðorðið.<sup>31</sup> Eftir að greint hefur verið frá því að Guð skapaði allt á sex dögum og hvíldist á þeim sjöunda er greint frá því að „Þess vegna blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann“ (20:11). Blessunina er einnig að finna í tveimur lögum sem koma beint frá Guði. Annars vegar í lögum um altarið (20:24) og hins vegar í lögum þess efnis að þjóna Guði og engum öðrum guðum (23:25). Í fyrra tilvikinu er það notað til að vísa til þess hversu stutt er á milli nálægðar Guðs og blessunarinnar með orðunum: „Á hverjum þeim stað, þar sem ég læt nefna nafn mitt, mun ég koma til þín og blessa þig“ Í hinu síðara eru gefin upp

<sup>27</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 464-465.

<sup>28</sup> Wenham 1994, *Genesis 16-50*, bls. 486.

<sup>29</sup> Durham 1987, *Exodus*, bls. 167.

<sup>30</sup> Durham 1987, *Exodus*, bls. 244.

<sup>31</sup> „Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan“.



forréttindi þess að fylgja bara Guði. Ekki tengist það frjósemi mannsins eins og í 1. Mósebók, heldur blessun brauðsins sem hann leggur sér til munns og vernd frá sjúkdómum.

Að lokum er blessunina að finna á tveimur stöðum þar sem Móses er í aðalhlutverki. Hið fyrra er undir lok sögunnar um gullkálfinn í k. 32, nánar tiltekið í 32:29. Eftir að Móses kemur niður af fjallinu lætur hann fólkið bera ábyrgð á gjörðum sínum með því að láta hvern og einn drepa bróður sinn, vin og nágranna. Þegar því er lokið og 3.000 manns liggja í valnum skipar hann hverjum og einum að finna til gjöf handa Guði „svo hann blessi ykkur í dag“ (32:29). Gjörðir (syndir) þeirra kalla á afdráttarlausa iðrun svo Guð megi virða þá viðlits og blessa þá. Framtíð þjóðarinnar er í húfi og samband hennar við Guð er meira virði en öll önnur sambönd.<sup>32</sup> Hið síðara er undir lok ritsins í 39:43 þar sem Móses blessar mennina sem gerðu tjaldbúðina, sáttmálsörkina, altarið og klæðin fyrir prestana nákvæmlega eins og Guð hafði fyrirskipað honum án þess að blessunin sé útskýrð nánar. Þetta minnir eilítið á sköpunarsöguna þegar Guð sá að það var gott. Móses blessar fólkið og undirbýr það þannig fyrir síðustu gjöf Guðs, vígslu helgidómsins og komu Guðs.<sup>33</sup>

### 3. Mósebók

Blessunarhugtakið er einungis að finna í þremur versum í 3. Mósebók, 9:22, 23 og 25:21. Í fyrsta tilvikinu hefur Aron upp hendur sínar og blessar fólkið eftir að hafa fært fórn sína. Því næsta ganga hann og Móses inn í samfundartjaldið og „Þegar þeir komu út aftur blessuðu þeir fólkið. Þá birtist dýrð Drottins allri þjóðinni“. Að blessa fólkið var ein af skyldum prestanna eins og sjá má í 5Mós 10:8. Blessunin kemur hér undir lokin eins og venja var í þjónustunni og er enn þann dag í dag. Fólkið kom líka til þess að fá blessunina og er hún markmið þjónustunnar sem allir eru komnir til. Móses og Aron hafa sennilega farið inn í samfundartjaldið, fengið blessun Guðs og komið henni svo áleiðis þegar þeir komu aftur út,<sup>34</sup> enda er Guð guð allra manna en ekki einhverra útvaldra einstaklinga. Í þriðja og síðasta tilfellinu sem er í 25:21 er það Guð sem talar út frá umræðu um hvíldarár landsins, Drottni til dýrðar, þar sem ekki má rækta neitt sjöunda hvert ár. Hér svarar Guð vangaveltu lesenda í vers 20: „Þegar þið spyrjið: Hvað eigum við að eta sjöunda árið þegar við megum hvorki sá né hirða uppskeru okkar?“. Sjötta árið verður ríkulega blessað af Guði og uppskeran mun nægja til þriggja ára. Óþarfi er að óttast, Guð mun sjá til þess að nægur matur verði til frá árinu áður.

---

<sup>32</sup> Fretheim 1991, *Exodus*, bls. 289.

<sup>33</sup> Durham 1987, *Exodus*, bls. 496-497.

<sup>34</sup> Hartley 1992, *Leviticus*, bls. 123-124.

#### 4. Mósebók

Í 4. Mósebók kemur blessunin fyrst fyrir í hinni aronítísku blessun í 6:22-27. Sökum þess að sérstaklega er farið yfir þau síðar í þessu verki verður ekki fjallað um þau hér.

Utan 6. kafla kemur blessunin einungis fyrir í köflum 22-24 í sögunni af Balak og Bíleam. Í upphafi (22:1-7) sendir Balak menn til Bíleams til að ná í hann til að bölvna Ísraelsmönnum því hann veit að „sá er blessaður sem [hann] blessar og sá bölvandiur sem [hann] bölvnar" (22:6). Hér er auðséð að fólk trúði verulega á mátt hins talaða orðs.<sup>35</sup> Mennirnir fara til hans og gista um nóttina. Guð vitjar Bíleams og segir honum að hann skuli ekki fara með þeim og skal ekki bölvna þjóðinni vegna þess að hún er blessuð (22:7-14). Síðar koma mennirnir aftur og biðja hann aftur um að koma með sér til að bölvna Ísraelsmönnum fyrir Balak. Guð vitjar þá Bíleams aftur og segir honum að ferðbúast en gera einungis það sem hann býður honum (22:15-20).

Eftir að hafa fært Guði brennifórnir á sjö ölturum ásamt Balak flytur Bíleam boðskap Guðs sem er á þá leið að hann geti ekki formælt þeim sem Guð formælir ekki og blessar þá um leið (23:1-10). Reiðist því Balak sem spyr hann hvað í ósköpunum hann hafi gert: „Ég sótti þig til að bölvna fjandmönnum mínum en nú hefurðu margblessað þá" (23:11). Balak vonast til þess að bölvun Bíleams trompi blessun Guðs sem sýnir aftur fram á mátt hins talaða orðs.<sup>36</sup> Þeir endurtaka leikinn á Pisgatindi og aftur flytur Bíleam boðskap Guðs. Þar segir m.a.: „Ég tók að mér að blessa, því blessa ég og tek það ekki aftur. Ekki er böll að sjá í Jakobi né eynd í Ísrael" (23:20-21) Af þessu að dæma virðist varla vera hægt að taka blessun Guðs til baka rétt eins og þegar Jakob blekkti föður sinn.<sup>37</sup> Þrátt fyrir að formæla ekki Ísrael biður Balak Bíleam um að vinsamlegast hætta að blessa þjóðina í 23:25, nóg er nú samt (23:13-26). Þrátt fyrir að þeir reyndu aftur á þriðja staðnum, á Peórtindi, var boðskapur Guðs á sömu leið: „Blessaður sé hver sem blessar þig, bölvandiur hver sem bölvnar þér." (24:9). Skv. þessu miðlar Ísrael blessun Guðs manna á milli, enda tilheyrir þjóðin Guði.<sup>38</sup> Balak reiðist mjög við þetta og vísar honum heim til sín og bendir á að nú hafi hann blessað þá þrisvar.<sup>39</sup> Áður en Bíleam fer flytur hann síðasta boðskap Guðs um það hvernig Ísraelsmenn munu fara með þjóð Balaks. Útlitið skv. boðskapnum er ekki bjart fyrir Balak. Að lokum skiljast leiðir þeirra (24:11-25).

---

<sup>35</sup> Budd 1984, *Numbers*, bls. 265.

<sup>36</sup> Noth 1968, *Numbers*, bls. 184-185.

<sup>37</sup> Noth 1968, *Numbers*, bls. 186.

<sup>38</sup> Noth 1968, *Numbers*, bls. 191.

<sup>39</sup> Hér í 24:10, rétt eins og í 23:11 og 23:25, er blessunin höfð tvisvar til áhersluauka.

Það er auðséð skv. sögunni að Balak óttaðist Ísraelsmenn en hann trúði á mátt hins talaða orðs, sér í lagi ef hann fengi mann sem hefði auðséð áhrif á þá sem hann blessaði eða bölvaði. Bíleam er þó fastur í trú sinni á Guð og blessar þ.a.l. Ísraelsmenn fjórum sinnum. Sagan sýnir að enginn getur staðið gegn Ísraelsþjóðinni, sama hversu langt þeir eru tilbúnir að ganga til þess og er blessunin hér notuð til að sýna fram á tilgangleysi mótstöðumanna Ísraels.<sup>40</sup> Ísrael mun að lokum standa uppi sem sigurvegari sem hin eina og útvalda þjóð Guðs.

## 5. Mósebók

Næstum öll 5. Mósebók er lögð Móse í munn. Það sem hann segir er að mestu leyti frá Guði komið enda er hann valinn af Guði til þess að koma sínum boðskap og kenningum áleiðis til þjóðar sinnar. Öll tilvik blessunarinnar í ritinu eru því lögð Móse í munn og blessar hann sjálfur ættkvíslir Ísraels undir lok ritsins. Blessunin sjálf er þó ávallt frá Guði komin.

Einungis tvisvar í ritinu er blessunin hluti lofgjörðar, í 8:10 og 33:20. Í báðum tilvikum er lofgjörðin tengd landinu. Í 8:10, sem mögulega er hymni að uppruna,<sup>41</sup> er greint frá því að maður skuli lofa Guð þegar maður er orðinn mettur af gæðum landsins. Í versinu þar á eftir er þó varað við því að gleyma ekki Guði og hætta að hlýða boðum hans, ákvæðum og lögum. Í 33:20, sem er hluti af blessunarorðum Móse undir lok ritsins er lofaður sá sem eykur við land Gaðs. Þó mætti tína til þriðja tilvikið í 26:12-15. Þar eru lög sem segja til um að eftir að maður hafi greitt tíund af uppskerunni og fengið þeim sem hana eiga að fá<sup>42</sup> skuli maður biðja Guð um blessun þar sem maður hafi hlýtt boðum hans. Í v. 15 er bæn einstaklingsins fyrir blessun Guðs handa allri þjóð Guðs: „Lít niður úr þínum heilaga bústað, frá himninum, og blessaðu lýð þinn, Ísrael, og landið sem þú hefur gefið okkur eins og þú hést feðrum okkar, land sem flýtur í mjólk og hunangi“.

Eins og fyrr segir blessar Móse ættkvíslir Ísraels og kemur blessunin þar fyrir sex sinnum í næst síðasta kafla ritsins, 33. kafla. Hugtakið sjálft kemur fyrir í upphafi þegar greint er frá því að Móses blessaði Ísraelsmenn áður en hann dó í 33:1. Fimm sinnum kemur svo blessunin fyrir í hinum eiginlegu blessunum Móse en þó ekki öllum þeirra. Blessunin kemur fyrir í blessun Levís í v. 11, Jósefs í v. 13, Gaðs í v. 20, Naftalís í v. 23 og Assers í v. 24. Alltaf er það að finna í fyrsta versni hvernar blessunar nema Levís (v. 8-11). Blessun hans er jafnframt tengd eignum hans. Sagan af gullkálfinum er þó ekki langt undan þar sem Levítarnir refsuðu

---

<sup>40</sup> Budd 1984, *Numbers*, bls. 271.

<sup>41</sup> Christensen 2001, *Deuteronomy 1:1-21:9*, bls. 174.

<sup>42</sup> Levítinn, aðkomumaðurinn, munaðarleysinginn og ekkjan.

þeim sem tilbáðu kálfinn. Fyrir það var þeim svo gefið starf presta en þar er sérstaklega minnst á að eitt af hlutverkum þeirra sé að blessa eins og greint er frá í 10:8 og 21:5.<sup>43</sup> Blessun Jósefs (v. 13-17) snýst um blessun landsins og gæði þess. Sér í lagi er vísað til náðar „hans sem í þyrnirunnum býr“ (v. 16) sem minnir á köllun Móse í 2Mós 3:1-6 þar sem Guð birtist Móse í brennandi þyrnirunna.<sup>44</sup> Þriðja blessunin er í blessun Gaðs (v. 20-21) og er sá lofaður sem eykur við land hans. Hér er þó sennilega átt við menn fremur en land. Af blessunum Móse undir lok ritsins er sú sem Gað hlotnast sérstök að því leyti að hún er sú eina sem snýst um að hjálpa ættbálki hans. Blessun Naftalís (v. 23) felur ekki margt í sér en greint er frá því að hann sé „saddur af velvild, mettaður af blessun Drottins. Hann skal hljóta vatnið og Suðurlandið“. Að lokum er Asser (v. 24-25) blessaður meira en hinir synirnir og baðar hann fót sinn í olíu sem er vísun til þess að mikið af ólífuolíu var unnin í landi hans í Galíleu.<sup>45</sup>

Átta sinnum er blessun Guðs að finna í versum sem innihalda orðalagið: „í öllu sem þú hefur tekið/tekur þér fyrir hendur“.<sup>46</sup> Tvisvar sinnum kemur það fyrir í öðru samhengi. Annars vegar í samhengi bölvunar Guðs í 28:20 og hins vegar ávinninga þess að elska Guð af öllu sínu hjarta í 30:9. Orðalagið virðist vera föst formúla sem kemur undir lok setningar en frumlagið í versunum er ávallt Guð. Eitt skýrasta dæmið um þetta er í 28:12: „Hann mun blessa hvert það verk sem þú tekur þér fyrir hendur...“.

Blessun og bölvun er umfjöllunarefni í 11:26-32 en blessunin kemur þar fyrir í v. 26, 27 og 29. Greint er frá því að blessunin muni tilheyra þeim sem hlýða boðum Drottins en bölvun þeim sem gera það ekki. Það er ennfremur útskýrt með þeim hætti að ef viðkomandi fetar ekki veg Guðs og fylgir öðrum guðum mun bölvun fylgja honum. Þjóðin skal velja núna þar sem heill þjóðarinnar veltur á því hvort hún fylgi Guði og heldur lög hans. Hún verður því að velja á milli Guðs eða annarra guða, blessunar eða bölvunar. Merkingin á bakvið „að kunngjöra blessunina á Garísímfjalli og bölvunina á Ebalímfjalli“ (v. 29) er sennilega sú að Garísímfjall var fyrir sunnan, meiri gróður óx á því og því tengd blessuninni. Ebal var hins vegar fyrir norðan og hrjóstrugt og því tengt ógæfu.<sup>47</sup> Á Garísím fjalli áttu ættbálkar Símeons, Levís, Júda, Íssakars, Jósefs og Benjamíns að blessa fólkið (27:12) en ættbálkar Rúbens, Gaðs, Assers, Sebúlons, Dans og Naftalís að lýsa yfir bölvun á Ebalímfjalli (27:13). Ef þjóðin ákveður að fylgja Guði og fer inn í landið sem henni er gefið er henni boðað að færa ekki brennifórnina þar sem

---

<sup>43</sup> Christensen 2002, *Deuteronomy 21:10-34:12*, bls. 849-850.

<sup>44</sup> Christensen 2002, *Deuteronomy 21:10-34:12*, bls. 851-852.

<sup>45</sup> Christensen 2002, *Deuteronomy 21:10-34:12*, bls. 853-855.

<sup>46</sup> Þetta er að finna í 2:7, 14:29, 15:10, 16:15, 23:20, 24:19, 28:8 og 28:12.

<sup>47</sup> Christensen 2001, *Deuteronomy 1:1-21:9*, bls. 227-228.

henni sýnist heldur á þeim stað sem Drottinn velur (12:13-14) en það er ein af megin trúarhugmyndum ritsins. Hins vegar má sá hinn sami „slátra og neyta kjöts eins oft og þig lystir, í hvaða borg þinni sem vera skal í þeim mæli sem blessun Drottins, Guðs þíns veitir þér" (12:15). Ekkert sem hann hefur öðlast er fengið frá öðrum en Guði.

Það er auðséð í 5. Mósebók að Guð verndar og blessar þjóð sína, enda er oft greint frá því að Guð blessar eða muni blessa þjóðina eins og í 16:15: „Þegar Drottinn, Guð þinn, hefur blessað þig með allri uppskeru þinni og í öllu sem þú tekur þér fyrir hendur skaltu fagna stórum".<sup>48 49</sup> Einnig er greint frá því að hann hafi nú þegar blessað þjóð sína á einhvern hátt eins og í 2:7: „Drottinn, Guð þinn, hefur blessað þig í öllu sem þú hefur tekið þér fyrir hendur".<sup>50</sup> Í því samhengi er t.d. vitnað í söguna af Balak og Bíleam í 23:5 þar sem segir m.a.: „heldur sneri Drottinn, Guð þinn, bölvuninni í blessun því að Drottinn, Guð þinn, elskar þig". Þrátt fyrir að 5. Mósebók sé að stærstum hluta um lög og reglur sem getur kannski verið erfitt að uppfylla er óþarfi að óttast. Blessun Guðs bregður oft fyrir í ritinu og þrátt fyrir að Móses blessar undir lok ritsins er blessunin frá Guði kominn og það er hann sem blessar þjóð sína, heldur verndarvæng yfir henni þar sem hún kemur inn í nýtt land. Það er Drottinn sem blessar fyrir munn Móse.

Blessun og bölvun er umfjöllunarefni 28. kafla. Greint er frá því í upphafi kaflans að ef maður fylgir boðum Guðs muni maður hljóta blessanir sem nefndar eru í kjölfarið (28:1-14) en þar kemur blessunin tíu sinnum fyrir í versum 2-6, 8 og 12. T.d. er greint frá því að maður muni hljóta blessunina hvar sem maður sé, hver muni fá nóg af mat handa sér og sínum, landið muni gefa góðan ávöxt, Guð vinna bug á fjandmönnum og blessa sérhvert verk sem maður tekur sér fyrir hendur. Í þessari umfjöllun ritsins um blessunina er hún augljóslega hið sama og velgengni. Ef maður vill hins vegar ekki hlýða Guði og breyta eftir hans lögum mun bölvun fylgja manni en útlekking þess er heldur lengri en um blessunina (28:15-69). Má segja að bölvunin hafi afleiðingar í för með sér á sama hátt og blessunin en með öfugum formerkjum. Nátengda hugsun er einnig að finna í 29:18 þar sem Guð bannar þjóð sinni að tilbiðja guði annarra þjóða þrátt fyrir að einhver „blessar sjálfan sig í hjarta sínu [...] og hugsar með sér: „Mér farnast vel þó að ég lifi í þrjósku hjarta míns". Ennfremur er hægt að benda á 30:19 þar sem Guð hefur lagt fyrir manni líf og dauða, sem er nánar útskýrt sem blessun og bölvun. Í

---

<sup>48</sup> Hér er blessunin höfð tvisvar í frumtextanum til áhersluauka.

<sup>49</sup> Um aðra ritningarstaði í 5. Mósebók tengda þessu þema, sjá: 1:11, 7:13, 7:14, 14:29, 15:4, 15:6, 15:10, 15:18, 16:15, 16:17, 23:20, 24:19, 28:6, 28:3, 28:4, 28:5, 28:6, 28:8, 28:12 og 30:16.

<sup>50</sup> Þetta má sjá í 2:7, 12:7, 14:24, 15:14 og 16:10.

versinu á eftir er hann jafnframt hvattur til að velja lífið og blessunina með því að elska Guð og hlýða boði hans. Vitnað er til umfjöllunar 28. kaflans um blessun og bölvun í 30:1 þar sem heimför er heitið.<sup>51</sup>

### Jósúabók og Dómarabókin

Einungis einu sinni er blessunin hluti af lofgjörð í Jósúabók, en hún er í 22:33 þar sem Ísraelsmenn lofa Guð eftir að komið var í veg fyrir hernað gegn niðjum Rúbens eða Gaðs. Skv. þessu er greinilegt að þegar fólk blessar Guð er það hluti þakkar- og lofgjörðar.<sup>52</sup>

Miklu er til tjaldað í 8:30-35 þar sem Jósúa reisir Guði altari á Ebalbjalli þar sem allir Ísraelsmenn standa báðum megin við örkina. Helmingurinn snýr að Garísímfjalli en hinn að Ebalbjalli „eins og Móse, þjónn Drottins, hafði boðið í upphafi þegar hann gaf fyrirmæli um að blessa Ísraelsþjóð" (v. 33). Síðan les Jósúa upp lagasafnið „orð fyrir orð, blessunina og bölvunina, nákvæmlega eins og skráð er í lögbókinni" (5. Mósebók). Tilgangur þess að fólkið kemur saman er að Ísrael fái blessun, rétt eins og er boðað í 5Mós 27:12-13. Fólkið sem svarar kalli Guðs á réttan hátt og tilbiður hann er meðtekið og blessað af honum. Þjóðinni er mjög í mun að fá blessun Guðs, jafnvel þótt Jósúa sé síðri en Móse.<sup>53</sup>

Jósúa blessar Kaleb Jefúnnesson í 14:13 og fær honum þar að auki Hebron að erfðahlut. Má því segja að blessun Kalebs sé gjöf frá Jósúa. Hann blessar Kaleb rétt eins og ættfeðurnir blessuðu syni sína en það sýnir jafnframt að hann hefur vald yfir Kaleb. Fyrir Kaleb er þetta himnasending þar sem blessunin virðist jafnframt tryggja honum og ætt hans velmegun um langa hríð.<sup>54</sup> Aksa, dóttir Kalebs biður um sína eigin gjöf í 15:19 þar sem hún segir við hann: „Blessaðu mig með gjöf." Hún biður um vatn þar sem land hennar var hrjóstrugt. Dýpri merking blessunar hennar eins og hún er sett fram í 5Mós 28:1-14 er þó einnig möguleg.<sup>55</sup> Sagan af Kaleb og dóttur hans er aftur nefnd í upphafi Dómarabókarinnar þar sem blessunin kemur fyrir í Dóm 1:15. Þar er blessunin (*berakah* - ברכה) m.a.s. þýdd á íslensku sem gjöf.

Tvisvar í ritinu er blessunin notuð þegar Jósúa kveður einhvern. Annars vegar í 22:6 þar sem hann kveður niðja Rúbens og Gaðs og hálfan ættbálk Manasse og hins vegar í 22:7 þar sem hann kveður allan ættbálk Manasse eftir að hafa gefið öðrum helmingnum land í Basan en hinum helmingnum land vestan við Jórdan. Líkt og áður er blessunin ekki einungis tengd

---

<sup>51</sup> Christensen 2002, *Deuteronomy 21:10-34:12*, bls. 738.

<sup>52</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 249.

<sup>53</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 93-94.

<sup>54</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 174.

<sup>55</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 189.

helgihaldi Ísraelsmanna, heldur einnig því að heilsast og kveðjast rétt eins og á Íslandi og víðar.<sup>56</sup>

Niðjar Jósefs mótmæla Jósúa í 17:14-18 en í fyrsta versinu lýsa þeir yfir furðu sinni á því hvers vegna þeir fengu aðeins einn erfðahlut og eitt landsvæði, þrátt fyrir að þeir séu fjölmenn þjóð sökum blessunar Guðs. Jósúa kemur til móts við þá með því að gefa þeim skóglendi í landi Peresíta og Refaíta. Blessunin virðist þó gegna öðru hlutverki hér en annars staðar í ritinu að því leyti að hún hún virðist ekki vera tengd fjölda niðja eða landi. Niðjar Jósefs hlutu blessun ættfeðranna sem lofar þeim fjölda niðja. Hér eru þeir þó uppiskroppa með landsvæði sem virðist þ.a.l. ekki vera tengt blessun ættfeðranna.<sup>57</sup> Mögulega þarf að nefna sérstaklega hvers vegna viðkomandi er blessaður og hvað er vonast til með henni þar sem hún virðist út frá þessu samhengi geta einungis átt við einn tiltekinn hlut.

Í Jósúabók erum við minnt á söguna um Balak og Bíleam í 24:9-10 þar sem Jósúa talar fyrir hönd Guðs. Þar segir að hann (Guð) hafi ekki viljað heyra Bíleam bölvva þjóð sinni og því látið hann blessa<sup>58</sup> þjóðina í staðinn (v. 10). Spámaðurinn Bíleam hlýðir því ekki Guði í eiginlegum skilningi heldur gerir það sem honum er sagt að gera og segir það sem honum er sagt að segja. Sökum þess að Bíleam var strengjabrúða í sögunni var bölvun Balaks breytt í blessun.<sup>59</sup>

Í Dómarabókinni er blessunina að finna í fæðingu Samsonar (13:24), blessun Míka (17:2) og í lofsöng Debóru og Baraks (5. k.). Einnig er sagan um Kaleb og dóttur hans Öksu endurtekin í upphafi bókarinnar í 1:12-15 en þar er blessunin þýdd sem gjöf.

Blessunin kemur fjórum sinnum fyrir í lofsöng Debóru og Baraks í 5. kafla (v. 2, 9 og 24) sem er jafnframt einn af elstu textum Biblíunnar. Í fyrri versunum tveimur kemur fram að fólk verður að taka þátt af fúsum og frjálsum vilja en það virðist sem svo að blessunin sé höfð í versunum tveimur til þess einmitt að sýna fram á að þetta sé lofsöngur. Í v. 24 er sagt: „Blessuð framar öllum konum veri Jael, kona Hebers Keníta“. Í Dómarabókinni virðist Guð ekki sýna Ísrael sérstaka tryggð. Jael er aftur á móti verkfæri Guðs í k. 4-5 en Guð stenur með þeim sem berjast fyrir réttlæti og gegn valdníðslumönnum, rétt eins og Jael sem var líklega ekki kona frá Ísrael til að byrja með.<sup>60</sup>

---

<sup>56</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 245.

<sup>57</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 192.

<sup>58</sup> Líkt og fyrr í sögunni um Balak og Bíleam er blessunin hér tvisvar í frumtextanum til áhersluauka.

<sup>59</sup> Butler 1983, *Joshua*, bls. 272.

<sup>60</sup> McCann 2002, *Judges*, bls. 55-56 og 59-60.

Með því fyrsta sem greint er frá um Samson í Biblíunni er að Drottinn blessaði hann (13:24). Af köflunum sem á eftir fara, k. 14-16, fer ekki á milli mála að hann sé blessaður. Þó virðist vera svo að Samson kunni ekki að fara vel með blessun sína eftir það og það fer að síga á ógæfuhliðina hjá honum. Mögulega sé því tilgangur með því að nefna að hann hafi verið blessaður í upphafi en síðan ekki meir þar sem Guð er mögulega ekki alfarið tryggingin fyrir því að viðkomandi verði áfram blessaður heldur þurfi hann að hegða sér sómasamlega og í samræmi við þá blessun sem Guð veitir honum, Hinn frjálsi vilji mannsins getur því brotið blessun Guðs á bak aftur og breytt henni í bölvun. Því mætti einnig bæta við að Guð virðist refsá valdníðslumönnum en kemur ekki í veg fyrir þá. Í Dómarabókinni er greint frá því að andi Guðs hafi verið yfir Otníel, Jefta og Samson en það fer illa fyrir þeim öllum. Því má segja að Guð hafi ekki jafn mikið vald og í öðrum ritum Gamla testamentisins.<sup>61</sup>

Að lokum er Míka blessaður af móður sinni í 17:2 eftir að hann skilaði 1100 siklum silfurs sem hann hafði tekið ófrjálsri hendi. Blessun móður hans er líklega bæði bæn og lofgjörð til Guðs. Úr peningunum var svo búið til líkneski Míka til heilla.

## Rutarbók

Í hinni stuttu Rutarbók kemur blessunin fimm sinnum fyrir. Einu sinni kemur blessunin fram þegar kornskurðamennirnir á akri Bóasar heilsa honum í 2:4 með almennri kveðju sem felur ekki í sér neinn trúarlegan gjörning eins og svo oft áður.<sup>62</sup> Bóas er þó næst blessaður í 2:19 þar sem Naomí segir: „Blessaður sé sá maður sem sýndi þér velvild“. Þessi blessun er þó óvenjuleg að því leyti að blessunin er aftast í setningunni en slíka orðaröð er annars staðar einungis hægt að finna í 1Kon 10:9 og Okv 5:18. Ekki lítur út fyrir skv. textanum að Rut sé búin að segja tengdamóður sinni hvað gerst hafði yfir daginn og því virðist vonin hvetja hana til að blessa þann sem sýndi henni velvild.<sup>63</sup> Í næsta versu biður Naomí jafnframt Guð að blessa hann eftir að hafa fengið að vita hjá hverjum hún hafði unnið í næsta versu.

Í 3:10 segir Bóas: „Drottinn blessi þig, dóttir mín“ við Rut eftir að hún lagðist til fóta honum í rúmi hans. Bóas hefur greinilega miklar mætur á henni þar sem hann refsar henni ekki en leyfir henni að hvíla í rúmi sínu til morguns. Í síðasta kafla bókarinnar giftist Bóas Rut. Þau eignast í kjölfarið son og er þá sagt við Naomí: „Lofaður sé Drottinn sem lét þig ekki vanta lausnarmann nú í dag“ (4:14) þar sem sonurinn muni sjá Naomí fyrir því sem hún muni

---

<sup>61</sup> McCann 2002, *Judges*, bls. 100-101.

<sup>62</sup> Gerleman 1965, *Ruth, Das Hohelied*, bls. 25.

<sup>63</sup> Campbell 1975, *Ruth*, bls. 105-106.



þarfnast. Þó að Naomí sé fóstura drengsins er hún ekki síðri móðir þar sem hún er gyðingur en ekki Rut.<sup>64</sup>

### Samúelsbækur

Öll klassísk dæmi blessunarinnar koma fyrir í fyrri Samúelsbók. Sál heilsar Samúel tvisvar með blessun, annars vegar í 13:10 og hins vegar í 15:13. Í síðara skiptið er þó ólíklegt að Samúel hafi heilsað honum með blessun til baka þar sem hann ávítar hann. Það er einnig ögn kaldhæðnislegt að Sál blessi hér Samúel í nafni Guðs þar sem hann hefur augljóslega ekki framfylgt boði hans. Vinnumaður Nabals segir einnig við Abígail í 25:14 að Davíð hafi sent menn með kveðju til Nabals sem hafði svo svarað með fúkyrðum.

Blessunin er í formi gjafar á tveimur stöðum í ritinu. Í fyrra tilvikinu (25:27) er gjöfin í formi matar sem Abígail vill færa Davíð konungi fyrir manninn sinn Nabal sem svaraði konungi með fúkyrðum sem greint er frá í 25:10-11. Abígail kemur til Davíðs og biður hann um að drepa ekki Nabal þar sem hann sé heimskingi, enda sé það merking nafns hans. Að lokinni einræðu Abígail lofar Davíð Guð fyrir að hafa sent hana til móts við sig (25:32) og segir ennfremur: „Blessuð séu hyggindi þín og þú sjálf“ (25:33).<sup>65</sup> Það er ekki oft sem konur tengjast blessuninni í Biblíunni en hér er Abígail blessuð af konunginum sjálfum, enda stendur hann í mikilli þakkarskuld við hana þar sem hún kemur í veg fyrir að hann stofni framtíð sinni í hættu. Davíð lofar þó Guð fyrir að hefna sín stuttu síðar þegar Nabal er dáinn: „Lofaður sé Drottinn sem hefur rekið réttar míns og veitt mér uppreisn æru“.<sup>66</sup> Eftir þetta giftist Davíð Abígail.

Í síðara tilvikinu er greint frá gjafmildi Davíðs þar sem hann gefur með sér af herfangi með öllum í herbúðunum þrátt fyrir að ekki hafi allir farið með til að ná í það. Þeir sem fóru vilja ekki deila því með þeim en Davíð mótmælir því og segir að svona skuli ekki fara með gjafir Drottins og segir því í 30:26: „Þetta er gjöf til ykkar“. Gjöf Davíðs jafnast á við blessun og hann er örlátur. Þeir sem eru vinir Davíðs eru einnig vinir Guðs og þess vegna gefur hann með sér.<sup>67</sup>

Fólk er einnig blessað þrisvar í ritinu. Elí blessar Elkana og Hönnu, foreldra Samúels í 2:20 þar sem hann hefur greinilega mætur Samúel og foreldrum hans og lofar þeim fleiri

---

<sup>64</sup> Gerlemann 1965, *Ruth, Das Hohelied*, bls. 37.

<sup>65</sup> Hér er blessunin notuð tvisvar. Annars vegar eru blessuð hyggindi Abígail og hins vegar er hún sjálf blessuð.

<sup>66</sup> Brueggemann 1990, *First and Second Samuel*, bls. 179-181.

<sup>67</sup> Brueggemann 1990, *First and Second Samuel*, bls. 205-206.

börnum.<sup>68</sup> Sál biður Guð um að blessa aðkomumennina í 23:21 fyrir að standa með sér gegn Davíð konungi. Sál blessar svo Davíð í 26:25 þar sem hann bætir við að honum muni takast allt sem hann tekur sér fyrir hendur þrátt fyrir að hann hafi brotið gegn honum fyrir í ritinu. Davíð ber augljóslega með sér blessun hvert sem hann fer.<sup>69</sup> Að lokum greina stúlkur Sál frá því í 9:13 að fólk byrji ekki að borða á fórnarhátiðinni fyrir en sjáandinn hafi blessað sláturfórnina.

Það má segja að notkun blessunarinnar í síðari Samúelsbók sé nánast sú sama og í hinni fyrri. Davíð flytur eftirfarandi skilaboð til Jabes í Gíleað í 2:5: „Drottinn blessi ykkur fyrir að sýna Sál, herra ykkar, þá tryggð að grafa hann.“ Þetta gerir hann eftir að hann frétti að íbúar Jabes í Gíleað hefðu náð í lík Sáls og grafið hann eins og greint er frá í 1Sam 31.

Í 6. kafla er sáttmálsörkin flutt til Jerúsalem og þar er blessunin yfir og allt um kring. Örkinni fylgir greinilega blessun þar sem hún hafði staðið í húsi Óbeðs Edóms og veitt fjölskyldu hans blessun (v. 11). Í næsta versni kemur bersýnilega í ljós að eftir því er tekið og er Davíð konungi greint frá því. Þó er ekki greint nánar frá því hvers eðlis blessunin sé í garð Óbeðs og ættar hans. Davíð hefur sennilega metið það sem svo að Óbeð Edóm sé Guði hliðhollur.<sup>70</sup> Hvað sem því líður verður hann glaður yfir því og færir síðan örkina til borgar Davíðs. Þegar örkin er komin á sinn stað færir Davíð brennifórnir og heillafórnir frammi fyrir Guði og blessar fólkið „í nafni Drottins hersveitanna“. (v. 18). Mögulega blessaði hann með orðum hinnar aronítísku blessunar en þó er ekki hægt að vita það fyrir víst. Loks þegar Davíð kemur heim heilsar hann fjölskyldu sinni (v. 20).

Blessunin kemur þrisvar sinnum fyrir í síðasta versni bænar Davíðs í 7:18-29 en þar segir: „Blessa þú nú ætt þjóns þíns svo að hún sé ævinlega fyrir augliti þínu. [...] Fyrir blessun þína verður ætt mín, sem er þjónn þinn, blessuð um aldur og ævi“. Í bæn Davíðs biður hann þess að Guð standi við loforð sín gagnvart honum. Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni, þar sem líkt og faðir Davíðs, Jakob, virðist hann ekki ætla að sleppa Guði fyrir en hann hlýtur blessun hans.<sup>71</sup> Svipaða sögu er að segja í 21:3 þar sem Davíð gengur svo langt að hann framselur niðja Sáls í hendur Gíbeonítum til lífláts svo þeir geti blessað Ísraelsmenn þar sem hungursneyð ríkir í landinu.

Lofgjörð með blessuninni er að finna á þremur stöðum í ritinu. Hið fyrsta er í 14:22 þar sem Jóab varpar sér fram á ásjónu sína og sýnir Guði lotningu. Önnur er í 18:28 þar sem

---

<sup>68</sup> Klein 1983, *1 Samuel*, bls. 25.

<sup>69</sup> Brueggemann 1990, *First and Second Samuel*, bls. 188.

<sup>70</sup> Anderson 1989, *2 Samuel*, bls. 105.

<sup>71</sup> Brueggemann 1990, *First and Second Samuel*, bls. 260-261.

Akímaas lofar Guð fyrir að hafa knésett óvini Davíðs en hægt er að segja að lofgjörð hans beinist bæði að Guði og Davíð. Sú þriðja er í 22:47 undir lok þakkarsálms Davíðs í 22:1-51. en þar lofar hann Guð með orðunum: „Drottinn lifir. Lofað sé bjarg mitt". Í sálmi sínum er hann gjarn á að greina frá afrekum sínum sem öll urðu sökum Guðs. Davíð lofar hann fyrir að koma öllu góðu til leiðar í sínu lífi.<sup>72</sup>

Kveðjumerkingin kemur fyrir í 8:10 þar sem Tói, konungur í Hamat, sendir son sinn Jóram með kveðju og gjafir til Davíðs eftir að hann hafði sigrað Hadadeser. Einnig er kveðju að finna í 13:25 þar sem Davíð neitar veisluboði Absalons og kveður hann. Ennfremur í 19:40 þar sem Davíð kyssir Barsillaí í kveðjuskyni og sýnir honum þakklæti sitt fyrir að gefa sér Kímhan þræl sinn.

### Konungabækur

Konungabækurnar tvær eru líkar Samúelsbókum hvað blessunina varðar utan eitt tilfelli í hvorri bókinni. Í Fyrri konungabók eru síðustu blessunartilvikin öðruvísi, eða í 21:10 og 21:13 en þar er blessunin notuð yfir að lasta, nánast gagnstæð merking blessunarinnar. Það er fyrir tilstuðlan Jesebel, konu Akabs Samariúkonungs, en maður hennar vildi eignast víngarð Nabóts frá Jesreel en Nabót vildi ekki láta hann af hendi. Jesebel skrifar því bréf til öldunganna sem bjuggu í sömu borg og Nabót þar sem segir að boða skuli til föstu og láta Nabót sitja efstan meðal fólksins. Hún bætir við að þeir skuli láta „tvo skálka sitja gegnt honum. Þeir skulu vitna gegn honum og segja: Þú hefur lastað Guð og konunginn" (21:10). Að því loknu mælir Jesebel svo fyrir að hann skuli grýttur. Þetta er gert og skálkarnir segja við fólkið í 21:13: „Nabót hefur lastað Guð og konunginn." Blessunin hefur á þessum tímamarki ekki komið fyrir í ritinu mjög lengi en höfundur ritsins hefur mögulega ekki þótt passa að setja orðið bölvun hér inn og hefur því sett blessunina í staðinn.<sup>73</sup>

Oftast er blessunin notuð sem lofgjörð í ritinu eða fimm sinnum. Fyrst í 1:48 en í versinu á undan er blessunin notuð sem heillaósk þar sem Jónatan greinir frá því að hirðmenn Salómons komu til að árna Davíð konungi heilla. Ennfremur hafi hann sagt: „Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels". fyrir að hafa fengið að sjá afkomanda setjast á veldisstól. Blessuninni er í þessu tilfelli beint til Salómons en ekki þess manns sem átti að flytja hana. Það er augljóst samkvæmt þessari sögu að máttur hins talaða orðs var mikill.<sup>74</sup> Híram, konungur í Týrus gleðst

---

<sup>72</sup> Brueggemann 1990, *First and Second Samuel*, bls. 343-344.

<sup>73</sup> Nelson 1987, *First and Second Kings*, bls. 142.

<sup>74</sup> De Vries 1985, *1 Kings*, bls. 18-19.

yfir því að Salómon ætli að reisa Guði musteri og lofar Guð fyrir að hafa gefið Davíð vitran son í 5:21. Salómon blessar þjóð sína þegar búið er að reisa musterið og vígsla þess stendur yfir í 8:14 og í versinu á eftir segir hann: „Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels" og þakkar Guði fyrir að hafa efnt lofordin sem hann hafði lofað Davíð föður sínum en orðalag hans minnir eilítið á blessunarorðalag 5. Mósebókar.<sup>75</sup> Að lokinni vígslubæn sinni blessar hann þjóð sína aftur í 8:55 og lofar Guð aftur í versinu þar á eftir með orðunum: „Lofaður sé Drottinn sem hefur gefið lýð sínum, Ísrael, griðastað eins og hann hafði heitið" og biður jafnframt um að Guð muni leiða þjóðina á veg Guðs. Að vígslu lokinni er blessunin notuð sem kveðja þegar menn kveðja konung og fara til tjalda sinna í 8:66. Fólkið er greinilega þakklátt fyrir það sem Salómon hefur gert fyrir þjóðina.

Síðasta lofgjörðin er í 10:9 þar sem drottningin af Saba lofar Guð Salómons fyrir að hafa sett hann í hásæti Ísraels. Ríki hans fór fram úr væntingum hennar þar sem hún kemur til að skoða það með eigin augum. Salómon segir einmitt um sjálfan sig í 2:45: „En Salómon konungur sé blessaður og hásæti Davíðs standi ævinlega stöðugt frammi fyrir Drottni" eftir að hann skammar Símeí fyrir að yfirgefa ríki sitt í leyfisleysi. Sjaldan er sagt að Salómon sé blessaður og er þetta kannski ekki blessun í sjálfu sér. Salómon er heldur að kunngjöra við þá sem heyra að hann sé blessaður af Guði. Hann sýnir einnig að hann fer með dómsvald Guðs.<sup>76</sup>

Í síðari konungabók kemur blessunin oftast fyrir sem heilsa. Í 4:29 skipar Elísa þjóni sínum Gehasí að fara heim til súnemsku konunar til að lífga við son hennar með staf sínum. Hann skipar honum sérstaklega að hann skuli ekki heilsa þeim sem hann mætir og ekki heilsa sé honum sjálfum heilsað. Í næsta kafla, nánar tiltekið í 5:15, neitar Elísa að taka við gjöf Naamans eftir að hann hafði læknað hann af holdsveiki þar sem blessunin er í formi gjafar.

Fyrir utan þetta heilsar Jehú Jónadab Rekabssyni í 10:15 og í 18:31 hrópar marskálkurinn á hebresku til að allir skilji hann að þeir skuli semja frið við Assýríukonung þar sem ekki sé hægt að treysta Hiskía. Þetta er sérstök notkun á blessuninni í Gamla testamentinu og gæti verið tengd sáttgjöf sem væri gefin þegar samið væri um frið í stríði, eiða eða eitthvað slíkt.<sup>77</sup>

---

<sup>75</sup> Nelson 1987, *First and Second Kings*, bls. 82.

<sup>76</sup> Nelson 1987, *First and Second Kings*, bls. 28.

<sup>77</sup> Hobbs 1985, *2 Kings*, bls. 259.

## Kroníkubækur

Kroníkubækurnar tvær í Biblíunni eru byggðar á Samúels- og konungabókum og er efni ritina að stærstum hluta einnig hið sama. Þó er framsetning atburða í ritunum mismunandi og heimildir ritanna eru einnig aðrar. Þ.a.l. er blessunin notuð í sömu sögum og jafnvel sömu merkingu og í Samúels- og konungabókunum. Bænin virðist þó vera mikilvæg í Kroníkubókum þar sem náð Guðs er möguleg þeim sem snúa sér til hans í bæn.<sup>78</sup>

Í upphafi ritsins hrópar Jaebes til Guðs og biður hann um að blessa sig<sup>79</sup> með því að auka við land sitt sem Guð gerir. Davíð ákallar einnig Guð síðar í ritinu í 17:27 en þar er blessunina að finna þrisvar sinnum í bæn Davíðs (17:16-27). Undir lok hennar biður Davíð Guð um að blessa ætt sína þar sem Guð hafi nú þegar blessað hana og hún sé blessuð. Bæn Davíðs um blessun í 2Sam 7:29, er hér sett fram sem fullvissa um að Guð muni blessa ætt hans.<sup>80</sup> Einnig er hægt að sjá að blessunin er að verki í lífi Davíðs þar sem hann þakkar Guði fyrir hana sem er þínu frábrugðið bæn hans í 2Sam 7:29.<sup>81</sup> Blessunin kemur einnig fyrir í síðasta versinu í þakkarsálm Davíðs í 16:8-36 en þar segir: „Lofaður sé Drottinn, Ísraels Guð, frá eilífð til eilífðar“. Þessi endir minnir jafnframt á lofgjörðarendingu í sumum sálum Saltarans t.d. Slm 106.<sup>82</sup> Rétt eins og áður enda hátíðahöldin á því að allir fara til síns heima blessunin er notuð í því samhengi að Davíð heilsar fjölskyldu sinni.

Blessunin er lítið tengd helgihaldi í ritinu. Í 16:2 blessar Davíð fólkíð eftir að hann hafði fært brennifórnina og heillafórnina og staðfestir ennfremur að eitt af hlutverkum konungsins hafi verið að blessa þjóð sína. Þó er einnig greint frá því að nálægð arkarinnar blessaði Óbeð Edóm og allt sem hann átti þar sem hún stóð í húsi hans í 13:14. Nálægð Guðs er því honum og ætt hans til blessunar.<sup>83</sup> Einnig er greint frá því í 26:5 að Guð blessar annað hvort Óbeð Edóm eða son hans Pegúlletái en óvíst er hvorn Guð blessar nákvæmlega. Þó er vitað að Óbeð Edóm var blessaður og öll ætt hans fyrr í ritinu eða í 13:14 svo það skiptir sennilega litlu máli. Greint er einnig frá því að Aron var sérstaklega valinn til þess að blessa í nafni Guðs í 23:13 en hann var af ætt Levís sem einmitt var kölluð til að blessa Ísraelsmenn.

---

<sup>78</sup> Braun 1986, *1 Chronicles*, bls. 58.

<sup>79</sup> Hér er blessunin höfð tvisvar í frumtextanum til áhersluauka. Það kemur ekki fram í íslensku þýðingunni.

<sup>80</sup> Braun 1986, *1 Chronicles*, bls. 199.

<sup>81</sup> Tuell 2001, *First and Second Chronicles*, bls. 76-77.

<sup>82</sup> Braun 1986, *1 Chronicles*, bls. 193.

<sup>83</sup> Tuell 2001, *First and Second Chronicles*, bls. 57.

Tóí<sup>84</sup> flytur Davíð konungi heillaóskir í 18:10 þar sem hann hafði sigrað her Hadadesar líkt og í 2Sam 8:10. Að lokum er blessunin notuð tvívegis í tveimur versum í merkingu lofgjörðar eða í 29:10 og 29:20. Í fyrri lofgjörðinni lofar Davíð Drottinn frammi fyrir söfnuðinum og segir: „Lofaður sért þú, Drottinn, Guð föður vors, Ísraels, frá eilífð til eilífðar“. Þetta er jafnframt keimlíkt lofgjörð Davíðs í 16:36. Þetta markar jafnframt upphafið á þakkarbæn Davíðs í 29:10-19 og eru með síðustu orðum hans. Orðin „Lofaður sért þú Drottinn...“ vísar til þess að þetta sé notað í helgihaldinu og eru jafnframt lík þakkargjörðarsálmum Saltarans. Ástæða fyrir því hvers vegna Guð sé blessaður er gefin í v. 11-12.<sup>85</sup> Í 29:20 biður Davíð Ísraelsmenn um að lofa Guð og söfnuðurinn lofar Guð.

Í síðari Kroníkubók er blessunin mikið tengd blessun fólks og lofgjörð. Húram konungur í Týrus lofar Guð í 2:11 fyrir að Salómon ætli að reisa honum musteri. Salómon blessar söfnuð Ísraels í 6:3 og lofar Guð í versinu þar á eftir: „Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels“. Þetta er keimlíkt því sem Davíð gerir í 1Kron 16:2 og 1Kon 8:55.<sup>86</sup> Musterið er vígt með því að byrja á blessun og er jafnframt útskýrt í kjölfarið hvað hún felur í sér og hvers vegna Guð sé lofaður“. Drottingin af Saba kemur aftur til sögunnar í 9:8 og lofar Guð Salómóns fyrir ríki hans og að hann hafi sest í hásæti þess. Frásögn Kroníkubókarinnar er hér nánast sú sama og í 1Kon 10:1-13 og greinilegt er að ríki hans hefur farið fram úr öllum væntingum hennar.<sup>87</sup> Levítaprestarnir rísa á fætur og blessa fólkið í 30:27 mögulega með orðum hinnar aronítísku blessunar.<sup>88</sup> Hiskía og höfðingjarnir lofa Guð og lýð hans eftir að hafa skoðað matarbirgðirnar í hlöðum ríkisins í 31:8. Assarja greinir ennfremur frá því tveimur versum síðar hvers vegna það sé til nægur matur: Guð hefur blessað þjóð sína.

Einstakt tilfelli blessunarhugtaksins kemur þó fyrir í 20:26 þar sem hún kemur þrisvar sinnum fyrir. Eftir að hafa sigrað Ammoníta, Móabíta og fjallabúa frá Seír koma Júdamenn saman og skipta með sér herfangi sem þeir voru þrjá daga að safna. „Á fjórða degi söfnuðust þeir saman í Lofgjörðardal. Þessi staður er nefndur Lofgjörðardalur enn í dag því að þar lofuðu þeir Drottin.“ Þetta er einstök merking blessunarinnar og eini staðurinn í Biblíunni sem Lofgjörðardalur (Dalur Berakah - עמק ברכה) kemur fyrir og blessunin (lofgjörðin) tengd honum.

---

<sup>84</sup> Í 1Kron 18:9 er Tóí ranglega nefndur Tóú.

<sup>85</sup> Braun 1986, *1 Chronicles*, bls. 281 og 283.

<sup>86</sup> Dillard 1987, *2 Chronicles*, bls. 47.

<sup>87</sup> Tuell 2001, *First and Second Chronicles*, bls. 150.

<sup>88</sup> Dillard 1987, *2 Chronicles*, bls. 254.

## Esra- og Nehemíabók

Í eina skiptið sem blessunin kemur fyrir í Esrabók er það í formi lofgjörðar í 7:27: „Lofaður sé Drottinn, Guð feðra okkar" og er þetta jafnframt eina versið í ritinu sem er í formi lofgjörðar af vörum Esra. Hér þakkar hann Guði fyrir að hafa látið konung treysta sér fyrir því að leiða þjóðina til Jerúsalem og kaupa hluti til að nota í musterinu. Konungur skipar jafnvel svo fyrir að höfðingjar Ísraels skuli fara með honum.<sup>89</sup>

Lofgjörð er einnig að finna í Nehemíabók þar sem Esra lofar Guð og fólkið líka áður en hann les úr lögbókinni í 8:6. Hér er blessunin, eða lofgjörðin, tengd lestri úr helgiritinu, rétt eins og enn er gert á okkar dögum eftir ritningarlestra í guðspjónustum af hvers kyns toga.<sup>90</sup> Levítarnir segja einnig við fólkið í 9:5: „Rísið upp og lofið Drottin, Guð ykkar, ævinlega. Lofað sé þitt dýrlega nafn þó að það sé hafið yfir alla lofgjörð og þökk". Síðan er beðið fyrir þjóðinni í 9:6-37.

Greint er frá því í 11:2 að fólkið sem settist að í Jerúsalem hafi blessað alla þá sem settust þar að af fúsum og frjálsum vilja. Fólkið gerir sér fyllilega grein fyrir stöðu sinni gagnvart Guði og blessa þá sem fara og setjast að í borginni. Þannig halda þeir einkennum sínum sem þjóð skipulega jafnvel þótt þeir séu á nýjum stað. Aðgreining Ísraelsmanna frá öðrum þjóðum var mikilvæg á þessum tíma og sýndi enn fremur fram á hollustu hennar við Guð.<sup>91</sup>

Síðasta tilvik blessunarinnar í söguritunum er að finna í 13:2 þar sem vísað er til sögunnar um Balak og Báleam þar sem lesið er úr bók Móse: „Móab keypti Báleam til að bölvna þeim. En Guð okkar breytti bölvuninni í blessun". Eins og áður sagði þá var það ekki Báleam sem breytti bölvuninni í blessun heldur Guð. Það má til sanns vegar færa þar sem blessunin er frá Guði komin en þó geta mennirnir miðlað henni sín á milli.

## Jobsbók og Orðskviðirnir

Í Jobsbók virðist blessunin einskorðast við formála ritsins í fyrstu tveimur köflum þess en það er að finna í 6 versum. Í fjórum þeirra er blessunin (*berakah* - רַכָּהַב) notuð á kaldhæðnislegan hátt þar sem hún er notuð í merkingu bölvunar eða „að formæla" eins og það er þýtt á íslensku í ritinu. Þetta kemur fyrir í 1:5, 1:11, 2:5 og 2:9. Í upphafi er t.d. greint frá því að Job færir Guði reglulega brennifórnir þar sem börn hans hafi að öllum líkindum „formælt

<sup>89</sup> Myers 1965, *Ezra, Nehemiah*, bls. 63. Um lok ritningarlestra, sjá: *Handbók íslensku kirkjunnar*, bls. 20.

<sup>90</sup> Williamson 1985, *Ezra, Nehemiah*, bls. 289.

<sup>91</sup> Throntveit 1992, *Ezra-Nehemiah*, bls. 112-113.

guði í hjarta sér". Í 1:10 bendir Satan Guði á að hann hafi blessað störf hans og að búfénaður hans hafi dreift sér um landið. Þó telur Satan í næsta versu að ef Guð myndi ekki halda verndarhendi yfir honum myndi hann að öllum líkindum formæla honum „upp í opið geðið" en þar er blessunin aftur notuð í gagnstæðri merkingu. Þrátt fyrir að ólukkan dynji á Job í kjölfarið syndgar hann ekki og lofar Guð í 1:21 með sömu orðum og er að finna í Slm 113:2: „Drottinn gaf og Drottinn tók, lofað veri nafn Drottins.", Satan að öllum líkindum til mikillar gremju.<sup>92</sup>

Í 2. kafla ritsins er leikurinn endurtekinn þar sem Satan telur að ef Guð myndi snerta hold hans og bein myndi hann örugglega formæla honum „upp í opið geðið" (2:5). Þrátt fyrir að Job sé sleginn kaunum og kona hans hvetur hann í 2:9: „Formæltu Guði og farðu að deyja", syndgar Job ekki.<sup>93</sup>

Blessunin kemur einungis tvisvar sinnum fyrir í ræðum ritsins eða í 29:13 og 31:20 og þá í ræðum Jobs. Í fyrra skiptið tjáir hann þrá sína eftir gömlu góðu dögnum þar sem hann segir t.d. í 29:13: „Sá sem var hætt kominn blessaði mig". Í sömu ræðu fjallar hann um hið sama og spámennirnir töluðu gegn, þ.e. vanrækslu hinna þurfandi.<sup>94</sup> Job segir að hafi hann vanrækt hina þurfandi megi Guð refsa sér. Hann nefnir t.a.m. í 31:20: „hafi lendar hans ekki blessað mig og ullin af lömbum mínum ekki haldið á honum hita".

Undir lok ritsins í 42:12 er greint frá því að „Drottinn blessaði síðari æviár Jobs meira en hin fyrri". Það er útskýrt nánar með því að hann eignaðist meiri búfénað en nokkru sinni fyrir og eignaðist sjö syni og þrjár dætur en þær voru fegurstu konur í landinu og fengu m.a.s. erfðahlut eins og synir hans (v. 13-15.). Job lifði í 140 ár og „dó gamall og saddur lífdaga" (v. 17).

Blessunin í Orðskviðunum er ávallt tengd einhverju góðu, þá gjarnan gjörðum einstaklingsins og ættar hans<sup>95</sup> eins og sést strax í 3:33 þar sem segir: „Bölvun Drottins er yfir húsi hins rangláta en bústað réttlátra blessar hann". Í 5:18 er einnig nefnt að hjónabandið, eining hjónanna leiðir til blessunar eins og sjá má í 5:18. Í stuttu máli sagt mun sá sem fylgir Guði og stundar jákvætt og dyggðugt hátterni hljóti blessun en sá sem fylgir ekki Guði og fetar veg lasta hlýtur bölvun.

---

<sup>92</sup> Pope 1985, *Job*, bls. 16.

<sup>93</sup> Freisting konunnar fór ekki framhjá helstu guðfræðingum sögunnar. Ágústínus taldi hana vera „Aðstoðarmann djöfulsins" (lat.: *Diaboli adjutrix*) og Calvin taldi hana vera „Verkfæri Satans" (lat.: *Organum Satanae*). Heimild: Pope 1985, *Job*, bls. 21.

<sup>94</sup> Gibson 1985, *Job*, bls. 216.

<sup>95</sup> Perdue 2000, *Proverbs*, bls. 109.



Eins og fjallað var um hér að ofan er blessunin gjarnan tengd jákvæðum eiginleikum einstaklingsins eða gjörðum hans. Hún er tengd réttlæti (10:6 og 10:7), réttsýni (11:11), örlæti (11:25, 11:26 og 22:9) og réttum dómum (24:25). Þrátt fyrir að maðurinn erfiði mikið bætir það ekki við auðgandi blessun Guðs eins og segir í 10:22. Blessun Guðs er jafnframt ekki yfir skjótfengnum gróða eða eignum (20:21 og 28:20) en fljótfærni telst ekki til dyggða í ritinu.<sup>96</sup>

Í 27:14 kemur fram að sá sem blessar verður að meina hana: „Blessi maður náunga sinn snemma morguns með háreysti skal það metið sem formæling“. Að blessa með háreysti hefur litla sem enga merkingu, rétt eins og að þakka fyrir með semingi eða biðjast fyrirgefningar á einlægni og því verður maður virkilega að meina blessunina þegar hún er veitt.<sup>97</sup> Að lokum er komið inn á efni 4. boðorðsins<sup>98</sup> í 30:11: „Til er það kyn sem bölvar föður sínum og blessar ekki móður sína“. Við þessu lá dauðarefsins skv. 2Mós 21:15.

## Sálmarnir

Í Davíðssálmum<sup>99</sup> er blessunina að finna í 47 sálmum. Það kemur fyrir í nánast öllum flokkum sálmanna og oftast í hymnum eða ellefu slíkum. Hana er ennfremur að finna í átta litúrgíusálmum, 7 konungasálmum, 6 spekisálmum en sjaldnar í öðrum flokkum.<sup>100</sup>

Í Sálm safninu er blessunin langoftast notuð í lofgjörðarmerkingu eða 42 sinnum í 24 sálmum.<sup>101</sup> Dæmigerð dæmi mætti tína til eins og í 68:20: „Lofaður sé Drottinn, er ber byrðar vorar dag eftir dag“, einnig í 144:1: „Lofaður sé Drottinn, bjarg mitt, sem æfir hendur mínar til bardaga“ og í 28:6: „Lofaður sé Drottinn því að hann hefur heyrt grátbeiðni mína“. Það er einkennandi fyrir lofgjörðina í sálmunum að sá sem finnur fyrir góðvild Guðs getur ekki annað en blessað hann og lofað.<sup>102</sup> Guð er uppspretta alls hins góða og því getur maðurinn ekki annað en lofað hann fyrir velgjörðir sínar. Þegar maðurinn blessar Guð er hann ekki að blessa hann í eiginlegum skilningi heldur að lofa hann fyrir velgjörðir hans gagnvart honum enda er hann fullvissaður um að hann sé bænheyrður af hinum eina og sanna guði Ísraelsmanna. Ef maðurinn gleymir að lofa Guð virðist það jafnframt jafngilda því að vera fjarri Guði eða jafnvel

---

<sup>96</sup> Murphy 1998, *Proverbs*, bls. 152.

<sup>97</sup> Murphy 1998, *Proverbs*, bls. 208.

<sup>98</sup> „Heiðra skaltu föður þinn og móður þína“.

<sup>99</sup> Davíðssálmar hafa nokkur heiti á íslensku, t.a.m.; Davíðssálmar, Sálmarnir, Sálm safnið og Saltarinn. Í verkinu eru öll heitin notuð eftir hentugleika.

<sup>100</sup> Um flokkun sálmanna, sjá: *Interpreting the Psalms: Issues and approaches*, bls. 296-300.

<sup>101</sup> Slm 16, 18, 26, 28, 31, 34, 41, 63, 66, 68, 72, 89, 96, 100, 103, 104, 106, 115, 119, 124, 134, 135, 144 og 145.

<sup>102</sup> Kraus 1993, *Psalms 1-59*, bls. 341-342.

dáinn eins og í 103:2. Að lofa Guð er það sama og að vera lifandi frammi fyrir augliti hans, enda á maðurinn alltaf að lofa Guð eins og sést í 145:21.

Eitt áhugavert við lofgjörðarmerkingu blessunarinnar í Sálmunum er að síðasta vers allra bóka ritsins, utan hinnar síðustu, endar á lofgjörð (*berakah*). Nánast hin sömu orð eru notuð til að loka 1. og 4. bók Saltarans: „Lofaður sé Drottinn, Ísraels Guð, frá eilífð til eilífðar. Amen. Amen (41:14, sjá einnig 106:48) Svipaðar lofgjörðir eru einnig notaðar undir lok 2. bókar í 72:19: „Lofað sé hans dýrlega nafn um aldur og ævi og öll jörðin fyllist dýrð hans! Amen, amen" og undir lok 3. bókar í 89:53: „Lofaður sé Drottinn að eilífu. Amen. Amen". Þrátt fyrir að blessunina sé ekki að finna í lokaversi 5 bókarinnar má þó að segja að síðasti sálmurinn sé ein stór lofgjörð til Guðs. Þar er þó ekki notað blessunarhugtakið.

Bókstafleg merking blessunarinnar kemur nokkrum sinnum fyrir í ritinu eða Blessun Guðs kemur einnig fyrir nokkrum sinnum í ritinu eða ellefu sinnum í jafnmörgum sálmum.<sup>103</sup> Blessunin er jafnframt beint frá Guði komin í 8 sálmum, t.d. 3:9: „Blessun þín komi yfir lýð þinn" og 24:5: „Hann hlýtur blessun frá Drottni og réttlæti frá Guði" þar sem blessunin er augljóslega tengd því að njóta návista Guðs og gjafa hans.<sup>104</sup> Í hinum þremur tilfellunum er blessunin ekki beint frá Guði komin. Í 37:26 er greint frá því að niðjar réttláts manns verði öðrum til blessunar, rétt eins og hægt er að tengja við ættfeðurna og niðja þeirra. Haustregnið færir táradalnum blessun í 84:7 þegar helgigöngumenn fara um hann og í 109:17 er greint frá því að okrarinn hafði ánægju af bölbænum og að blessun hafi ekki glatt hann. Þó er ekki endilega verið að meina að hann hafi verið eitthvað á móti blessuninni í sjálfu sér. Hann hefur ekki hegðað sér í samræmi við hana.<sup>105</sup>

Verknaðurinn að blessa kemur öllu oftar fyrir eða í 27 skipti í 20 sálmum.<sup>106</sup> Í 20 skipti er það Guð sem blessar eins og í 5:13: „því að þú, Drottinn, blessar hinn réttláta" og 109:28: „Bölví þeir, blessar þú". Svo virðist vera sem hin aronítíska blessun sé umfjöllunarefni í 67:2: „Guð sé oss náðugur og blessi oss, hann láti ásjónu sína lýsa meðal vor". Ákallið um að hann láti ásjónu sína lýsa yfir einhvern er jafnframt ákall um að hann virði einstaklinginn viðlits.<sup>107</sup> Þó er blessunin einnig notuð í neikvæðri merkingu eins og í 10:3: „Hinn óguðlegi gleðst í græðgi sinni, blessaðr gróða sinn og lítilsvirðir Drottin". Hinn illi virðist ennfremur nota blessunina til illra verka eins og í 62:5: „Þeir ráðgast um það eitt að steypa honum úr tign hans,

---

<sup>103</sup> Slm 3, 21, 24, 37, 72, 84, 109, 112, 128, 129 og 133.

<sup>104</sup> Anderson 1983, *Psalms 1-72*, bls. 203.

<sup>105</sup> Anderson 1983, *Psalms 73-150*, bls. 764.

<sup>106</sup> Slm 5, 10, 28, 29, 37, 45, 62, 65, 67, 72, 107, 109, 113, 115, 118, 128, 129, 132, 134 og 147.

<sup>107</sup> Anderson 1983, *Psalms 1-72*, bls. 479.

þeir hafa yndi af lygi, blessa með munninum, bölvva með hjartanu". Þessi notkun getur tengst galdranotkun blessunar og bölvunar á frumstigi trúarbragðanna.<sup>108</sup> Menn eru þó hvattir til að blessa konunginn í 72:15 fyrir velgjörðir hans gagnvart fólkinu. Því má segja að hlutverk Guðs sem móttakari blessunarinnar frá mönnunum sé hér fært yfir á konunginn og vald hann með því móti fest í sess.<sup>109</sup> Nafn Drottins er þó blessað í 113:2 og er því nátengt lofgjörðinni. Menn blessa þó aðra menn eins og í 129:8 og í 118:26 þar sem greint er frá því að sá sem kemur til musterisins sé blessaður af prestum þess. Allir sem komu inn í musterið fengu hina aronítísku blessun frá þeim.<sup>110</sup>

Einungis tvisvar hefur blessunin aðra merkingu en núþegar hefur verið farið yfir. Annars vegar í 21:4 og hins vegar í 49:19. Í fyrra tilvikinu er blessunin í merkingu gjafar: „Þú komst á móti honum með góðar gjafir, settir gullkórónu á höfuð honum" en hér er það Guð sem veitir konungnum góðar gjafir og gullkórónuna. Í 49:17-21 er greint frá einstaklingi sem verðu ríkur og öll ætt hans. Í v. 19 segir: „Hann kann að telja sig sælan meðan hann lifir". Þetta telst þó ekki kostur þar sem greint er ennfremur frá því í v. 21 að sá sem á auð og engan skilning hlýtur að deyja eins og dýrin. Maðurinn hreykir sér sjálfur af því að honum vegnar vel. Blessunin hefur því íroníska merkingu og gæti jafnvel táknað hroka.<sup>111</sup>

### Jesaja, Jeremía og Esekíel

Í riti Jesaja getur Guð blessað aðrar þjóðir en Ísrael eins og sést í 19:24 og 19:25. Þar kemur fram að Egyptar og Assýringar eru blessaðir. Gengið er enn lengra og greint frá því að Assýringar séu handaverk Guðs. Hér kemur fram sú fullvissa að Guði er ekkert um megn og engin mennsk máttaröfl eru sterkari en hann. Í 36:16 er Assýríukonungur þó kominn og býður Ísraelsmönnum að semja frið við sig og ganga sér á hönd en hér er blessunin notuð yfir að semja frið. Brösulega gengur þó að þýða þetta textabrot úr frummálinu en að semja frið er að öllum líkindum rétt þýðing.<sup>112</sup> Þetta er ekki algeng notkun á blessuninni í Gamla testamentinu.

Þrátt fyrir mótlæti mun Guð blessa þjóð sína þegar hún snýr aftur úr útlegðinni í Babýlon. Hann lofar henni t.d. að veita niðjum hennar blessun rétt eins og planta sem vex allt í einu í eyðimörkinni eftir óvænta rigningu.<sup>113</sup> Framtíð þjóðarinnar er gerð möguleg ef Guð

---

<sup>108</sup> Anderson 1983, *Psalms 1-72*, bls. 452-453.

<sup>109</sup> Anderson 1983, *Psalms 1-72*, bls. 525.

<sup>110</sup> Anderson 1983, *Psalms 73-150*, bls. 803-804.

<sup>111</sup> Anderson 1983, *Psalms 1-72*, bls. 380.

<sup>112</sup> Watts 1987, *Isaiah 34-66*, bls. 21.

<sup>113</sup> Watts 1987, *Isaiah 34-66*, bls. 144.

grípur inn í söguna og blessar þjóð sína. Blessunarmerkingin hér er að öllum líkindum hin klassíska frjósemismerking.<sup>114</sup> Aftur er blessunin í frjósemismerkingu í 51:2 og þá í tengslum við Abraham þar sem segir: „...því að hann var einn þegar ég kallaði hann og ég blessaði hann og jók kyn hans“.

Oftast kemur blessunin fyrir í þriðja hluta ritsins, T-Jes.<sup>115</sup> Þar er hún alltaf tengd Guði utan tveggja tilvika. Í 65:8 er blessunin falin í vínberi: „Þegar menn finna safa í vínberi segja þeir: „Skemmdu það ekki því að í því er blessun““ en vínberið og blessunin tákna Ísrael. Merkingin er fólgin í því að fyrstu vínber uppskerunnar voru ekki góð til víngerðar en þó voru nokkur þeirra tekin frá til að nota í fórn til Guðs sem tákn um líf og blessun. Þeim var fórnað til Guðs sem þakklætisvotti fyrir uppskeruna og svo að fjölskyldan gæti notið blessunar Guðs áfram.<sup>116</sup> Í síðasta tilviki blessunarinnar í ritinu, í 66:3, er greint frá því að sá sem brennir reykelsi blessar skurðgoð. Þetta er að finna í kafla sem fjallar aðallega um hvað er rétt og rangt gagnvart Guði og þeim sem tilheyrta honum. Þó er ekki ljóst hvort maðurinn blessar nafn skurðgoðsins eða í nafni þess.<sup>117</sup>

Blessunin er þó í öðrum tilvikum frá Guði komin. Hann mun blessa Ísraelsmenn þegar þeir koma heim úr herleiðingunni og það mun greinilega sjást á þeim að þeir verði blessaðir skv. 61:9. Aftur minnir blessunin á blessun ættfeðranna, sér í lagi Abrahams.<sup>118</sup> Einnig mun Guð blessa niðja þeirra og tryggja áframhaldandi velferð þeirra í 65:23. Sá sem óskar sér blessunar þarf ennfremur ekki að gera annað en að leita til hins rétta Guðs í 65:16.

Í riti Jeremía er greint frá því undir lok 3. kafla að hjáguðadýrkun lýðs Guðs sé orðin algjör með allri þeirri sundrung sem henni fylgir. Upphaf 4. kafla reynir þó að færa þjóðina frá villu vegar og hvetur hana til að snúa aftur til hins eina og sanna Guðs þjóðarinnar. Ef hún segir í einlægni að Guð lifi mun hún njóta blessunar hans og státa sig af honum. Blessunin er hér mjög ákjósanlegur eiginleiki Guðs og augljóslega vel þess virði að sækjast eftir henni. Enda segir í 17:7: „Blessaður er sá maður sem treystir Drottni, Drottinn er athvarf hans“. Blessunin hefur þó neikvæða merkingu í harmljóði Jeremía (20:7-18) þar sem hann segir í 14. versu: „Dagurinn, sem móðir mín ól mig, sé ekki blessaður“ og óskar Jeremía ennfremur að hann sé

---

<sup>114</sup> Westermann 1969, *Isaiah 40-66*, bls. 135-136.

<sup>115</sup> Fræðimenn eru á einu máli um að rit Jesaja spámanns sé hægt að skipta í þrjá hluta: K. 1-39 (P-Jes), 40-55 (D-Jes) og 56-66 (T-Jes). Fyrstur til að koma með kenningu um þrískiptingu ritsins var þýski guðfræðingurinn Bernhard Duhm.

<sup>116</sup> Watts 1987, *Isaiah 34-66*, bls. 344.

<sup>117</sup> Watts 1987, *Isaiah 34-66*, bls. 356.

<sup>118</sup> Watts 1987, *Isaiah 34-66*, bls. 304.

bölváður. En þegar þjóðin mun snúa aftur heim úr herleiðingunni mun blessun Guðs fylgja henni allri. Þá mun fólkíð segja: „Drottinn blessi þig, bústaður réttlætisins, heilaga fjall“.

Blessunin kemur fyrir hjá Esekíel strax í 3:12. Þar er hana þó að finna í öðrum leshætti en ekki í sjálfum texta Biblíunnar. Í staðinn fyrir: „Ég heyrði drunur frá miklum jarðskjálfta að baki mér þegar dýrð Drottins hófst upp frá stað sínum“ er boðið upp á: „blessuð sé dýrð Drottins“. Hið síðara er að öllum líkindum réttara þar sem það er nær frumtextanum.<sup>119</sup> Hér sér Esekíel Guð í fyrsta sinn. Tvisvar er blessunina að finna í 34:26 þar sem Guð segir að hann muni láta hjörð hirðar síns (Ísrael og Davíð) njóta verndar hans og lætur „þá og umhverfi hæðar minnar bera blessun og ég mun senda regn á réttum tíma, regn til blessunar“. Það má segja að þetta hafi viss einkenni sáttmálaformúlu milli Guðs og þjóðar hans. Blessunin er hér tengd landinu og frjósemi þess.<sup>120</sup> Menn skulu þó skv. 44:30 gefa prestunum af frumgróða landsins í 44:30 svo blessun Guðs hvíli yfir húsi þeirra. Þetta minnir á 5Mós 14:29 þar sem talað er um tíundina en menn hljóta skv. versinu að skuldbinda sig gagnvart prestunum til þess að fá velvild Guðs.<sup>121</sup>

### Jóel, Haggaí, Sakaríá og Malakí

Einu sinni er blessunina að finna í ritum Jóels og Haggaí eða í Jl 2:14 og Hag 2:19. Í tilviki Jóels er fólk hvatt til iðrunar í von um að Guði muni snúast hugur svo hann mildist og veiti þjóð sinni blessun. Aftur er blessunin ákjósanleg hjá Guði og vert að iðrast til þess að hljóta hana. Það dugar þó ekki einungis að iðrast, menn verða samhliða því að halda sáttmálann til þess að hljóta blessunina.<sup>122</sup> Einnig er athyglisvert að þjóðin virðist ekki geta fært Guði fórnir nema hann blessi hana að fyrri bragði. Samkvæmt því hefur fórnin engan tilgang ef Guð er reiður gagnvart þjóð sinni. Hjá Haggaí er blessunin tengd matarforða og gjöfum landsins þar sem ekki er nægur matur til í forðahlöðunum. Ekki er komin uppskerutíð en Guð mun sjá til þess að hún muni ekki verða rýr.<sup>123</sup> Í riti Haggaí er lögð rík áhersla á að endurreisa musterið í Jerúsalem en Guð mun blessa þjóðina ríkulega ef hún gerir það.

Í riti Sakaríá er blessun Guðs fólgin í því að Ísraelsmenn muni sameinast á ný í 8:13.<sup>124</sup> Guð breytir bölvun ættbálkanna í blessun en það sést oftar en ekki í Gamla testamentinu að

---

<sup>119</sup> Allen 1994, *Ezekiel 1-19*, bls. 13.

<sup>120</sup> Allen 1990, *Ezekiel 20-48*, bls. 163.

<sup>121</sup> Allen 1990, *Ezekiel 20-48*, bls. 264.

<sup>122</sup> Stuart 1987, *Hosea-Jonah*, bls. 252-253.

<sup>123</sup> Smith 1984, *Micah-Malachi*, bls. 161-162.

<sup>124</sup> Smith 1984, *Micah-Malachi*, bls. 237.

hann er vel fær um slíkt. Guð lofar ætt Júda og Ísraels að þær munu verða héðan af öðrum til blessunar. Í 11:5 biður Guð Sakaríá um að verða hirðir til að gæta sláturfjárins (sem hægt er að yfirfæra á Ísraelsþjóðina). Þeir sem kaupa sláturféð prísá sig sæla með blessun og segja: „Lof sé Drottni, ég er orðinn ríkur,“ þar sem lof stendur fyrir blessunina. Þetta er ekki starf sem kallar á mikla bjartsýni þar sem óvinir þjóðarinnar fara mikinn.<sup>125</sup>

Hjá Malakí er blessunin tengd forðabúrinu eins og hjá Sakaríá en þó einnig bölvuninni. Í 2:2 segir Guð við prestana að hann muni senda þeim bölvun og breyta blessun þeirra í bölvun ef þeir hlusta ekki á Guð og heiðra ekki nafn hans. Í kjölfarið fylgir langur listi yfir hvað Guð mun gera ef þeir hlýða ekki. Í 3:10 verður þjóðin að sýna iðrun og færa tíund sína í forðabúr húss Guðs. Guð segir að þeir skulu reyna Guð með þessu og sjá hvort Guð muni ekki veita þjóð sinni blessun. Sjaldgæft er í Gamla testamentinu að maðurinn prófi Guð en það kemur einungis fram undir mjög sérstökum kringumstæðum.<sup>126</sup> Tengsl milli iðrunar og blessunar eru greinileg hjá spámönnum Gamla testamentisins. Einstaklingurinn mun ekki hljóta blessun hans nema að iðrast og taka sinnaskiptum.

## Nýja testamentið - εὐλογία

### Matteusarguðspjall

Í Matteusarguðspjalli bregður blessuninni fyrst fyrir í fjallræðunni í 5:44 sem sem Jesús hvetur þá sem á hann hlýða að biðja fyrir þeim sem ofsækja þá þar sem blessunin (εὐλογία) er þýdd sem að biðja. Þessi merking á enga hliðstæðu annars staðar í Biblíunni og er því um einstakt tilvik að ræða. Þó er blessunin í guðspjöllunum nánast alltaf tengd Jesú með einum eða öðrum hætti. Blessunin er þó nátengd þakkargjörðinni annars staðar í guðspjallinu, rétt eins og í Gamla testamentinu. Í 14:19 þakkar Jesús Guði fyrir brauðin fimm og fiskana tvo og mettar mannfjöldann. Jesús hegðar sér í sögunni eins og hver annar heimilisfaðir á þessum tíma þar sem hann fór gjarnan með þakkargjörð fyrir matinn áður en hans var neytt. Tungumál sögunnar vísar til síðustu kvöldmáltíðarinnar<sup>127</sup> en þar gerir Jesús þakkir áður en hann brýtur brauðið og gefur lærisveinunum í 26:26.

Við innreiðina í Jerúsalem kallar fólkíð: „Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins“ (21:9) en það er jafnframt tilvitnun í Slm 118:26. Jesús segir hið sama í 23:39 við þá sem fylgja honum en þar fjallar hann um endurkomu Krists en ekki innreið hans í Jerúsalem. Ræða Jesú á

---

<sup>125</sup> Smith 1984, *Micah-Malachi*, bls. 269.

<sup>126</sup> Smith 1984, *Micah-Malachi*, bls. 334.

<sup>127</sup> Harrington 1991, *The Gospel of Matthew*, bls. 219-220.

Þessum stað er að nokkru leyti spámannleg.<sup>128</sup> Það heldur svo áfram í 25:34 þar sem hann lýsir þeim kringumstæðum þegar Mannsonurinn kemur: „Þá mun konungurinn segja við þá til hægri: Komið þér, sem faðir minn á og blessar, og takið við ríkinu“.

### Markúsarguðspjall

Rétt eins og í Matteusarguðspjalli mettar Jesús mannfjöldann í 6:41 og eins og áður þá þakkar hann Guði fyrir. Aftur mettar hann skömmu síðar í 8:7 og biður Guð um að blessa smáfiskana sem þeir höfðu. Þetta er jafnframt eina skiptið í guðspjöllunum þar sem hann blessar fiskana.<sup>129</sup> Rétt eins og í Mat 26:26 þakkar hann fyrir brauðið í síðustu kvöldmáltíðinni.

Í Barnaguðspjallinu svokallaða (Mrk 10:13-16) blessar Guð börnin sem koma til hans. Þar færir hann krafta sína til þeirra en það virðist ennfremur vera tilgangurinn með því að færa börnin til hans. Þetta er einn af fáum textum Nýja testamentisins, og yfirhöfuð textum frá þessum tíma um börn. Kjarninn í sögunni er sá að börnin taka öllu sem gjöf.<sup>130</sup>

Innreiðin í Jerúsalem kemur með sama orðalagi fyrir í 11:9 en þó er bætt við í versinu á eftir: „Blessað sé hið komandi ríki föður vors Davíðs!“. Í yfirheyrslunum yfir Jesú spyr æðsti presturinn hann hvort hann sé Kristur, sonur hins blessaða en hinn blessaði er samheiti fyrir Guð. Hér er það notað til að skapa gyðinglegt andrúmsloft í textanum þar sem reynt er að komast hjá því að nota nafn Guðs.<sup>131</sup>

### Lúkasarguðspjall

Í sumum handritum er bætt við í 1:28 þegar Gabríel kemur til Maríu: „Blessuð sért þú meðal kvenna“. Það er þó ekki að finna í íslensku þýðingunni. Elísabet segir þessi orð þó við Maríu í 1:42 og bætir við: „og blessaður ávöxtur lífs þíns“. Elísabet virðist vita allt án þess að tekið sé sérstaklega fram að henni hafi verið greint frá hlutverki Maríu.<sup>132</sup> Blessunina er að finna í lofgjörðarmerkingu stuttu síðar eftir að hann gefur Jóhannesi (skírara) nafn sitt en í 1:64 lofar hann Guð. Sakaríá lofar einnig Guð með lofsöng sínum og hefur hann á orðunum: „Lofaður sé Drottinn, Guð Ísraels“ (1:68). Í kjölfarið greinir hann ennfremur frá því hvers vegna hann sé lofaður. Þegar Símeon tekur Jesú að sér í helgidóminum lofar hann Guð (2:28) og blessar síðan foreldra hans en blessun hans sýnir hversu mikilvægur Jesús mun verða síðar

---

<sup>128</sup> Harrington 1991, *The Gospel of Matthew*, bls. 356.

<sup>129</sup> Donahue og Harrington 2002, *The Gospel of Mark*, bls. 245.

<sup>130</sup> Donahue og Harrington 2002, *The Gospel of Mark*, bls. 300-301.

<sup>131</sup> Donahue og Harrington 2002, *The Gospel of Mark*, bls. 422.

<sup>132</sup> Johnson 1991, *The Gospel of Luke*, bls. 41.

meir.<sup>133</sup> Það má segja að Jesús ávíti nokkra farísea í 13:35 einmitt vegna þess að þeir taka ekki eftir mikilvægi hans: „Þér munuð eigi sjá mig fyrr en þar er komið að þér segið: Blessaður sé sá er kemur í nafni Drottins". Lærisveinarnir lofa þó Guð með nánast sömu orðum í 19:38 þegar hann kemur ofan af Olúfjallinu.

Rétt eins og áður þakkar Jesús fyrir brauðin fimm og fiskana tvo þegar hann mettar mannfjöldann í 9:16. Hið sama gerir hann í Emmaus í 24:30 en allt vísar með beinum eða óbeinum hætti til síðustu kvöldmáltíðarinnar.<sup>134</sup> Jesús hvetur líkt og í Mat 5:44: „blessið þá sem bölvá yður" en hér vill hann stuðla að breytingu á algildum lögum og hugsun samfélagsins.<sup>135</sup> Hann blessar jafnframt lærisveina sína í nánd við Betaníu í 24:50, mögulega með orðalagi hinnar aronítísku blessunar.<sup>136</sup> „Á meðan hann var að blessa þau var hann upp numinn til himins" (24:51). Í síðasta versu guðspjallsins (24:53) er greint frá því að þegar fylgjendur hann sneru aftur til Jerúsalem voru þau stöðugt í helgidóminum og lofuðu Guð. Guðspjallið endar því á sama stað og það byrjaði.

### Jóhannesarguðspjall

Einungis einu sinni kemur blessunin fyrir í Jóhannesarguðspjalli en það er við innreiðina í Jerúsalem þar sem mannfjöldinn hrópar: „Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins, konungur Ísraels".

### Postulasagan og Opinberunarbók Jóhannesar

Í Postulasögunni kemur blessunin einungis tvisvar sinnum fyrir í 3:25 og 3:26 en fyrra versió byggist að verulegu leyti á 1. Mósebók, enda koma líkar setningar fjórum sinnum fyrir í því riti<sup>137</sup> og m.a.s. vísað til sögunnar í upphafi: „...og eigið hlut í sáttmálanum sem Guð gerði við forfeður ykkar er hann sagði við Abraham: Af þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta". Í næsta versu hefur blessunin tilgangsmarkingu<sup>138</sup> í setningunni þar sem „Guð hefur reist upp þjón sinn og sent hann fyrst til ykkar til að blessa ykkur". Í ritinu er

---

<sup>133</sup> Johnson 1991, *The Gospel of Luke*, bls. 57.

<sup>134</sup> Johnson 1991, *The Gospel of Luke*, bls. 147.

<sup>135</sup> Johnson 1991, *The Gospel of Luke*, bls. 108.

<sup>136</sup> Johnson 1991, *The Gospel of Luke*, bls. 403-404.

<sup>137</sup> Sjá 1Mós 12:3, 22:18, 26:4 og 28:14.

<sup>138</sup> Þ.e.a.s.: „Þar sem 'x' þá 'y'".



blessunin gjöf heilags anda og þeir sem hana hljóta eiga hlutaðild í blessun Abrahams eins og fyrra versió ber með sér.<sup>139</sup>

Í Opinberunarbók Jóhannesar kemur blessunin fyrir þrisvar sinnum í keimlíkum lofgjörðartextum. Annars vegar eru það englar sem syngja til heiðurs lambinu í 5:12 og Guði í 7:12. Hins vegar er það öll sköpunin sem tekur undir lofsönginn í 5:13 og má segja að þeir undirstriki það sem englarnir sögðu í versinu á undan í 5:12. Í öllum þremur tilvikum Opinberunarbókarinnar er greint frá því að m.a. lof eða lofgjörð tilheyri lambinu eða Guði að eilífu. Besta dæmið sem hægt er að taka fram hér er e.t.v. úr 5:13: „Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu, sé lof og heiður, dýrð og kraftur um aldir alda“.

### Rómverjabréfið

Orðalagið „blessaður að eilífu“ er notað tvisvar í Rómverjabréfinu um Guð í 1:25 og 9:5. Í síðara tilfellinu er sér í lagi fjallað um Jesú sem ríkir yfir öllu. Páll hvetur í 12:14, líkt og Kristur, til almennra breytinga á lögum og hugsun samfélagsins og reynir að ýta undir meðaumkun og kærleika meðal kristinna manna sem er jafnframt prófsteinn á trú þeirra.<sup>140</sup> Páll greinir jafnframt frá því í 15:29 að hann muni koma „með blessun Krists í fullum mæli“. Þó er hægt að túlka þetta sem tvíræðni hjá Páli og var e.t.v. hugsað sem slíkt.<sup>141</sup>

Í Pálsbréfunum<sup>142</sup> er blessunin alltaf notuð í jákvæðri merkingu nema í Róm 16:18 þar sem segir: „Slíkir menn þjóna ekki Drottni voru Kristi heldur eigin maga, og með blíðmælum og fagurgala blekkja þeir hjörtu hrekklausra manna“. Blessun (*eulogía*) er hér þýdd sem fagurgali og er þetta eina tilvikið í Nýja testamentinu sem blessunin hefur neikvæða merkingu. Mögulegt væri að þýða *eulogía* hér einnig sem hroka eða eitthvað slíkt.

### Korintubréf

Blessunin virðist tengjast helgisiðalegum orðaforða Páls postula, sér í lagi í 1Kor 10:16 þar sem hann spyr: „Bikar blessunarinnar sem vér blessum, er hann ekki samfélag um blóð Krists?“. Virðist hún þá sérstaklega tengjast heilagri kvöldmáltíð. Bikar blessunarinnar tengist gyðingdómi þar sem hann var sérstaklega nátengdur blessun Guðs. Ekki var einungis drukkið

---

<sup>139</sup> Johnson 1992, *The Acts of the Apostles*, bls. 70-71.

<sup>140</sup> Byrne 1996, *Romans*, bls. 377.

<sup>141</sup> Byrne 1996, *Romans*, bls. 442.

<sup>142</sup> Almenn samstaða ríkir meðal fræðimanna að ósvikin bréf Páls postula í Nýja testamentinu séu 7; Rómverjabréfið, Fyrra og Síðara Korintubréf, Galatabréfið, Filippíbréfið, Fyrra Þessaloníkubréf og Fílemonsbréfið. Heimild: Clarence E. Glad 2004, *Átökin um textann: Nýja testamentið og upphaf kristni*, bls. 18.

af honum við stórar hátíðir, heldur nánast alltaf þegar drukkið var í samneyti með öðrum.<sup>143</sup> Svipaða sögu er að segja um 14:16 þar sem blessunin er þýdd sem lofgjörð.

Páll vísar ennfremur til erfiðis síns í 4:12 þar sem hann segir: „Hrakyrtir blessum við, ofsóttir umberum við“, sem skapar nokkur hugrenningartengsl við fjallræðu Krists í Matt 5-7. Í þessum hluta ritsins notar Páll mikið andstæður til að koma boðskap eða hugsunum sínum til skila. Blessunin vísar hér til verka Páls og hvernig hann svarar því sem hann hefur lent í og er hún því notuð sem andstæða við lífsreynslu Páls.<sup>144</sup>

Í Síðara Korintubrési kemur blessunin strax fyrir í 1:3 í upphafi lofgjörðar Páls: „Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists“ en þetta er eina tilvikið sem blessunin tengist lofgjörð. Orðalagið „sem er blessaður að eilífu“ sem kom fyrir í Róm 1:25 og 9:5 kemur aftur fyrir hér í 11:31 og virðist vera að blessunin hafi verið algeng í þessari formúlu hjá gyðingum á þessum tíma. Þó er ögn óljóst hvort Guð eða Jesús sé blessaður.<sup>145</sup>

Blessunin er þýdd eins og sums staðar í Gamla testamentinu sem gjöf í 9:5 þar sem umfjöllunarefnið er samskotin handa hinna heilögu í Jerúsalem. Hún fær jafnframt þetta nýja heiti á þessum stað.<sup>146</sup> Páll vill ennfremur að gjöfin sé „á reiðum höndum eins og blessun en ekki eins og dregin undan nöglum ykkar“. Blessunin er ennfremur þýdd á íslensku sem ríflega í 9:6: „... sá sem sáir ríflega mun og ríflega uppskera“. Hér væri einnig möguleiki að þýða sem blessunarlega en þó er möguleiki á að merkingin með textanum hverfi við það.

### **Galata- og Efesusbréfið**

Blessunin kemur fyrir í Galatabréfinu með stuttu millibili í 3:9 og 3:14. Í báðum tilvikum er vísað til Abrahams og blessunar hans sem finna má í 1Mós 22:17-18 og fjallað um hana í tengslum við réttlætingu af trú. Umfjöllunarefni kaflans er að Guð blessar þá sem trúa eins og Abraham, sér í lagi í 9. versí þar sem blessuninni er skellt fram sem andstæðu við bölvun lögmálsins. Kristur tók á sig bölvun lögmálsins sem varð svo til þess „að allar þjóðir fengju blessunina sem Abraham var heitið“ eins og segir í 14. versí. Líkt og í Postulasögunni telur Páll að blessuninni sé komið til leiðar fyrir tilstuðlan heilags anda og eru afkomendur Abrahams dæmi um afrakstur hennar.<sup>147</sup>

---

<sup>143</sup> Collins 1999, *First Corinthians*, bls. 379.

<sup>144</sup> Collins 1999, *First Corinthians*, bls. 190-191.

<sup>145</sup> Lambrecht 1999, *Second Corinthians*, bls. 193.

<sup>146</sup> Lambrecht 1999, *Second Corinthians*, bls. 146.

<sup>147</sup> Matera 1992, *Galatians*, bls. 120.

Líkt og í Síðara Korintubræfi er blessunina að finna strax í 1:3 þrisvar sinnum í upphafi lofgjörðar Páls: „Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists sem í Kristi hefur blessað oss með allri andlegri blessun himinsins”.<sup>148</sup> Þetta er reyndar eini staðurinn sem blessunin kemur fyrir í ritinu. Orðaröðin í frumtextanum vísar til vissra helgisiðnaformúla sem virðast hafa verið við lýði á þessum tíma. Blessanir og lofgjörðir er að finna víða í bréfum Nýja testamentisins sem byggjast þó allar á blessunarhugsun Gamla testamentisins. Þeir sem aðhylltust kristni á fyrstu árum hennar byggðu einmitt á helgisiðum gyðinga og gerðu þá að sínum eigin. Líkt og annars staðar í Nýja testamentinu gegnir heilagur andi mikilvægu hlutverki og lítur ennfremur út fyrir að hann hafi verið nátengdur blessun Guðs.<sup>149</sup>

### Hebreabréfið

Oftast kemur blessunin fyrir í Hebreabréfinu af bréfum Nýja testamentisins. Aldrei er hún þó hluti lofgjörðar og alltaf þýdd sem blessun eða að blessa. Í 6:7 er notkunin þó í nokkuð einkennilegu samhengi þar sem blessunin er tengd landinu en þar segir: „Jörð sú er drukkið hefur í sig regnið, [...] og ber gróður til gagns fyrir þá sem yrkja hana, fær blessun frá Guði”. Þetta er líkingarmál sem er svolítið teygjanlegt þar sem jörðin er hér næstum ábyrg fyrir regninu. Í næsta versu er jafnframt greint frá því að ef hún ber þyrna og þistla er jörðin ónýtt og á henni hvílir bölvun. Eyðing plantna sem annað hvort bera ekki ávöxt eða rangan ávöxt er stef sem kemur reglulega fyrir hjá spámönnum Gamla testamentisins og Jesú sjálfum.<sup>150</sup>

Stef og sögur Gamla testamentisins koma fyrir í Efesusbréfinu í tengslum við blessunina. Í 6:14 er greint frá fyrirheitinu sem Guð gaf Abraham í 1Mós 22:17 þar sem Guð sór við sjálfan sig: „Sannlega mun ég ríkulega blessa þig og stórum margfalda kyn þitt”.<sup>151</sup> Ennfremur er greint frá því í 7:1 að Melkisedek blessaði Abraham þrátt fyrir að hann hafi verið fyrsti maðurinn sem Guð lofaði frelsun. Melkisedek er jafnframt líkt við Jesú sjálfan í 7:3 og í 7. kafla eru jafnframt færð rök fyrir því að hann hafi verið meiri en Abraham þar sem hann „blessaði þann er fyrirheitin hafði” og í 7:7: „Því verður þó ekki á móti mælt að sá sem er meiri blessar þann sem minni er”.<sup>152</sup> Áfram halda stefin úr Gamla testamentinu í 11:20, 11:21 og 12:17. Greint er frá í 11:20 að Ísak blessaði Jakob og Esaú og í versinu á eftir að Jakob blessaði

---

<sup>148</sup> Skemmtileg staðreynd: Þetta er lengsta setning Nýja testamentisins. Heimild: MacDonald 2000, *Colossians and Ephesians*, bls. 196.

<sup>149</sup> MacDonald 2000, *Colossians and Ephesians*, bls. 196-197.

<sup>150</sup> The Cambridge Bible commentary - Heb bls. 60.

<sup>151</sup> Hér kemur blessunin tvisvar í frumtextanum til áhersluauka.

<sup>152</sup> Davies 1967, *A Letter to Hebrews*, bls. 66-67 og 69.

báða syni Jósefs. Í 12:17 er Esaú til umfjöllunar þar sem höfundur bréfsins hvetur til þess að breyta ekki eins og hann þar sem hann lét af hendi frumburðarrétt sinn fyrir einn málsverð. Hann var einnig rækur ger þegar hann vildi öðlast blessunina. Höfundur bréfsins ræðir hér um sögurnar af Jakobi og Esaú til þess að vekja söfnuðinn til umhugsunar um sinn eigin hag og trú. Ef þeir hverfa frá trúnni á Krist munu þeir glata blessun sinni.<sup>153</sup>

### **Jakobsbréf og 1. Pétursbréf**

Blessunin kemur tvisvar fyrir í Jakobsbréfi í 3:9 og 3:10. Í 3:1-12 er fjallað um mikilvægi þess að gæta vel að tungunni hvernig nota með hana. 3:10 útskýrir þetta hvað best: „Af sama munni gengur fram blessun og bölvun“. Höfundur Jakobsbréfsins hvetur hér áheyrendur sína til að bölvast ekki þar sem allir eru skapaðir í mynd Guðs og myndi allt fara út um þúfur ef ekki er haft taumhald á tungunni. Ef öðrum mönnum er bölvast bölvast sá hinn sami sjálfum sér.<sup>154</sup>

Síðasta bréf Nýja testamentisins þar sem blessunina er að finna er í Fyrra Pétursbréfi en þar kemur það fyrir í 1:3 og 3:9. Fyrra tilfellið er upphaf lofgjörðar: „Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists...“ sem er lík þeirri lofgjörð sem hægt er að finna í öðrum bréfum Nýja testamentisins. Síðara tilvikið er í 3:9 þar sem áheyrendur eru hvattir til að fylgja Kristi óttalaust. Má segja að spakmælabragur Orðskviðanna, sem kemur víða fram í Fyrra Pétursbréfi, komi bersýnilega fram í versinu: „Gjaldið ekki illt með illu eða illmæli fyrir illmæli heldur þvert á móti blessið því að þið eruð til þess kölluð að öðlast blessunina“. Ekki er endilega verið að meina að maður skuli gjalda illt með góðu heldur með blessun sem gæti jafnvel verið þýtt sem fyrirbæn sem er eitthvað sem á að einkenna kristinn mann.<sup>155</sup>

---

<sup>153</sup> Davies 1967, *A Letter to Hebrews*, bls. 123-124.

<sup>154</sup> Hartin 2003, *James*, bls. 179.

<sup>155</sup> Harrington og Senior 2003, *1 Peter, Jude and 2 Peter*, bls. 90-91.

## II hluti - Hin aronítíska blessun - Ritskýring

### Síðari hugrenningar guðfræðinemans

Farið er með hina drottinlegu blessun undir lok næstum alls helgihalds í kirkjunni og er það alltaf prestur sem veitir hana. Þó getur hver skírður maður framkvæmt skemmri skírn ef barn er hættulega sjúkt og ekki mögulegt að ná til prests. Fer hann þá með blessunarorðin óbreytt að loknu faðirvori. Þau enda þó ekki á orðunum: „Í nafni Guðs + föður og sonar og heilags anda“, heldur á „Amen“. Skemmri skírn skal staðfesta í kirkju ef barnið lifir.<sup>156</sup>

Blessunarorðin innihalda formúluna AB / AB / AB, þ.e.a.s. Drottinn framkvæmir annars vegar A: „Drottinn blessi þig“ og hins vegar B: „og varðveiti þig“, þar sem orðið „og“ markar skil á milli A og B. Í blessunarorðunum fer ekki á milli mála að blessunin kemur frá Drottni og það er hann sem í raun blessar, enda nefndur í upphafi allra versanna þriggja. Presturinn kemur henni þó til leiðar og er því milligöngumaður Guðs og manns. Þó er orðalag þeira, í það minnsta á íslensku, þess eðlis að þau eru bæn en ekki staðfesting á því að Drottinn blessar söfnuðinn.

Hin drottinlega blessun er þínu óheppilega orðuð á íslensku og getur það reynst söfnuðinum erfitt að átta sig fyllilega á því hvað orðalag hennar felur virkilega í sér. Hér er ekki endilega merking blessunarinnar ruglandi heldur orðaval hennar sem getur verið söfnuðinum fremur óskýrt. Það er ekki á hvers manns færi að skilja hvað er í raun og veru átt við með „láti sína ásjónu lýsa yfir þig“ og hvað þá heldur „upplyfti sínu augliti yfir þig“. Öðru máli gegnir hins vegar um aðra hluta blessunarorðanna. Það er Guð sem blessar, varðveitir, er viðkomandi náðugur og gefur frið. Þetta er mun almennara orðaval og skiljanlegra. Blessunarorðin gefa þó kærleiksríka mynd af Guði og hann hefur viss einkenni foreldra. Hann verndar, er náðugur og virðir mann viðlits rétt eins og foreldrar eiga að gera. Hjá honum er ennfremur enginn ótti eða illska af neinu tagi.

Það gæti líka verið verðugt rannsóknarefni hvort tón presta skipti máli í messunni, þ.á.m. blessunarorðunum og rannsaka álit safnaðarins á tóninu. Þar væri m.a. hægt að leita svara við spurningunum: „Kemst blessunin betur til skila tónuð?“, „Er merking kollektunnar huldari með tóni?“ eða „Er eitthvað sem er nauðsynlegt að tóna (og söfnuðinum finnst jafnvel skyldugt)?“. Að öllum líkindum er það einstaklingsbundið og jafnvel væru mismunandi svör milli safnaða en samt sem áður væri gaman að sjá slíka rannsókn. Þó skiptir kannski einmitt öllu máli hvort tónið sé vel flutt eður ei og er blessunin sennilega engin undantekning þar á.

---

<sup>156</sup> *Sálmabók íslensku kirkjunnar*, bls. 33.

Það er vel skiljanlegt að blessunarorðin séu höfð undir lok hverrar guðsþjónustu. Sérhver helgistund og guðsþjónusta í kirkju á einmitt að leiða til uppörvunar, fræðslu og að lokum, blessunar. Þegar litið er sér í lagi á sunnudagsmessuna eiga þjónusta orðsins (ritningarlestrar, prédikun o.fl.) og samfélagið um Guðs borð (syndajátning, berging o.fl.) að vera messugestum til blessunar. Blessunin er einmitt höfð undir lokin til ýta undir hinn endanlega tilgang guðsþjónustunnar.

Verður nú stuttlega vikið að hugleiðingum guðfræðinemans um orðalag hinnar drottinlegu blessunar.

*„Drottinn blessi þig og varðveiti þig.“*

Eins og fram kom hér að ofan er kyrfilega greint frá því að það er Guð sem blessar og frá honum kemur blessunin. Skv. fyrsta versí blessunarorðanna virðist vera munur á blessun og varðveislu og því slengt fram eins og það sé ekki endilega sami hluturinn. Þó má benda á að ásjóna og auglit er ekki það sama en hvort tveggja þýðir þó andlit og getur blessun og varðveisla merkt hið sama og er fyrsta versíð sennilega sett svona fram til áherslu, rétt eins og þegar farið er með orðið „amen“ þrisvar sinnum eftir að blessunin hefur verið veitt.

Það er þó kannski nákvæmlega í fyrsta versí blessunarinnar sem tilgangur hennar kemur hvað skýrast fram og sér í lagi seinni parturinn, að Guð muni varðveita hinn blessaða. Maðurinn getur sannarlega passað upp á líf sitt og framvindu þess en þegar ótti og kvíði færast yfir tilveru mannsins getur honum reynst erfitt að halda því áfram. Þess vegna getur verið svo gott að vita til þess að Guð varðveitir viðkomandi og að hann geti hvílt öruggur í faðmi hans.

*„Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur.“*

Blessunarorðin halda hér áfram og snúa sér að viðmóti Guðs gagnvart hinum blessaða. Hér kemur fram sú von að Guð muni sýna mannum þá virðingu að virða hann viðlits. Ekki nóg með það, heldur mun ásjóna Guðs lýsa yfir viðkomandi þannig að hann verði honum kærkominn og nákominn og að maðurinn muni ljóma í dýrð hans. Að sjálfsgöðu felur það ekki í sér nokkuð neikvætt þar sem orðin „og sé þér náðugur“ fylgja fast á eftir. Þetta er einnig beiðni til Guðs um að hann verði mannum miskunnssamur þegar hann einmitt virðir viðkomandi viðlits og lætur hann vera umvafinn náðarríku ljósi og kærleika Drottins.

Hér leynist einmitt ein af glímum kristinnar trúar, þ.e.a.s. að erfitt sé að koma auga á Guð og hann sé mannum utan seilingar. Erfitt getur reynst að trúa á eitthvað sem maður hvorki sér né finnur fyrir. Annað versið svarar því þó með fullvissu um að viðkomandi muni bera augum dýrð Guðs og finna fyrir nærveru hans. Það er ekki eitthvað sem viðkomandi þarf að kvíða, enda er Guð náðugur þeim sem vilja finna fyrir Guði og ákalla nafn hans.

*„Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.“*

Blessunarorðunum lýkur hér með bæn þess efnis að Drottinn muni ekki einungis virða viðkomandi viðlits heldur enn betra viðlits ef svo mætti að orði komast og því er jafnrétti einkennandi fyrir fyrri hluta versins. Mér því að Guð sýni mannum þá virðingu að virða hann viðlits eru Guð og maður eitt og er bil þeirra fyllilega brúað. Samt sem áður mun maðurinn hvíla undir verndarvæng Guðs þar sem hann mun gefa honum frið vegna alls þess sem á undan er farið.

### Hebreski textinn

Hebreski textinn <sup>157</sup>	Biblían (2007)
וידבר יהוה אל־משה לאמר	<sup>22</sup> Drottinn talaði til Móse og sagði:
דבר אל־אהרן ואל־בניו לאמר כה תברכו את־בני ישראל אמור להם	<sup>23</sup> „Ávarpaðu Aron og syni hans og segðu: Með þessum orðum skuluð þið blessa Ísraelsmenn:
יברכך יהוה וישמרך	<sup>24</sup> Drottinn blessi þig og varðveiti þig,
יאר יהוה פניו אליך ויחנך	<sup>25</sup> Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur,
ישא יהוה פניו אליך וישם לך שלום	<sup>26</sup> Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.
ושמו את־שמי על־בני ישראל ואני אברכם	<sup>27</sup> Þannig skuluð þið leggja nafn mitt yfir Ísraelsmenn og ég mun blessa þá."

<sup>157</sup> Hebreski textinn er fenginn í gegnum forritið *E-Sword*: „E-Sword, the Sword of the LORD with an Electronic Edge“, fengið af heimasíðu *E-Sword*: <<http://www.e-sword.net/>>, höfundarréttur: Rick Meyers.

Í hebreskri málfræði er ekki til þátíð, nútíð eða framtíð eins og við þekkjum úr öðrum tungumálum, t.d. íslensku, ensku eða frönsku. Verknaður í hugarheimi hebreskunnar er annað hvort búinn eða ekki. Því er einungis hægt að tala um þátíð í hebresku ef viss verknaður er búinn eða liðinn hjá. Þetta kallast *perfect* í hebreskri málfræði.<sup>158</sup> Framtíð eins og við skiljum hana er einungis mögulega ef verknaður stendur yfir, er ólokið eða ekki hafinn. Þetta kallast *imperfect* í hebreskri málfræði. Bætt er því við staf fyrir framan sögnina sem táknar gerandann, enda má segja að lögð sé fremur áhersla á hann heldur en verknaðinn sem sögnin gefur til kynna.<sup>159</sup>

Dæmi um slíkt er einmitt að finna í blessunarorðunum en þar er (׀) bætt við fyrir framan sögnina að blessa í upphafi blessunarorðanna í v. 24 sem táknar jafnframt 3. p. et. kk. sem í þessu tilviki vísar til Guðs. Lögð er jafnframt áhersla á hann þar sem nafn hans er næst á eftir blessuninni og einnig á eftir upphafssögninni í hinum tveimur versum blessunarorðanna. Því er annað hvort hægt að þýða þau beint yfir á íslensku sem annað hvort „Drottinn blessar þig (vonandi)..." eða „Drottinn mun blessa þig". Því er eðlilegt að þýða þau á íslensku með því að nota viðtengingarhátt sem jafnframt tjáir eitthvað hugsanlegt eða mögulegt: „Drottinn blessi þig...". Rangt væri að þýða þau í framsöguhátti: „Drottinn blessar þig...".

Vert er að gefa því gaum að 2. og 3. vers blessunarorðanna í hebreskunni eru keimlík, þ.e.a.s. annað, þriðja og fjórða orð þeirra eru hin sömu, „Guð", „andlit" og „yfir þig/gagnvart þér". Fremsta sögnin breytir þó merkingu hvers vers fyrir sig þar sem í öðru versu er sögnin אור sem merkir að láta skína eða lýsa en í þriðja versu er sögnin נשא sem notuð er í mörgum orðasamböndum, gjarnan í merkingunni að samþykkja en grunnmerking hennar er að lyfta. Merking þeirra er lík þrátt fyrir að notuð séu mismunandi sagnir í versunum.

Bein þýðing blessunarorðanna úr hebresku yfir á íslensku væri eitthvað á þessa leið:

Drottinn blessi þig og verndi þig.  
Drottinn láti sitt andlit lýsa gagnvart þér og sé þér náðugur.  
Drottinn lyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.

### Íslenskar biblíuþýðingar

Þýðing blessunarorðanna yfir á íslensku hefur tekið litlum breytingum í aldanna rás. Hér verða tekin þrjú dæmi. Hið fyrsta er úr Guðbrandsbiblíu frá 1584, næst úr Steinsbiblíu frá 1734 og að lokum úr biblíuþýðingunni frá 1912.

<sup>158</sup> Weingreen 1959, *A Practical Grammar for Classical Hebrew*, bls. 56.

<sup>159</sup> Weingreen 1959, *A Practical Grammar for Classical Hebrew*, bls. 76.



Drottin blesse þig og vardveite þig.  
Drottin late sjna Asionu ljasa nfer þig/ Og sie þier Mjnskunsamur.  
Drottin snue sjnu Andlite til þin/ Og giefie þier Frid.

Drotten blesse þig og vardeveite þig  
Drotten late sjna asioonu ljesa nfer þig / og sie þier nadugur.  
Drotten upphefie sitt auglite nfer þig / og giefie þier frid.

Jahve blessi þig og varðveiti þig!  
Jahve láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur!  
Jahve upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið!

Í Guðbrandsbiblíu er orðið „miskunnsamur“ notað í öðru versí í stað „náðugur“ sem notað er í hinum biblíupýðingunum tveimur og nú á dögum. Merkingin er þó nánast sú sama. Þar er ennfremur greint frá því að Guð snúi andliti sínu til hins blessaða í staðinn fyrir að upplyfta eða upphefja í hinum þýðingunum. Þýðingin frá 1912 er einnig öðruvísi en hinar að því leyti að sérnafnið „Jahve“ er notað yfir Guð en „Drottinn“ í hinum. Að öðru leyti hafa blessunarorðin ekki breyst nógu mikið svo vert sé að ræða að ræða það í löngu máli. Víkur því sögunni að erlendum biblíupýðingum.

### Erlendar biblíupýðingar

Í Biblíu Lúthers frá 1534, sem stuðlaði mikið að varðveislu þýska tungumálsins, eru blessunarorðin nánast hin sömu og beinþýðing þeirra úr frummálinu yfir á íslensku undir lok kaflans á undan um hebreska textann. Andlit (þýs.: *Angesicht*) er notað í 2. og 3. versí blessunarorðanna rétt eins og í frumtextanum:

Der HERR segne dich und behüte dich;  
der HERR lasse sein Angesicht leuchten über dir und sei dir gnädig;  
der HERR hebe sein Angesicht über dich und gebe dir Frieden.<sup>160</sup>

Í þýskri þýðingu Biblíunnar, *Einheitsübersetzung*, fjórum árhundruðum síðar, eru þau mjög svipuð, jafnvel eins í fyrri versunum tveimur. Þriðja versíð er þó ögn öðruvísi en þar segir: „Der Herr wende sein Angesicht dir zu und schenke dir Heil“. Laus þýðing á þessu væri: Drottinn snúi sínu andliti til þín og gefi þér frelsun“. Að Drottinn snúi andliti sínu til einhvers er einsdæmi í þeim erlendu biblíupýðingum sem hér eru til skoðunar. Ennfremur er einkennilegt að orðið *Heil* sé notað hér yfir frið. Sögnin *schicken* er hin sama og að skenkja á

---

<sup>160</sup> Biblíu Lúthers, „4. Mose - Kapitel 6“, *tekið af vef Bibel-Online*: <[http://www.bibel-online.net/buch/luther\\_1912/4\\_mose/6/#1](http://www.bibel-online.net/buch/luther_1912/4_mose/6/#1)> [Sótt 25. apríl 2014].

íslensku, sem væri óneitanlega skondið að nota í þessu tilviki. Líkt og í Biblíu Lúthers eru blessunarorðin í viðtengingarhætti til að tjá ósk.

Í NRSV-útgáfu<sup>161</sup> Biblíunnar á ensku eru blessunarorðin á þessa leið:

The LORD bless you and keep you;  
the LORD make his face to shine upon you, and be gracious to you;  
the LORD lift up his countenance upon you, and give you peace.

Svona er orðaval blessunarinnar á enskri tungu í söfnuðum mótmælenda. Orðið *countenance* er orð sem ekki er oft notað í ensku. Það getur merkt andlit eða ásýnd en einnig samþykki, blessun eða fulltingi skv. veforðabók Snöru.<sup>162</sup> Andlit og ásýnd passa e.t.v. best inn í þýðingu en þó getur samþykki og m.a.s. blessun komið til greina. Hér er notað orðið *gracious*, eða náðugur og *peace*, fyrir frið.

Að lokum er litið til Norðurlandanna, nánar tiltekið Danmerkur. Í danskri þýðingu frá 1992 líta blessunarorðin svona út:

Herren velsigne dig og bevare dig,  
Herren lade sit ansigt lyse over dig og være dig nådig,  
Herren løfte sit ansigt mod dig og give dig fred.

Líkt og í fyrri biblíuþýðingunum eru blessunarorðin í viðtengingarhætti til að tjá ósk. *Ansigt* fyrir andlit er notað í bæði v. 2 og 3. Að öðru leyti eru þau mjög lík hinum íslensku.

## Fræðimenn

Martin Noth bendir á að blessunarorðin skuli greinilega koma af vörum prestanna eins og felst í orðunum: „Aron og synir hans" í 23. versu. Að blessa Ísraelsmenn voru skyldur þeirra eins og sjá má í 5Mós 21:5 þar sem segir: „Þá skulu prestarnir, niðjar Leví, ganga fram því að þá hefur Drottinn, Guð þinn, valið til þess að þjóna sér og blessa í nafni Drottins". Einnig er hægt að benda á 5Mós 10:8: „Þá fékk Drottinn ættbálki Leví sérstakt hlutverk. Hann átti að bera sáttmálsörk Drottins, [...] og blessa í nafni hans eins og gert er enn í dag". Þegar konungar blessuðu þjóð sína tóku þeir einmitt á sig prestslegar skyldur. Blessunin átti þó sinn stað í helgidóminum og helgihaldinu sem þar fór fram og barst til þeirra sem komu til að taka þátt í þjónustunni. Þá var farið með blessunarorðin að lokinni þjónustunni og þá af prestinum.<sup>163</sup>

---

<sup>161</sup> NRSV: *New Revised Standard Version*.

<sup>162</sup> „Ensk-íslenska orðabókin", leitarorð: „countenance", *tekið af vef Snöru*: <<http://snara.is/8/>> [Sótt 26. apríl 2014].

<sup>163</sup> Noth 1968, *Numbers: A Commentary*, bls. 57-58.

Noth bendir á að varla sé hægt að tímasetja aldur blessunarorðanna en telur að þau séu í það minnsta fyrir herleiðingu þótt ekki sé hægt að vita neitt ákveðið tímatal fyrir víst. Einfalt orðalag blessunarorðanna sjálfra getur ennfremur gefið vísbendingar um að þau séu mjög gömul, enda eru þau skipulega uppbyggð og hafa ákveðið form. Blessunarorðin eru mynduð af þremur setningum þar sem Guð gerir eitthvað tvennt í þeim öllum. Þetta staðfestir formhugmyndir höfundar þessa verks eins og þær koma fram í hugrenningum hans. Í hverri setningu kemur fram nafn Drottins sem sýnir augljósan uppruna blessunarinnar og hver veitir hana í raun. Setningarnar eru einmitt settar fram sem svokallaðar áhrifssetningar (úr ens.: *Jussive clauses*), þ.e.a.s., gerandi (Guð) hefur (viljandi) áhrif á þann sem setningin fjallar um (þann sem verið er að blessa). Guð er nefndur þrisvar sinnum í blessunarorðunum öllum sem leggur sérstaka áherslu á að blessunin kemur frá honum og það er hann sem blessar. Hlutverk prestsins er því einungis að vera milligöngumaður Guðs og manns til að koma blessuninni til leiðar þar sem blessunin á ekki upphaf sitt að rekja til prestsins. Þetta er auðséð í vers 27 sem er þó ekki hluti af blessunarorðunum: „Þannig skuluð þið leggja nafn mitt yfir Ísraelsmenn og ég (Guð) mun blessa þá.“<sup>164</sup>

Blessunarorðin eru stutt og einföld og eru höfð í 2. p. et. svo að áheyrendur geti hver fyrir sig tekið hana til sín og fundið fyrir því að verið sé að blessa hann sjálfan. Allir eru þó hluti af einni heild í þjónustunni. Noth rekur svo efni blessunarorðanna þar sem í sjálfu sér kemur ekki margt nýtt fram. Blessunin inniheldur allar gjafir Guðs til Ísraelsmanna. Í fyrsta vers blessunarorðanna fjallar Guð um vernd hans yfir þjóð sinni. Noth segir að „láti sína ásjónu lýsa yfir þig“ sé eilítið skringilegt orðaval sem er þó notað sums staðar í Sálmunum.<sup>165</sup> Þetta sé þó greinilega merki um góðvild Guðs gagnvart manningum og þau orð sem á eftir fylgja „og sé þér náðugur“ segi sig sjálf. Þriðja vers blessunarorðanna er keimlíkt öðru vers með orðalagi sem kemur greinilega úr hugarheimi Biblíunnar. „Að upplyfta sínu augliti yfir einhvern“ merkir í raun og veru að virða einhvern viðlits. Í Biblíunni má einmitt sjá tilvik þar sem einhver einstaklingur leit ekki í áttina til einhvers ef hann var reiður út í viðkomandi. Þetta er einnig hægt að sjá í mannlegu atferli nú á dögum. Úr Biblíunni má taka dæmi úr sögunni um Kain og Abel (1Mós 4:5-6) og einnig má líta í spádómsbók Jeremía (3:12). Fyrri hluti þriðju og síðusta vers blessunarorðanna er því hreinlega ósk um að Guð muni líta viðkomandi vingjarnlegum augum og gefi honum frið (heb.: *shalom* - שלום). Noth vill þó varast að þýða *shalom* bókstaflega sem frið þrátt fyrir það sé í sjálfu sér alveg rétt merking. Það er þó ekki

<sup>164</sup> Noth 1968, *Numbers: A Commentary*, bls. 58.

<sup>165</sup> Sjá t.d. Slm 31:17, 80:4, 80:8 og 80:20 o.fl..

fullilega rétt merking orðsins eða samhengi þess. Merkingin er þó meira í átt við „almenna velmegun“ (úr ens.: *Absolute well-being*). Það sé einmitt kjarni og tilgangur blessunarinnar. Að sá sem er blessaðir geti tekið á móti, íhugað og notið þeirra gjafa sem Guð gefur mönnunum.<sup>166</sup>

Dennis T. Olson segir í sínu ritskýringarriti um 4. Mósebók að blessunarorðin séu að öllum líkindum frægustu orð ritsins, enda notuð sem blessunarorð í mörgum söfnuðum kristinna manna og gyðinga í helgihaldi af ýmsum toga. Blessunarorðin voru mikilvæg í helgihaldi Ísraelsmanna um langt skeið og það sýna nýlegir fornleifafundir í Ísrael þar sem orðin hafa verið rituð á ýmsa muni sem eru frá um 600 f.kr. og eru það ein elstu tilvik þar sem blessunarorðin hafa fundist. Þeir eru þar með mun eldri en Dauðahafshandritin sem eru flest talin vera frá um 400 f.Kr. Blessunarorðin voru því að öllum líkindum mun mikilvægari í helgihaldi og trúarlífi Ísraelsmanna en við höfum gert okkur grein fyrir og voru það sennilega um allnokkurt skeið.<sup>167</sup>

Blessunarorðin sjálf eru sett fram í ljóðrænum hebreskum stíl. Fyrsta lína blessunarorðanna í hebresku telur þrjú orð, önnur línan 5 orð og sú þriðja 7 orð. Fyrri hluti hvernar línu (þ.e.a.s. Drottinn blessi þig, láta sína ásjónu lýsa yfir þig, upplyfti sínu augliti yfir þig) sýnir glöggt hvað Guð gerir við þá sem taka á móti blessuninni. Seinni hluti hvernar línu lýsir jafnframt hvaða áhrif verk Guðs hefur á manninn (þ.e.a.s. varðveiti þig, sé þér náðugur og gefi þér frið). Þetta sést greinilega þar sem fyrri hlutinn inniheldur alltaf Drottin sem geranda. Þetta er einnig undirstrikað í niðurlaginu þar sem orðið ég er haft til áherslu í hebreskunni.<sup>168</sup>

Blessun hefur víðtæka merkingu. Þó er merkingin nátengd gjöfum Guðs handa mönnunum; frjósemi, land, heilsa, öryggi o.fl. sem veitir mannum möguleika á því að lifa lífinu til fulls og að njóta þess og um það fjallar fyrsta vers blessunarinnar. Þennan sama efnivið er hægt að finna í Slm 121 þar sem segir undir lok hans í 7. og 8. vers: „Drottinn mun vernda þig fyrir öllu illu, hann mun vernda sál þína. Drottinn mun varðveita útgöngu þína og inngöngu héðan í frá og að eilífu“. Hugsun sálmahöfundar er hér í fullilegu samræmi við inntak blessunarorðanna í heild en þó sér í lagi til fyrsta vers þeirra. Önnur lína blessunarorðanna notar ljósið sem samlíkingu til að lýsa veldvild Guðs, enda ljósið ein tákmynd Guðs og bæði bókstaflegur og myndrænn andstæðingur hins illa. Sálmur 67 hefst einmitt á orðalagi sem er keimlíkt annarri línu blessunarorðanna: „Guð sé oss náðugur og blessi oss, hann láti ásjónu sína lýsa meðal vor“. Olson telur að blessunarorðin nái hámarki í síðustu línunni og þeim sé

---

<sup>166</sup> Noth 1968, *Numbers: A Commentary*, bls. 58-59.

<sup>167</sup> Olson 1996, *Numbers*, bls. 41.

<sup>168</sup> Olson 1996, *Numbers*, bls. 41.

beint sérstaklega til fylgjenda Guðs. Að Guð upplyfti sínu augliti yfir söfnuðinn sýnir einmitt góðvild hans og jákvæðni í garð safnaðarins, jafnvel þó söfnuðurinn eigi það e.t.v. ekki skilið. Tvö dæmi um þetta mæti týna til úr Biblíunni. Annars vegar þegar Jakob vonast til þess að Esaú bróðir hans muni líta vel til hans eftir aðskilnað þeirra (1Mós 32:20) og hins vegar í Jobsbók þar sem Guð skipar vinum Jobs að færa honum fórnir svo hann hlífi þeim vegna þess að þeir höfðu ekki sagt satt um sig (Job 42:8-9).<sup>169</sup>

„*The Ultimate Word Is Peace*“ er titillinn á umfjöllun Olson um blessunarorðin í ritskýringarriti sínu. Því er auðséð hvað Olson telur vera hið mikilvægasta í blessunarorðunum þar sem orðið *shalom* sem gjarnan er þýtt sem friður er síðasta orð þeirra á hebresku. *Shalom* er hinn eiginlegi tilgangur blessunarinnar og kjarni blessunarorðanna. *Shalom* hefur víða merkingu en þó alltaf jákvæða. Það getur merkt frið, öryggi, land, heilsu, vináttu, langlífi, hamingju o.fl. Friður og réttlæti fara einmitt gjarnan saman í sálmunum og er sagt í Slm 85:11 að þau kyssist. Konungur Ísraelsmanna er einmitt verkfæri Guðs sem á að gefa fylgjendum hans á jörðinni frið frá fjandmönnum sínum. Friðurinn, eða *shalom*, sem kemur frá Guði í gegnum konunginn nær til allra fylgjenda Guðs, í musterinu, úti á akrinum, allt til endimarka veraldar.<sup>170</sup> Guð er umvefjandi afl sem nær til allra og það er einmitt tilgangur blessunarorðanna, að viðkomandi fái tilfinningu fyrir Guði í lífi sínu og starfi.

Philip J. Budd bendir á að blessunarorðin séu seinni tíma viðbót í 4 Mósebók og að flestir fræðimenn séu því sammála, t.d. Martin Noth. Inngangsorð blessunarinnar eru þó frá höfundu 4. Mósebókar sjálfum komið sem og niðurlag þeirra en tilgangur niðurlagsins er að leggja áherslu á mikilvægi blessunarinnar fyrir Ísraelsmenn. Orðalag blessunarorðanna sjálfrá minnir á orðalag sem gjarnan er notað í sálmunum og má vel vera að þau hafi jafnvel haft áhrif á suma þeirra, eins og Slm 67 sem Olson vísaði í hér að ofan. Budd bendir jafnramt á að það sé óvenjulegt fyrir P-heimildina að nota 2. p. et. rétt eins og gert er í kaflanum sem hér er til umfjöllunar. Nokkrir textar í Gamla testamentinu eru þó keimlíkir upphafinu sem finna má í þriðja versu blessunarorðanna: „Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig“, en þó er þetta í eina skiptið í Biblíunni þar hann kemur nákvæmlega með þessu orðalagi Nokkrir textar eru þó eins og áður sagði keimlíkir eins og Slm 4:7, 33:18 og 34:17.<sup>171</sup>

Það má segja að textinn sé vísir að handbók fyrir presta Ísraelsmanna þar sem 6. kafliinn í heild sinni gefur prestum (nasíreum) ýmis fyrirsmæli og er 4Mós 6:22-27 því í nokkru

---

<sup>169</sup> Olson 1996, *Numbers*, bls. 41-42.

<sup>170</sup> Olson 1996, *Numbers*, bls. 42-43.

<sup>171</sup> Budd 1984, *Numbers*, bls. 75-76.

samræmi við textann sem á undan fer. Lokavers kaflans gefa þeim einmitt leiðbeiningar um það hvaða orð skuli nota þegar þeir blessa en það sé jafnframt tilgangur höfundar. Með því styrkir hann prestana í vissu hlutverki í samfélaginu þar sem þeir eiga að vera milligöngumenn blessunarinnar sem er frá Guði komin. Blessunin leggur ennfremur áherslu á skuldbindingu Guðs gagnvart þjóð sinni vegna loforða hans við Abraham.<sup>172</sup>

Edmund Jacob vísar til þess að blessunin gegndi mikilvægu hlutverki í lífi Ísraelsmanna en Móses var fyrsti presturinn, fyrsti tengiliður Guðs og manna. Athafnasvæði prestanna var að sjálfsögðu í helgidóminum og þegar hann var skryddur tók hann á sig guðlegan tilgang en stærsta hlutverk hans var að blessa fólkið en hún var spurning upp á líf og dauða fyrir fólkið.<sup>173</sup>

Í Gamla testamentinu er það andlitið sem sýnir mestar tilfinningar af öllum limum líkamans. Andlit Guðs hefur því sérstaka merkingu í Gamla testamentinu. Að Guð snúi augliti sínu frá viðkomandi hefur þ.a.l. víðtækar og alvarlegar afleiðingar. Að fólk fái séð ásjónu Guðs merkir því að hann sé viðkomandi nálægur og fyllilega viðurkenndur af Guði. Ekki er þó að sjá að menn mættu ekki sjá andlit Guðs. Þetta sést t.a.m. í Jakobsglímunni og þegar Móses talaði við Guð augliti til auglitis. Andlit Guðs táknar því opinberun hans gagnvart mönnum og leitaði fólk eftir þeirri opinberun til að eiga nánara samband við hann. Fullvissan um að sjá andlit Guðs er það sama og greint er frá í hinni drottinlegu blessun: „Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur“.<sup>174</sup> Þó er að sjá í 2Mós 33:20 að Guð segir við Móse: „Þú getur ekki séð auglit mitt því að enginn maður fær séð mig og haldið lífi“.

Brevard S. Childs segir að enginn texti í Gamla testamentinu geri betur grein fyrir guðsdýrkun en hin drottinlega blessun. Blessunin eins og henni er þar lýst felur í sér algjöra einingu á innri og ytri aðstæðum og fullkomlegt samræmi þar á milli. Efnisleg og andleg blessun í Gamla testamentinu eru tvær hliðar á sama peningi þar sem Guð varðveitir manninn frá öllu, hvort sem það tilheyrir innra eða ytra lífi hans. Þessi hugsun kemur kannski hvað best fram í Slm 23: „Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum“. Einstaklingurinn nýtur öryggis jafnvel í návist óvina sinna. Job lýsir einmitt velgengni sinni þegar hann naut blessunar Guðs í Job 29:2-4. Trúarlíf Ísraelsmanna byggist því óhjákvæmilega mikið á blessun Guðs.<sup>175</sup>

---

<sup>172</sup> Budd 1984, *Numbers*, bls. 76-77.

<sup>173</sup> Jacob 1958, *Theology of the Old Testament*, bls. 248.

<sup>174</sup> Jacob 1958, *Theology of the Old Testament*, bls. 77-79.

<sup>175</sup> Childs 1985, *Old Testament Theology in a Cononical Context*, bls. 167-168.

### III hluti - Blessunin og messan

Messan eins og við þekkjum hana nú á 21. öldinni var lengi í mótun. Í Nýja testamentinu, t.d. Postulasöggunni og 1. Korintubréfi, er að finna fyrstu vitnisburðina um hana sem snerust að nær öllu leyti að útdeilingu brauðs og víns eins og Jesús boðar. Sú athöfn fékk fljótlega heitið Eukaristía eða Þakkargjörð. Á fyrstu árum og öldum kristinnar trúar komu kristnir menn saman í heimahúsum til að minnast seinustu kvöldmáltíðarinnar og neyta brauðs og víns. Gjarnan var talað um brauðið sem er brotið og bikar blessunarinnar rétt eins og í 1Kor 10:16. Fljótlega fóru menn að koma saman til þessa á Drottins degi, þ.e. sunnudegi.<sup>176</sup>

Umfang og liðir Þjónustu orðsins og Evkaristíunnar eru orðnir nokkuð fastmótaðir á miðri 2. öld eins og sést í fyrri trúvörn Justiniusar píslarvotts, sem talin er rituð á árunum 155-157 e.Kr.. Líklegt þykir þó að þessi samruni hafi orðið nokkuð fyrr og jafnvel í kringum 40. e.Kr..<sup>177</sup> Blessunin var viðloðandi helgihald frumkirkjunnar frá upphafi og þá gjarnan í tengslum við þakkargjörðina eins og víða í Biblíunni. Brauð og vín voru ennfremur blessuð með handayfirlagningu af biskup og presbyterum.<sup>178</sup>

Arngrímur Jónsson<sup>179</sup> telur að blessunin hafi verið síðasti liður helgihalds kristinna manna í kringum evkaristíuna á 3. öld á tímum Kyrillosar biskups í Jerúsalem þrátt fyrir að Kyrillos nefni hana ekki í trúfræðsluerindum sínum. Sérstök messuföt koma einnig til sögunnar á þessum tíma.<sup>180</sup> Ágústínus kirkjufaðir greinir frá því að forstöðumaður helgihaldsins, prestur eða biskup, hafi farið með blessun fyrir bergingu þar sem hann lyfti höndum yfir söfnuðinn. Orðalagið er þó óljóst og var sennilega breytilegt. Slík blessun á uppruna sinn í Austurkirkjunni en var ekki iðkuð með þessum hætti í Róm. Helgihaldinu lauk með þakkarbæn.<sup>181</sup>

Latínumessan í Róm varð fastmótuð í fyrsta lagi á 8-9. öld, ennfremur að orð Krists við síðustu kvöldmáltíðina séu hin eiginlegu helgunarorð brauðs og víns.<sup>182</sup> Hún mótast á endanum til hinnar rómversku messu sem verður enn síðar að þeirri messu sem haldin er á sunnudögum enn þann dag í dag.

Í gallversku messunni heilsaði biskupinn eða presturinn söfnuðinum í upphafi messu með orðunum: „Drottinn sé ávallt með yður“.<sup>183</sup> Söfnuðurinn svaraði: „Og með þínum

---

<sup>176</sup> Um Evkaristíuna: Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 13-24.

<sup>177</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 33.

<sup>178</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 55.

<sup>179</sup> Sr. Arngrímur lést 25. febrúar síðastliðinn, tæplega 91 árs að aldri.

<sup>180</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 93.

<sup>181</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 123-124.

<sup>182</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 126 og 128.

<sup>183</sup> Lat.: *Dominus sit semper vobiscum.*

anda".<sup>184</sup> Þessi liður nefndist blessun en þó er ekki víst að þetta hafi verið blessun eins og þekktist nú á dögum.<sup>185</sup> Síðar í gallversku messunni er söfnuðurinn blessaður á undan bergingu með orðunum: „Friður, trú, kærleiki og samfélag líkama og blóðs Drottins sé ávallt með yður".<sup>186</sup> Er þetta jafnframt í fyrsta sinn er greint frá með nákvæmum hætti hvaða orð voru notuð í messunni undir blessun. Blessunin, eins og margt annað í gallversku messunni voru þó breytileg eftir dögum og hátíðum ársins.<sup>187</sup> Í *Ordo Romanus Primus* er greint frá því að messan endaði á því að djákni tónaði orðin: „Farið messunni er lokið".<sup>188</sup> Allir svöruðu: „Guði séu þakkir".<sup>189</sup> Að því loknu gekk kennilyður til skrudhúss.<sup>190</sup>

Á kirkjuþinginu í Trident (1545-1563) var sett á laggirnar nefnd sem átti að athuga ýmsa ósiði í helgihaldi rómversku kirkjunnar, sér í lagi messunni. Nefndin skilaði sinni vinnu árið 1562 og var í kjölfarið samþykkt að vald til að breyta messubókinni skyldi fært páfa. Pius V., páfi skipaði svo fyrir árið 1570 að ný messubók skyldi höfð í rómversku kirkjunni, hvar sem hún væri, til að styrkja einingu hennar. Messubók þessi hét *Missale Romanum ex decreto ss. Concilii Tridentini restitutum, Pii V. Pont. Max. iussu editum*. Í henni var latínan fest í sessi sem tungumál messunar, sama hátterni var haft alls staðar og alls staðar var beðið sömu bæna.<sup>191</sup> Messa þessi fékk heitið Tridentmessa og var við lýði í rómversku kirkjunni allt til síðara Vatíkanþingsins (1962-1965). Í þessari messubók var jafnframt ákveðið að upphaf Jóhannesarguðspjalls skyldi notað sem blessun undir lok messunnar en blessunin var gjarnan tengd þeim texta frá öndverðu í helgihaldi kirkjunnar við ýmis tækifæri.<sup>192</sup> Síðar var sá liður fjarlægður.

Í Tridentmessunni var blessunin líkt og nú í messulok eftir bergingu. Áður var beðið þakkarbænar sem var þá lokaliður hennar. Slitrótt þótti lok messunnar með þessum hætti og því var blessunin sett aftast til að ljúka messunni. Áður var blessunin þó að öllum líkindum með einum eða öðrum hætti viðloðandi helgihald rómversku-kirkjunnar fyrir Trident-þingið og mögulega með föstu orðavali sem hefur þó verið mismunandi milli staða. Arngrímur telur ennfremur að blessunin undir lok messunnar eigi uppruna að rekja allt til 3. aldar.

---

<sup>184</sup> Lat.: *Et cum spiritu tuo*.

<sup>185</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Litúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 149.

<sup>186</sup> Lat.: *Pas, fides, caritas et communicatio corporis et sanguinis Domini sit semper vobiscum*.

<sup>187</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Litúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 153-154.

<sup>188</sup> Lat.: *Ite missa est*.

<sup>189</sup> Lat.: *Deo gratias*.

<sup>190</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Litúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 171.

<sup>191</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Litúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 209-210.

<sup>192</sup> Arngrímur Jónsson 2007, *Litúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, bls. 211.



Blessunarorðin í Tridentmessunni eru þessi: „Blessi yður almáttugur Guð, + Faðir og Sonur og Heilagur andi”.<sup>193</sup> Þessi orð haldast í rómversku-kirkjunni enn þann dag í dag.

### Helgisiðatillögur Lúthers

Í tillögum sínum að breytingu messunnar í *Formula Missae et Communionis* frá árinu 1523 leggur Lúther til að undir messulok séu orðin „Farið, messunni er lokið” felld brott. Í staðinn komi blessun, annað hvort hin hefðbundnu blessunarorð Tridentmessunnar eða blessunarorðin úr 4Mós 6:24-27 þar sem Guð hafði lagt hana sjálfur fyrir kirkju sína. Hann telur jafnframt að Kristur hafi notað þau þegar hann blessaði lærisveina sína og steig upp til himins. Lúther leggur jafnvel til blessunarorðin úr Slm 67:7: „Guð, vor Guð, blessi oss og öll endimörk jarðar óttist hann”.<sup>194</sup> Í riti sem kom út þremur árum síðar, *Deutsche Messe und Ordnung Gottesdienst*, hefur Lúther endurskoðað fyrri tillögur sínar og leggur þar einungis til hina aronítísku blessun til að nota í messulok.<sup>195</sup> Rökin sem þar liggja á bakvið eru að öllum líkindum hin sömu og áður og ennfremur vildi hann tengja helgihaldið meira Biblíunni.

### Blessunarorðin í íslenskum handbókum presta

Fyrsta íslenska handbókin eftir siðbót var handbók kennd við Marteín Einarson og kom út árið 1555. Hún var prentuð í Kaupmannahöfn. Þar er að finna form fyrir vitjun sjúkra, hjónavígslu, skírn, jarðarför, kirkjuleiðslu kvenna og messuna ásamt pistlum kollektum o.fl. Marteinn þýddi bókina sjálfur úr dönsku undir handleiðslu P. Palladiusar sem ritaði formála.<sup>196</sup> Blessunin er þar á kunnuglegum stað, eftir þakkarbæn eftir bergingu. Þar er greint frá því að presturinn skuli snúa sér að söfnuðinum og segja: „Drotten sie med ydur”. Kór svarar: „Ok med þinum anda”. Prestur skal strax blessa söfnuðinn með orðum hinnar aronítísku blessunar:

Drotten Gud vor blezi þig ok vard veite þig/ ok tiae ier sitt andlite/ ok sie þier  
myskunnsamur han snue sinu millda auglite til þin ok geffe þier þann æuenliga  
Frid. J naffni Faudur/ ok Sonar/ ok anda heilags (Kor) Amen.

Í handbók Marteíns er signingu bætt við að blessun lokinni. Blessunarorðin fylgja þó ekki texta ordinasíunnar:

---

<sup>193</sup> Lat.: *Benedicat vos omnipotens Deus + Pater et Filius et Spiritus Sanctus.*

<sup>194</sup> Luther 1978, „Háttur messu og bergingar”, *Kirkjuritið*, 44. árg., 2. tbl., bls. 153-154.

<sup>195</sup> Luther 1976, „Þýzk messa og skipan guðsþjónustu 1526”, *Kirkjuritið*, 42. árg., 4. tbl., bls. 312.

<sup>196</sup> Arngrímur Jónsson 1992, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 23.

Blezi drottinn þig og vardueitj þig. late drottenn sina asionu lysa yfer þig og miskunne þier. Drottenn hann snue sinu auglite til þin og gefi þier frid.

Arngrímur leiðir rök að því að þetta orðalag blessunarorðanna sé komið úr messu A. Döbers í útgáfu J. Slüters í sálmabók hans frá 1531. Messunni lýkur ennfremur með fararblessun þar sem danska sálmabókin frá 1553 hefur verið fyrirmynd.<sup>197</sup>

Í handritabrotinu NKS 138 er blessun höfð á sama stað, þ.e. eftir berginu. Blessunarorðin sjálf er ekki að finna í handritinu en vísað er til 4Mós 6.<sup>198</sup>

*Graduale*<sup>199</sup> kom út árið 1594 og kom á skipulögðu helgihaldi í siðbótarkirkjunni á Íslandi. Þar var safnað saman efni úr handbók Marteins Einarssonar og NKS 138. Oddur Einarsson, biskup í Skálholti, ritar formála en þar er greint frá tilgangi messunnar sem er að boða dauða Drottins. Messan veitir hreiddum manneskjum huggun.<sup>200</sup> Um blessunina segir líkt og áður að prestur heilsar söfnuðinum áður en hann blessar með orðunum: „Drottinn sie með ydur“. Því næst koma blessunarorðin:

Blezi Drottinn þig og vardveiti þig/ Lat Drottinn sijna asionu lysa yfer þig og sie þier Miskunsamur/ Drottinn snue sijnu Augliti til þijn/ og giefi þier frid.<sup>201</sup>

Hér er kannski vert að bæta við að blessunarorðin var ekki einungis að finna í handbókum presta heldur einnig í trúarlífi fólks. Bæna- og verslestur almennings fyrir á öldum samanstóð af bænum, versum úr Passíusálmunum, Hugvekjusálmunum o.fl. Gjarnan enduðu þeir á faðirvor-inu og blessunarorðunum.<sup>202</sup> Mögulega hefur þeim verið breytt úr fleirtölu yfir í eintölu þegar fólk fluttu þau með sjálfu sér en fleirtalan haldist undir öðrum kringumstæðum.

---

<sup>197</sup> Arngrímur Jónsson 1992, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 53-54.

<sup>198</sup> Arngrímur Jónsson 1992, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 158.

<sup>199</sup> Handbókin *Graduale* er gjarnan kölluð á íslensku *Grallarinn*.

<sup>200</sup> Arngrímur Jónsson 1992, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 193.

<sup>201</sup> Arngrímur Jónsson 1992, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 225.

<sup>202</sup> Jónas Jónasson 1934, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 366.

## Handbók 1981 og framkvæmd

Kaflinn um blessunina lítur svo út í *Handbók íslensku kirkjunnar* frá 1981:

### 23. Blessun (Benedictio)

*Söfnuður standi*

Presturinn (snýr sér frá altarinu og mælir eða tónar):  
Þökkum Drottni og vegsömum hann.

*Svar:*

Drottni sé vegsemd og þakkargjörð

*Presturinn* (með upplyftum höndum):

Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur. Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.

*Svar:*

Amen.

Í lok blessunarorðanna gjöri presturinn krossmark með hægri hendi. Hann getur þá um leið mælt orðunum:

Í nafni Guðs + föður og sonar og heilags anda.

Á eftir blessuninni kemur sálmur. Þar næst útgöngubæn þar sem hún er við lýði og að lokum klukknahtingur. Hin drottinlega blessun er einnig höfð í öðrum athöfnum í handbókinni frá 1981. Hún er notuð í skírnarguðsþjónustu, þjónustu í heimahúsum, hjónavígslu, kistulaggingu og útför, prédikunarguðsþjónustu og djákna-, prests- og biskupsvígslu.

Allur gangur er á því meðal presta hér á landi hvort þeir tóni blessunarorðin eður ei. Mætti segja að þeir prestar sem tóna í öðrum liðum messunnar tóni blessunarorðin næstum undantekningarlaust í messunni en þau eru ekki tónuð í öðrum guðsþjónustum. Á Íslandi er Gregors-tónið útbreiddara heldur en tónið sem kennt er við Sigfús Einarsson og eru blessunarorðin því oftast tónuð með þeim hætti. Vegna þessa eru blessunarorðin með einfaldari laglínu sem hefur vissan grunntón, F, sem telur 85% af heildinni. Því er í sjálfu sér ekki erfitt að læra blessunarorðin skv. Gregors-tóninu. Annað gildir þó um tónlag Sigfúsar Einarssonar og ennfremur hátíðartónlag sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Einar Sigurbjörnsson leggur til í bók sinni *Embættisgjörð* að fólk signi sig um leið og presturinn að blessunarorðunum loknum. Jafnframt skuli prestur hvetja hann til þess.<sup>203</sup> Arngrímur bendir á að prestur skuli halda höndum lengra frá síðum heldur en við bænir en ekki mikið ofar. Sér í lagi skuli hann gæta að þumalfingri sem ekki skuli standa út í loftið. Prestur

<sup>203</sup> Einar Sigurbjörnsson 1996, *Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*, bls. 205.

leggi lófa saman við orðin „og gefi þér frið" og signir með hægri hendi með vinstri hönd á brjósti. Hann ræður hvort hann segi orðin „Í nafni Guðs, + föður og sonar og heilags anda" en bendir þó á að gert sé krossmark án orða í lok hinnar aronítísku blessunar.<sup>204</sup>

Í öðru bindi *Leiturgia* fjallar Kurt Frör um blessunina. Hann leggur til að presturinn leggi áherslu á táknræna framkvæmd hennar með aðstoða handahreyfinganna. Mikilvægt sé ennfremur að hún sé ekki flutt eins og einhver fastur texti eða formúla. Presturinn verður að flytja hana frá hjartanu, á nokkurs konar andlegan máta, sem snertir sérstaklega við söfnuðinum. Fólkið finnur enn betur fyrir virkni blessunarinnar í lífi sínu, sér til sálusorgar og enn dýpri skilningi á hlutverki blessunarinnar og merkingu hennar. Kjarni blessunarinnar er nefnilega sá að hún virkar einstaklingsbundin á sérhvern einstakling. Hún virkar sjálfrar sín vegna en ekki prestsins. Guð kemur henni til leiðar.<sup>205</sup>

---

<sup>204</sup> Arngrímur Jónsson 1995, *Hátterni í kirkjusiðum*, bls. 112.

<sup>205</sup> Frör 1955, „Salutationen, Benediktionen, Amen", *Leiturgia*, 2. bindi, bls. 591-592.

## IV hluti - Samantekt

Í fyrsta hluta þessa verks var farið ítarlega yfir blessunarhugtakið í Biblíunni, בָּרַךְ í Gamla testamentinu og εὐλογία í Nýja testamentinu í þeim ritum sem þau komu fyrir. Þrátt fyrir að hugtakið hafi tiltölulega víðfeðma merkingu (blessun, þakkargjörð, lofgjörð, gjöf, heilsa og kveðja, semja frið, að lasta o.s.frv.) er það í hartnær öllum tilfellum notað í jákvæðri merkingu. Augljóst er því samkvæmt Biblíunni að gott er að vera blessaður og jafnvel á maður að sækjast eftir því að vera blessaður.

Í Gamla testamentinu er blessunin sérstaklega tengd Abraham og blessun hans og lofordum og fyrirheitum Guðs. Einnig er hún tengd öðrum sögum og frásögum eins og sköpuninni, blekkingu Jakobs, Jakobsglímunnar, sögunni um Balak og Bileam og ýmsum frásögnum tengdum konungunum Jósúa, Davíð og Samson. Vissulega er blessunin notuð í hversdagslegum gjörðum eins og að heilsast og kveðjast rétt eins og í nútímanum. Hún er þó alltaf jákvæð og frá Guði komin. Allt sem frá Guði kemur hlýtur að vera gott fyrir þjóð sína, hvort sem það er blessun eða eitthvað annað. Því er það maklegt og réttvíst, skyldugt og mjög hjálpsamlegt, að keppast eftir því að vera blessaður af Guði og öðlast blessun hans. Þannig er maður greinilega í náð hjá honum og nýtur því sjálfkrafa virðingar. Í Nýja testamentinu virðist blessunin ekki gegna jafn sérstöku hlutverki og í Gamla testamentinu þrátt fyrir að það sé nánast alltaf notað í jákvæðu samhengi. Blessunin er sér í lagi nátengd Jesú í guðspjöllunum fjórum en einnig í öðrum ritum þess.

Í öðrum hluta var hin aronítíska blessun rannsökuð sérstaklega, rýnt í frumtextann sem og texta nokkurra biblíuþýðinga, erlendra og innlendra. Boðskapur þeirra úr frummálinu kemst í sjálfu sér til skila í þeim biblíuþýðingum sem voru skoðaðar. Þau henta því þrýðilega til að nota sem blessunarorð í helgihaldi mótmælenda og annarra kirkjudeilda. Augljóst er skv. formála þeirra að það var (og er) hlutverk prestanna að blessa söfnuðinn. Þeir voru, ef svo mætti taka til orða, tengdari Guði og því rétt að þeir miðli blessun Guðs til safnaðarins. Það er ennfremur Guð sem kemur henni til leiðar í gegnum prestinn, enda nefndur í öllum blessunarversunum þremur.

Boðskapur hinnar aronítísku blessunar er sá að Guð heldur verndarhendi yfir söfnuði sínum. Að Guð blessar felur í sér varðveislu og vernd Guðs. Að Guð láti ásjónu sína lýsa yfir einhvern felur í sér að hann sé honum náðugur og miskunnsamur, sem eru jafnframt þrýðileg lýsingarorð yfir Guð. Þó er það svo að tilgang blessunarorðanna sé hvað helst að finna í lokaorðum hennar: „...og gefi þér frið“. Hjá Guði er frið að finna fyrir þá sem ákalla nafn hans

og tilbiðja. Sá sem tilbiður Guð er að sama skapi virtur viðlits af honum og gefinn styrkur og friður til að takast á við sérhverja þraut sem honum ber að höndum.

Þriðji hluti var tileinkaður messunni og helgisiðafræðum eða liturgíu með hina drottinlegu blessun sem útgangspunkt. Lúther vildi nota það orðalag þar sem hann taldi að Kristur hafi notað þau orð þegar hann blessaði lærisveina sína á sama tíma og hann steig upp til himins. Ennfremur vildi hann færa Biblíuna nær helgihaldinu og byggja það meira á henni.

Óljóst er þó hvenær hin aronítíska blessun var fyrst sett á laggirnar sem formleg blessun í helgihaldi kristinna manna en blessunin sjálf var gjarnan höfð undir lok Evkaristíunnar. Svo virðist vera að Lúther sé hinn fyrsti sem komi því á laggirnar. Það breiddist fljótt út hér á landi eins og sést í handbókum íslenskra presta eftir siðbót þar sem blessunarorðin eru að finna í þeim þremur sem teknar voru til skoðunar.

Ljóst er þó hvernig skuli framkvæma blessunina; með upplyftum höndum, ögn lengra frá síðum en við bænir, þumalfingur skulu ekki standa út í loftið og skal signa með hægri hendi með þá vinstri á brjósti. Söfnuðinn skal ennfremur hvetja til að signa sig að loknum blessunarorðunum. Þó sé mikilvægast, eins og í öllu helgihaldi af sérhverjum toga, að flytja blessunina með einlægni og biðja hennar frá hjartanu. Þannig verður helgihald „helgi“hald, þannig myndast betra samband milli Guðs og manns og þannig kemst blessunin örugglega til leiðar. Guð mun sjá fyrir því.

## Lokaorð

A: „Hvað er að vera blessaður? Hvað felur blessun í sér að þínu mati?“

B: (eftir nokkra umhugsun) „Að finna óumflýjanlega fyrir nærveru Guðs og að vera laus undan áhyggjum og þjáningum heimsins“.

Þetta stutta brot úr samtali höfundar þessa verks og kunningja hans segir meira en þúsund orð. Blessun er í eðli sínu jákvæð, sama hvaða trúarbrögð um ræðir. Hún er ákjósanleg, jafnvel í þeim kringumstæðum sem trú eða trúarbrögð koma hvergi nærri. Blessun er fullvissa um eitthvað jákvætt eða gott sem augljóslega hefur komið fyrir mann sjálfan eða aðra.

Hæglega er mögulegt að yfirfæra þessa hugsun á messuna, sem einmitt endar með blessun sem tjáir hverjum og einum að Guð sé með honum/henni í för að lokinni messu. Að ganga út úr kirkjuskípinu endurnærður á sálu eftir orð Guðs, prédikun, altarisgöngu og blessun, taka í hönd prestsins, fá sér mögulega einn eða tvo kaffibolla og með því í safnaðarheimilinu og spjalla við aðra kirkjugesti og yfirgefa síðan kirkjuhúsið blessaður og sannfærður um frið, náð og nærveru Guðs til að takast á við daglegt líf í of áhyggju- og þjáningafullum heimi.

Það er blessun.

## Heimildaskrá

### Útgefnar heimildir

- Aland, K., *Vollständige Konkordanz zum griechischen Neuen Testament*, 1. bindi, 1. hluti A-Λ, Berlin: Walter de Gruyter, 1983.
- Aland, K., *Vollständige Konkordanz zum griechischen Neuen Testament*, 2. bindi, Berlin: Walter de Gruyter, 1978.
- Allen, Leslie C., *Ezekiel 1-19*, Word Biblical Commentary, 28. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Dallas: Word Books, 1994.
- Allen, Leslie C., *Ezekiel 20-48*, Word Biblical Commentary, 29. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Dallas: Word Books, 1990.
- Anderson, A. A., *2 Samuel*, Word Biblical Commentary, 11. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Dallas: Word Books, 1989.
- Anderson, A. A., *Psalms 1-72*, The New Century Bible Commentary, Grand Rapids: WM. B. Eerdmans Publishing Company, 1983.
- Anderson, A. A., *Psalms 73-150*, The New Century Bible Commentary, Grand Rapids: WM. B. Eerdmans Publishing Company, 1983.
- Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1992.
- Arngrímur Jónsson, *Hátterni í kirkjusiðum*, Reykjavík: Bjartur, 1995.
- Arngrímur Jónsson, *Lítúrgía: Þættir úr sögu messunnar*, Reykjavík: Bjartur, 2007.
- Biblían, Reykjavík, 1912.
- Biblían, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.
- Braun, Roddy, *1 Chronicles*, Word Biblical Commentary, 14. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1986.



- Brueggemann, Walter, *First and Second Samuel*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 1990.
- Brueggemann, Walter, *Genesis*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Atlanta: John Knox Press, 1982.
- Budd, Philip J., *Numbers*, Word Biblical Commentary, 5. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1984.
- Butler, Trent C., *Joshua*, Word Biblical Commentary, 7. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1983.
- Byrne, Brendan, *Romans*, Sacra Pagina, 6. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1996.
- Campbell, Edward F., *Ruth*, The Anchor Bible, New York: Doubleday, 1975.
- Childs, Brevard S., *Old Testament Theology in a Canonical Context*, Philadelphia: Fortress Press, 1985.
- Christensen, Duane L., *Deuteronomy 1:1-21:9*, Word Biblical Commentary, 6a. bindi, ritstj. Bruce M. Metzger, David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Nashville: Thomas Nelson Publishers, 2001.
- Christensen, Duane L., *Deuteronomy 21:10-34:12*, Word Biblical Commentary, 6b. bindi, ritstj. Bruce M. Metzger, David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Nashville: Thomas Nelson Publishers, 2002.
- Clarence E. Glad, *Átökin um textann: Nýja testamentið og upphaf kristni*, Reykjavík: Grettisakademían, Háskólaútgáfan, 2004.
- Collins, Raymond F., *First Corinthians*, Sacra Pagina, 7. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1999.
- Davies, J. H., *A Letter to Hebrews*, The Cambridge Bible Commentary, London: Cambridge University Press, 1967.

De Vries, Simon J., *1 Kings*, Word Biblical Commentary, 12. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1985.

Dillard, Raymond B., *2 Chronicles*, Word Biblical Commentary, 15. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1987.

Donahue, John R. og Harrington, Daniel J., *The Gospel of Mark*, Sacra Pagina, 2. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 2002.

Durham, John I., *Exodus*, Word Biblical Commentary, 3. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1987.

Dönsk Biblía, *Bibelen*, København, 1992.

Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1996.

Ensk Biblía, *The Holy Bible - New Revised Standard Version*, New York: Oxford University Press, 1989.

Fretheim, Terence E., *Exodus*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 1991.

Frör, Kurt, „Salutationen, Benediktionen, Amen“, *Leiturgia: Handbuch des evangelischen Gottesdienstes*, 2. bindi, Kassel: Johannes Stauda-Verlag, 1955.

Gerleman, Gillis, *Ruth, Das Hohelied*, Biblischer Kommentar: Altes Testament, ritstj. Martin Noth og Hans Walter Wolff, Neukirchen-Vluyn: Neukirchener Verlag des Erziehungsvereins, 1965.

Gibson, John C. L., *Job*, The Daily study Bible, Edinburgh: Saint Andrew Press, 1985.

Guðbrandsbiblía, 1584.

*Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju samkvæmt ákvörðun Prestastefnu og Kirkjuþings 1980, 1981.

Harrington, Daniel J. og Senior, Donald P., *1 Peter, Jude and 2 Peter*, Sacra Pagina, 15. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 2003.

- Harrington, Daniel J., *The Gospel of Matthew*, Sacra Pagina, 1. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1991.
- Hartin, Patrick J., *James*, Sacra Pagina, 14. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 2003.
- Hartley, John E., *Leviticus*, Word Biblical Commentary, 4. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Dallas: Word Books, 1992.
- Hobbs, T. R., *2 Kings*, Word Biblical Commentary, 13. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1985.
- Interpreting the Psalms: Issues and Approaches*, ritstj. Philip S. Johnston og David G. Firth, Leicester: Appollos, 2005.
- Jacob, Edmond, *Theology of the Old Testament*, London: Hodder & Stoughton, 1958.
- Johnson, Luke Timothy, *The Acts of the Apostles*, Sacra Pagina, 5. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1992.
- Johnson, Luke Timothy, *The Gospel of Luke*, Sacra Pagina, 3. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1991.
- Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F., 1934.
- Klein, Ralph W., *1 Samuel*, Word Biblical Commentary, 10. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1983.
- Kraus, Hans-Joachim, *Psalms 1-59: A Continental Commentary*, þýð. Hilton C. Oswald, Minneapolis: Fortress Press, 1993.
- Lambrecht, Jan, *Second Corinthians*, Sacra Pagina, 8. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1999.
- Lisowsky, Gerhard, *Konkordanz zum hebräischen Alten Testament*, Stuttgart: Deutsche Bibelgesellschaft, 1981.
- Luther, Martin, „Háttur messu og bergingar“, þýð. Arngrímur Jónsson, *Kirkjuritið*, 44. árg., 2. tbl., 1978.

- Luther, Martin, „Þýzk messa og skipan guðsþjónustu 1526“, þýð. Kristján Búason, *Kirkjuritið*, 42. árg., 4. tbl., 1976.
- MacDonald, Margaret Y., *Colossians and Ephesians*, Sacra Pagina, 17. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 2000.
- Matera, Frank J., *Galatians*, Sacra Pagina, 9. bindi, ritstj. Daniel J. Harrington, Collegeville: The Liturgical Press, 1992.
- McCann, J. Clinton, *Judges*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 2002.
- Murphy, Roland E., *Proverbs*, Word Biblical Commentary, 22. bindi, ritstj. Bruce M. Metzger, John D. W. Watts og James W. Watts, Nashville: Thomas Nelson Publishers, 1998.
- Myers, Jacob M., *Ezra, Nehemiah*, The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, 1965.
- Nelson, Richard, *First and Second Kings*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 1987.
- Nestle-Aland, *Novum Testamentum Graece*, 27. útg., Stuttgart: Deutsche Bibelgesellschaft, 2006.
- Noth, Martin, *Numbers: A Commentary*, Old Testament Library, London: SCM Press LTD, 1968.
- Olson, Dennis T., *Numbers*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 1996.
- Perdue, Leo G., *Proverbs*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 2000.
- Pope, Marvin H., *Job*, The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, 1985.
- Sálmabók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1997.
- Smith, Ralph L., *Micah-Malachi*, Word Biblical Commentary, 32. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1984.

Steinsbiblía, 1734.

Stuart, Douglas, *Hosea-Jonah*, Word Biblical Commentary, 31. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1987.

Throntveit, Mark A., *Ezra-Nehemiah*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 1992.

Tuell, Steven S., *First and Second Chronicles*, Interpretation: A Bible Commentary for Teaching and Preaching, ritstj. James L. Mays og Patrick D. Miller, Louisville: John Knox Press, 2001.

Watts, John D. W., *Isaiah 34-66*, Word Biblical Commentary, 25. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1987.

Weingreen, Jacob, *A Practical Grammar for Classical Hebrew*, New York: Oxford University Press, 1959.

Wenham, Gordon J., *Genesis 1-15*, Word Biblical Commentary, 1. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1987.

Wenham, Gordon J., *Genesis 16-50*, Word Biblical Commentary, 2. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Dallas: Word Books, 1994.

Westermann, Claus, *Blessing: In the Bible and the Life of the Church*, þýð. Keith Crim, Philadelphia: Fortress Press, 1978.

Westermann, Claus, *Genesis*, Edinburgh: T. & T. Clark, 1988.

Westermann, Claus, *Isaiah 40-66: A Commentary*, Old Testament Library, London: SCM Press LTD, 1969.

Williamson, H. G. M., *Ezra, Nehemiah*, Word Biblical Commentary, 16. bindi, ritstj. David A. Hubbard, Glenn W. Barker og John D. W. Watts, Waco: Word Books, 1985.

Þýsk Biblía, *Die Bibel - Einheitsübersetzung*, Stuttgart: Katholische Bibelanstalt, 1980.

## Heimildir af vefnum

Biblía Lúthers, „4. Mose - Kapitel 6", *tekið af vef Bibel-Online*: <[http://www.bibel-online.net/buch/luther\\_1912/4\\_mose/6/#1](http://www.bibel-online.net/buch/luther_1912/4_mose/6/#1)> [Sótt 25. apríl 2014].

„Ensk-íslenska orðabókin", leitarorð: „countenance", *tekið af vef Snöru*: <<http://snara.is/8/>> [Sótt 26. apríl 2014].

Forritið „E-Sword, the Sword of the LORD with an Electronic Edge", *fengið af heimasíðu E-Sword*: <<http://www.e-sword.net/>>, höfundarréttur: Rick Meyers.

## Viðauki I - Tilvik blessunarinnar í Biblíunni

Hér eru talin þau vers í Biblíunni sem blessunin kemur fyrir, bæði בָּרַךְ og εὐλογία, en hana er að finna allt að fjórum sinnum í hverju versi. Hér er ekki flokkað eftir málfræðilegum formum hennar heldur einungis þeim tilvikum sem hún kemur fyrir. \*-merkt vers er ekki að finna í íslensku Biblíunni en eru þó mögulega í boði sem aðrir leshættir eins og Esk 3:12.

### Gamla testamentið

<b><u>1Mós</u></b>	27:27 (2x)	<b><u>2Mós</u></b>	10:8	33:20
	27:29 (2x)		11:26	33:23
1:22	27:30	12:32	11:27	33:24
1:28	27:31	18:10	11:29	
2:3	27:33 (2x)	20:11	12:7	<b><u>Jós</u></b>
5:2	27:34	20:24	12:15	
9:1	27:35	23:25	14:24	8:33
9:26	27:36 (2x)	32:29	14:29	8:34
12:2 (2x)	27:38 (2x)	39:43	15:4 (2x)	14:13
12:3 (3x)	27:41 (2x)		15:6	15:19
14:19 (2x)	28:1	<b><u>3Mós</u></b>	15:10	17:14
14:20	28:3		15:14	22:6
17:15	28:4	9:22	15:18	22:7
17:16	28:6 (2x)	9:23	16:10	22:33
17:20	28:14	25:21	16:15	24:10 (2x)
18:18	30:27		16:17	
22:17 (2x)	30:30	<b><u>4Mós</u></b>	21:5	<b><u>Dóm</u></b>
22:18	31:55		23:5	
24:1	32:26	6:23	23:20	1:15
24:27	32:29	6:24	24:13	5:2
24:31	33:11	6:27	24:19	5:9
24:35	35:9	22:6 (2x)	26:15	5:24 (2x)
24:48	39:5 (2x)	22:12	27:12	13:24
24:60	47:7	23:11 (2x)	28:2	17:2
25:11	47:10	23:20 (2x)	28:3 (2x)	
26:3	48:3	23:25 (2x)	28:4	<b><u>Rut</u></b>
26:4	48:9	24:1	28:5	
26:12	48:15	24:9 (2x)	28:6 (2x)	2:4
26:24	48:16	24:10 (2x)	28:8 (2x)	2:19
26:29	48:20 (2x)		28:12	2:20
27:4	49:25 (4x)	<b><u>5Mós</u></b>	29:18	3:10
27:7	49:26 (2x)		30:1	4:14
27:10	49:28 (3x)	1:11	30:16	
27:12		2:7	30:19	
27:19		7:13 (2x)	33:1 (2x)	
27:23		7:14	33:11	
27:25		8:10	33:13	

<b><u>1Sam</u></b>	<b><u>2Kon</u></b>	2:5	103:22 (2x)	30:11
2:20	4:29 (2x)	2:9	104:1	
9:13	5:15	29:13	104:35	<b><u>Jes</u></b>
13:10	10:15	31:20	106:48	19:24
15:13	18:31	24:12	107:38	19:25 (2x)
23:21			109:17	36:16
25:14	<b><u>1Kro</u></b>	<b><u>Slm</u></b>	109:28	44:3
25:27		3:9	112:2	51:2
25:32	4:10 (2x)	5:13	113:2	61:9
25:33 (2x)	13:14	10:3	115:12 (3x)	65:8
25:39	16:2	16:7	115:13	65:16 (2x)
26:25	16:36	18:47	115:15	65:23
30:26	16:43	21:4	115:18	66:3
	17:27 (3x)	21:7	118:26 (2x)	
<b><u>2Sam</u></b>	18:10	24:5	119:12	<b><u>Jer</u></b>
2:5	23:13	26:12	124:6	
6:11	26:5	28:6	128:4	4:2
6:12	29:10 (2x)	28:9	128:5	17:7
6:18	29:20 (2x)	29:11	129:8 (2x)	20:14
6:20		31:22	132:15 (2x)	31:23
7:29 (3x)	<b><u>2Kro</u></b>	34:2	133:3	
8:10	2:11	37:22	134:1	<b><u>Esk</u></b>
13:25	6:3	37:26	134:2	
14:22	6:4	41:14	134:3	3:12*
18:28	9:8	45:3	135:19 (2x)	34:26 (2x)
19:40	20:26 (3x)	49:19	135:20 (2x)	44:30
21:3	30:27	62:5	135:21	
22:47	31:8	63:5	144:1	<b><u>Jl</u></b>
	31:10	65:11	145:1	
<b><u>1Kon</u></b>		66:8	145:2	2:14
1:47	<b><u>Esr</u></b>	66:20	145:10	
1:48	7:27	67:2	145:21	<b><u>Hag</u></b>
2:45		67:7 (2x)	147:13	
5:21	<b><u>Neh</u></b>	68:20	<b><u>Okv</u></b>	2:19
8:14		68:27		
8:15	8:6	68:36	3:33	<b><u>Sak</u></b>
8:55	9:5 (3x)	72:15	5:18	8:13
8:56	11:2	72:17	10:6	11:5
8:66	13:2	72:18	10:7	
10:9		72:19	10:22	
21:10	<b><u>Job</u></b>	84:7	11:11	<b><u>Mal</u></b>
21:13		89:53	11:25	
	1:5	96:2	11:26	2:2
	1:10	100:4	20:21	3:10
	1:11	103:1	22:9	
	1:21	103:2	24:25	
		103:20	27:14	
		103:21	28:20	



## Nýja testamentið

### Matt

5:44  
14:19  
21:9  
23:39  
25:34  
26:26

### Mrk

6:41  
8:7  
10:16  
11:9  
11:10  
14:22  
14:61

### Lúk

1:28\*  
1:42 (2x)  
1:64  
1:68  
2:28  
2:34  
6:28  
9:16  
13:35  
19:38  
24:30  
24:50  
24:51  
24:53

### Jóh

12:13

### Post

3:25  
3:26

### Róm

1:25  
9:5  
12:14 (2x)  
15:29  
16:18

### 1Kor

4:12  
10:16 (2x)  
14:16

### 2Kor

1:3  
9:5 (2x)  
9:6 (2x)  
11:31

### Gal

3:9  
3:14

### Ef

1:3 (3x)

### Heb

6:7  
6:14 (2x)  
7:1  
7:6  
7:7  
11:20  
11:21  
12:17

### Jak

3:9  
3:10

### 1Pét

1:3  
3:9 (2x)

### Opb

5:12  
5:13  
7:12